

Knattspyrnusamband Íslands



2013

**68. ársþing KSÍ
Skýrsla stjórnar**

Efnisyfirlit

Ávarp formanns.....	2
Stjórn og starfsfólk.....	3
Mótin.....	4
Samningar og félagaskipti.....	11
Dómaramál.....	13
Landsliðsmál.....	15
Evrópuleikir félagsliða.....	25
Mannvirkjamál.....	26
Þjálfarafræðsla, útbreiðsla og hæfileikamótun.....	28
Samfélagsleg verkefni.....	31
Leyfiskerfi.....	32
Annað.....	34
Fjármál.....	37
Ársreikningur.....	41

ÁVARP FORMANNS

Árið 2013 var afar gott knattspyrnuár. Árangur íslenskra liða í alþjóðlegri keppni var betri en nokkru sinni fyrr. Góður árangur leiðir oft af sér fleiri leiki og sú varð raunin. Landsleikir Íslands hafa aldrei verið fleiri á einu ári eða alls 75 leikir og Evrópuleikir félagsliða voru fleiri en nokkru sinni eða 22. Að auki fóru fram 2 leikir í Evrópukeppni félagsliða í Futsal. Árangurinn var í heildina þannig, að réttilega er liðið ár sagt hið besta í íslenskri knattspyrnusögu. Góð uppskera byggir á mörgum þáttum en fyrst og fremst á traustum grunni. Þessi grunnur er fyrst og síðast góð þjálfun og vel skipulagt mótahald. Ytri skilyrði hafa auðvitað sitt að segja og bætt aðstaða á allan hátt hefur aukið gæði þjálfunar og keppni. Vinsældir leiksins og fjármagn skiptir miklu og ekki síður þátttaka sjálfbóðaliða sem halda starfinu gangandi á öllum stigum leiksins.

A landslið karla náði sínum besta árangri frá upphafi með því að komast alla leið í umspil um sæti í lokakeppni HM 2014 í Brasilíu. Í raun má segja að íslenska liðið hafi verið einum hálfleik frá því að komast í lokakeppnina og þar með orðið langfámennasta þjóðin í sögunni til að ná þeim áfanga. Lokaspretturinn í riðlakeppninni var ævintýri líkastur og gríðarleg spennan í riðlinum allt til loka. Frammistaða þessa liðs, sem enn er tiltölulega ungt að árum, í sumum leikjanna var hreint út sagt aðáunarverð og eftir þessum árangri var tekið um allan heim. Athygli knattspyrnuheimsins hefur aldrei áður verið beint að Íslandi í jafn miklum mæli. Að Ísland skuli eiga landslið sem hélt hreinu á móti Króatíu í fyrri leiknum í umspilinu, og kom til Zagreb í seinni leikinn með raunverulegan möguleika á að komast á HM í Brasilíu í farteskinu, er nokkuð sem fæstir höfðu reiknað með. Vonbrigðin voru því auðvitað gríðarleg þegar úrslitin lágu fyrir, en engu að síður geta Íslendingar borið höfuðið hátt og stefnan hefur verið sett á úrslitakeppni EM í Frakklandi 2016. Þar munu í fyrsta skipti 24 þjóðir taka þátt og ljóst að margar þjóðir eygja þar möguleikann á að komast í lokakeppni stórmóts. Ísland er ein af þeim þjóðum og eins og árangurinn í undankeppni HM 2014 sýndi er sá möguleiki raunhæfur.

Líkt og A landslið karla náði A landslið kvenna sínum besta árangri frá upphafi þegar liðið hafnaði í 5.-8. sæti í úrslitakeppni EM sem fram fór í Svíþjóð í júlí. Liðið var reynslunni ríkara eftir þátttöku í úrslitakeppni EM 2009 en leikmannahópurinn var að mestu sá sami. Liðið toppaði á réttum tíma og náði í sín fyrstu stig í úrslitakeppni. Sigurður Ragnar Eyjólfsson ákvað að stíga til hliðar á ágúst eftir 7 ára farsælt starf sem þjálfari liðsins og það sama gerði Guðni Kjartansson aðstoðarþjálfari. Freyr Alexandersson tók við liðinu og framundan er tími þróunar og breytinga, en vitanlega er stefnan sett á úrslitakeppni HM sem fram fer í Kanada 2015 og í fyrsta sinn taka þátt 24 þjóðir í úrslitakeppninni í stað 16 áður.

Frábær árangur yngri landsliða KSÍ setti einnig svip sinn á starfsárið. U19 og U17 liðin komust öll í milliriðla í undankeppni EM og nýtt lið skipað drengjum fæddum 1999 og síðar vann sér inn þátttökurétt á Ólympíuleikum ungmenna, sem fram fara í Kína 2014. U21 landslið karla lék vel og náði góðum árangri í undankeppni EM 2015; vann 4 leiki af 5 og eygir von á umspilssæti komandi haust. Ungir íslenskir leikmenn vekja sem fyrr athygli fyrir góðan árangur og vel er fylgst með þeim á alþjóðlegum vettvangi.

Mótahald KSÍ var í föstum skorðum en landsdeildum í meistaraflokki karla var fjölgað um eina og leikið í fyrsta sinn í 10 liða 3. deild. Breyting var gerð í keppni yngstu iðkenda, en keppni í 6. flokki fór fram í 5 manna liðum í stað 7 manna áður. Það varð til þess að aldrei hafa fleiri lið tekið þátt í mótum KSÍ utanhúss eða alls 996. KR varð Íslandsmeistari í meistaraflokki karla í 26. sinn og setti um leið stigamet. Það sama gerði Stjarnan í meistaraflokki kvenna. Félagið varð Íslandsmeistari og vann alla leiki sína. Fram varð bikarmeistari í meistaraflokki karla eftir 24 ára bið eftir sigur á Stjórnunni og Breiðablik varð bikarmeistari í meistaraflokki kvenna í 10. sinn eftir sigur á Þór/KA. Glæsilegur árangur íslenskra félagsliða í Evrópukeppni setti svip sinn á síðastliðið starfsár. FH var nærri sæti í umspili Meistaradeildarinnar, en fór í umspil Evrópukeildarinnar. Breiðablik féll úr leik eftir vítaspyrnukeppni á Laugardalsvelli þegar í húfi var sæti í umspili Evrópukeildarinnar. ÍBV og KR komust í 2. umferð og alls léku því liðin fjögur 20 Evrópuleiki sem er út af fyrir sig met.

Áfram var haldið að auka hvers kyns fræðslu innan vébanda KSÍ og voru haldnir 26 fræðsluviðburðir, sem er met, auk þess sem þátttakendur á vegum KSÍ tóku þátt í fjölda námskeiða erlendis. Sigurður Ragnar Eyjólfsson, sem stýrt hefur fræðslustarfi KSÍ einkar farsælega í 12 ár, ákvað að skipta um vettvang og einbeita sér að þjálfun félagsliðs. Í stað hans var Arnar Bill Gunnarsson ráðinn fræðslustjóri og er mikils vænst af störfum hans.

Mikill vöxtur einkenndi starfsemi KSÍ á liðnu starfsári og má segja að það sé sama hvert litið er í því sambandi. Þessi vöxtur skapaðist að miklu leyti af góðum árangri á leikvöllum og aldrei fyrr hefur KSÍ staðið fyrir jafnmörgum landsleikjum á einu ári. Þetta setti sitt mark á fjármál KSÍ og kostnaður fór fram úr áætlun, en engu að síður var rekstrarhagnaður af hefðbundinni starfsemi upp á rúmar 44 milljónir króna. Með framlögum og styrkjum til aðildarféлага (um 53 m. kr. í mannvirki og um 85 m. kr. í aðra styrk) og fjármagnsliðum varð niðurstaðan hins vegar tap upp á tæpar 28 milljónir króna. Fjárhagsstaða KSÍ er traust við þessi tímamót.

Stjórn KSÍ þakkar aðildarfélagunum fyrir afar gott knattspyrnustarf á liðnu starfsári. Samstarf við forystumenn félaganna var mikið og gott og ber að þakka þeim þeirra mikilvægu störf. Stjórn KSÍ þakkar einnig öllum þeim sem lagt hafa knattspyrnunni lið á árinu, s.s. dómurum, eftirlitsmönnum, nefndarmönnum, sjálfbóðaliðum, stuðningsmönnum, samstarfsaðilum, fjölmiðlum og starfsmönnum hreyfingarinnar, og síðast en ekki síst öllum þeim fjölda iðkenda sem gera leikinn svo skemmtilegan.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ

STJÓRN KSÍ

67. ársþing KSÍ var haldið á Hilton Nordica Hótel 9. febrúar 2013. Geir Þorsteinsson var endurkjörinn formaður til tveggja ára. Ekkert mótframboð barst og var Geir, sem var fyrst kjörinn formaður árið 2007, því sjálfkjörinn. Engin breyting varð á aðalstjórn KSÍ milli ára þar sem þau Guðrún Inga Sívertsen, Gylfi Þór Orrason, Róbert Agnarsson og Vignir Már Þormóðsson voru öll sjálfkjörin til áframhaldandi setu. Var stjórnin þannig skipuð að loknu ársþingi:

Geir Þorsteinsson	formaður
Gylfi Þór Orrason	varaform.
Guðrún Inga Sívertsen	gjaldkeri
Lúðvík S. Georgsson	ritari
Gísli Gíslason	
Ragnhildur Skúladóttir	
Róbert Agnarsson	
Rúnar Arnarson	
Vignir Már Þormóðsson	

Í varastjórn KSÍ voru sjálfkjörnir Jóhannes Ólafsson, Jóhann Króknæs Torfason og Þórarinn Gunnarsson.

Aðalfulltrúi Austurlands var kjörinn Valdemar Einarsson, Jakob Skúlason fyrir Vesturland, Björn Friðþjófsson fyrir Norðurland og Tómas Þóroddsson fyrir Suðurland. Allir voru þeir sjálfkjörnir.

Stjórn KSÍ hélt 14 bókaða fundi á árinu (milli ársþinga). Fundargerðir stjórnar má sjá á vef KSÍ (www.ksi.is/um-ksi/fundargerdir-stjornar/).

STARFSFÓLK KSÍ

Hilmar Þór Guðmundsson var ráðinn á skrifstofu KSÍ í september og sinnir hann markaðs- og kynningarmálum. Hlutverk Hilmars er m.a. að styðja við markaðsstarf aðildarfélaganna og efla frekar tengsl og samstarf við samstarfsaðila KSÍ. Jafnframt vinnur hann að aukinni upplýsingagjöf um starfsemi KSÍ og aðildarfélaganna og mun koma upplýsingum á framfæri við fjölmiðla og almenning.

Einn starfsmaður, Magnús Stefánsson, var ráðinn til tíma-bundinna verkefna á árinu, þriðja árið í röð, og starfaði hann frá vori. Magnús var ráðinn í mótadeild, til skráningar á leikskýrslum í gagnagrunn KSÍ, en unnið hefur verið að því síðustu ár að skrá leikskýrslur aftur í tímann inn í gagnagrunninn.

Starfsfólk KSÍ 2013:

- Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri
 - Birkir Sveinsson, mótastjóri
 - Dagur Sv. Dagbjartsson, fræðslumál
 - Guðlaugur Gunnarsson, mótamál
 - Gunnar Gylfason, landsliðsmál
 - Hilmar Þór Guðmundsson, markaðsmál
 - Jóhann Kristinnsson, vallarstjóri
 - Klara Bjartmarz, skrifstofustjóri
 - Kristinn V. Jóhannsson, vallarstarfsm.
 - Magnús Már Jónsson, dómastjóri
 - Margrét Elíasdóttir, ritari
 - Ómar Smáráson, leyfis- og markaðsstj.
 - Pálmi Jónsson, fjármálastjóri
 - Ragnheiður Elíasdóttir, ritari
 - Sigurður R. Eyjólfsson, fræðslustjóri
 - Þorvaldur Ingimundarson, mótamál
- Tímabundnar ráðningar:
- Magnús Stefánsson, mótamál

Í desember 2013 var tilkynnt um ráðningu Arnars Bills Gunnarssonar sem fræðslustjóra KSÍ og mun hann því hafa yfirumsjón með þjálfaramenntun á vegum KSÍ. Arnar Bill, sem hóf störf í janúar 2014, tók við af Sigurði Ragnari Eyjólfssyni, sem hefur snúið sér að þjálfun meistara-

flokks karla hjá ÍBV eftir margra ára gott starf hjá KSÍ.

Í janúar 2014 var svo tilkynnt um ráðningu Þorláks Árnasonar sem nýs starfsmanns fræðsludeildar og er ráðning hans tímabundin til eins árs. Þorlákur mun sinna hæfileikamótun ásamt því að vinna að stefnumótun fyrir landsliðin í samráði við fræðslustjóra, hæfileikanefnd, landsliðsnefndir og landsliðsþjálfara. Þorláki er jafnframt ætlað að halda utan um svæðisbundnar úrtaksæfingar, fylgjast með æfingum yngri flokka aðildarfélaganna og vera í góðum tengslum við þjálfara yngri flokka um land allt.

Með árunum hefur verkefnum skrifstofu KSÍ fjölgað verulega og þær kröfur sem gerðar eru til starfsins, frá UEFA og FIFA og ekki síst frá knattspyrnuhreyfingunni sjálfri og aðildarfélögum KSÍ, hafa aukist umtalsvert. Þessi þróun er af hinu góða og styður við þá vinnu sem fram fer skrifstofunni og þau verkefni sem unnið er að hverju sinni. Það er lykilatriði í þeirri þjónustu sem KSÍ veitir aðildarfélögum sínum að vera með hæft og kraftmikið starfsfólk og öflugan skrifstofu. Með þeim ráðningum sem getið er um hér að framan er starfsfólk KSÍ að nálgast annan tug. Inni í þeirri talningu eru tveir starfsmenn Laugardalsvallar, en við þann fjölda bætast sumarstarfsmenn þegar nær dregur keppnistímabilinu.

•••••

MÓTIN 2013

FUTSAL

Víkingur Ólafsvík fagnaði sigri á Íslandsmóti karla í Futsal 2013, sem fram fór í byrjun árs. Úrslitakeppnin fór fram í laugardalshöll. Víkingar unnu stórsigur á liði Þróttar/SR í undanúrslitum, 15-1, á meðan Valsmenn unnu 8-7 sigur á þáverandi Íslandsmeisturum ÍBV í æsispennandi leik. Í úrslitaleiknum unnu Ólafsvíkingar svo sannfærandi 5-2 sigur.

Í kvennaflokki fór úrslitakeppnin einnig fram í Laugardalshöll. Í undanúrslitum mættust Valur og Álftanes annars vegar og ÍBV og Snæfellsnes hins vegar. Valur og ÍBV unnu örugga sigra og mættust því í úrslitaleiknum. Þar fóru leikar þannig að Valur hafði betur gegn ríkjandi meisturum og fagnaði Íslandsmeistaratitlinum 2013 eftir 6-5 sigur í hörkuleik.

LENGJUBIKARINN

Blikar tryggðu sér Lengjubikar-meistaratitilinn í A-deild karla þegar þeir lögðu Valsmenn að velli í úrslitaleik sem fram fór á Samsung-vellinum í Garðabæ. Lokatölur urðu 3-2 fyrir Kópavogsbúa sem tryggðu sér þar með þennan titil í fyrsta skipti.

Stjarnan fagnaði sigri í A-deild Lengjubikars kvenna þegar Stjörnustulkur lögðu Val í úrslitaleik, en leikið var á Samsung-vellinum í Garðabæ. Lokatölur urðu 4-0 fyrir Stjörnuna, sem leiddi með tveimur mörkum í leikhléi. Þetta var í annað skiptið sem Stjarnan fagnaði þessum titli en félagið vann einnig árið 2011 eftir að hafa lagt Val í þeim úrslitaleik, eins og nú.

HÉRAÐSMÓT

Leiknir hampaði Reykjavíkurmeistaratitli karla í fyrsta sinn eftir úrslitaleik gegn KR, þar sem Breiðhyltingar unnu 3-2 sigur í Egilshöll. Fyrst var leikið um þennan titil árið 1915.

Valur vann Reykjavíkurmeistaratitil mfl. kvenna sjötta árið í röð með fullt hús stiga og markatöluna 34-0 í sex leikjum. Aðeins tvö félög, Valur og KR, hafa unnið Reykjavíkurmeistaratitilinn í kvennaflokki frá því að fyrst var keppt um hann árið 1982. Valur hefur nú unnið 22 sinnum en KR 10 sinnum.

Árlegt vetrarmót meistaraflokksliða karla á Norðurlandi, sem hét *Kjarnafæðismótið* í ár, var leikið í Boganum á Akureyri. Sjö lið tóku þátt og leikin var einföld umferð. Akureyrarliðin KA og Þór tefldu bæði fram tveimur liðum. Aðallið KA stóð uppi sem sigurvegari með fullt hús stiga, 18 stig í sex leikjum, en Þórsarar höfnuðu í öðru sæti með 15 stig.

Breiðablik fagnaði sigri í Faxaflóamóti mfl. kvenna með því að vinna alla fimm leiki sína, og ljúka keppni með níttján mörk í plús. Þetta var í níunda sinn sem mótið er haldið og í áttunda sinn sem Breiðablik stendur uppi sem sigurvegari. Leikið var í tveimur styrkleikaskiptum riðlum og tóku alls 11 lið þátt.

Síldarvinnslumótið er undirbúningsmót meistaraflokksliða karla á Austurlandi. Þrjú lið tóku þátt að þessu sinni og léku þau tvöfalda umferð. Leikstaðirnir voru tveir, annars vegar Fellavöllur og hins vegar Fjarðabyggðarhöllin. Leiknir F. vann alla sína leiki og lauk keppni með 12 stig, á meðan Höttur og Fjarðabyggð kræktu í tvö stig

hvort, með jafntefli í innbyrðisleikjum sínum.

Fótbolta.net mótið fyrir mfl. karla fór fram í þriðja sinn og var talsvert umfangsmeira en fyrri ár. Áður voru þátttökuliðin 8 talsins, en nú tóku alls 16 lið úr efstu þremur deildum Íslandsmótsins þátt og var þeim skipt í efri og neðri deild, tvo riðla í hvorri deild. Leikið var um sæti milli riðla í hvorri deild um sig og mættust Breiðablik og Keflavík í úrslitaleik efri deildar í Kórnum, þar sem Breiðablik hafði betur, 3-0, og fagnaði þar með sigri annað árið í röð.

MEISTARAKEPPNI KSÍ

FH-ingar tryggðu sér sigur í Meistarakeppni KSÍ í karlaflokki þegar þeir lögðu KR í Egilshöllinni. Lokatölur urðu 3-1 fyrir Hafnfirðinga sem leiddu með tveimur mörkum í hálfleik. Í Meistarakeppni KSÍ leika Íslandsmeistarar gegn bikarmeisturum síðasta árs. Þetta var í fjórða skiptið á sex árum sem FH lyftir þessum titli en alls hafa Hafnfirðingar unnið sex sinnum.

Það voru ríkjandi Íslandsmeistararnir í Þór/KA sem fögnuðu sigri í Meistarakeppni kvenna með því að leggja bikarmeistara Stjörnunnar, en leikið var í Boganum á Akureyri. Eftir venjulegan leiktíma var staðan markalaus og var þá gripið til vítaspyrnukeppni þar sem Þór/KA hafði betur. Þetta er í fyrsta skiptið sem Þór/KA vinnur þennan titil en Stjörnustúlkur voru handhafar titilsins.

RÍKJANDI MEISTURUM FH SPÁÐ SIGRI

Á hinum árlega kynningarfundum Pepsi-deildar karla spáðu fulltrúar félaganna í deildinni um lokastöðu liðanna, samkvæmt venju. Gert var ráð fyrir að ríkjandi meistarar FH myndu halda Íslandsmeistaratitlinum, og að þar á eftir kæmu lið KR og Breiðabliks. Nýliðum Víkings frá Ólafsvík var spáð falli, sem og Þórsurum. Þannig leit spáin út:

1.	FH	404 stig
2.	KR	377 stig
3.	Breiðablik	373 stig
4.	Stjarnan	320 stig
5.	Valur	264 stig
6.	ÍA	213 stig
7.	ÍBV	796 stig
8.	Fram	189 stig
9.	Fylkir	166 stig
10.	Keflavík	121 stig
11.	Víkingur Ó.	97 stig
12.	Þór	88 stig

26. TITILL KR OG STIGAMET

KR-ingar unnu Íslandsmeistaratitilinn í meistaraflokki karla í 26. sinn á liðnu sumri og settu í leiðinni glæsilegt stigamet í efstu deild með því að fá 52 stig í leikjunum 22. Tónninn var settur strax í upphafi móts þegar Vesturbærliðið vann sigur í fyrstu fjórum leikjum sínum og fyrsti ósigur liðsins kom ekki fyrr en í 11. umferð, gegn Frömurum á Laugardalsvelli. FH og Stjarnan voru þó ekki langt undan og bæði þessi lið komust upp fyrir KR í töflunni þegar KR-vélin hikstaði eilftið um miðbik móts. Sá hiksti stóð þó ekki lengi. KR komst aftur á toppinn fyrir lokapriðjunginn og hélt efsta sætinu allt til loka. Valsmenn voru taplausir eftir sjö leiki og gerðu sig líklega til að blanda sér í baráttuna um efstu sætin, en Breiðablik safnaði stigum og tókst að halda Val fyrir neðan sig

í töflunni. Fram og ÍBV byrjuðu ágætlega, en gáfu eftir þegar leið á sumrið og Framarar lentu í baráttu nálægt botninum, ásamt ÍA, Víkingi Ólafsvík, Keflavík og Þór. Fylkismenn litu lengi vel út fyrir að vera með falldrauginn hangandi í sér og unnu m.a. ekki einn einasta leik í fyrri helmingi mótsins. Sjö sigurleikir af seinni 11 leikjunum fleytti þeim hins vegar upp töfluna og Árbæingar luku keppni í 7. sæti. Það kom í hlut Víkings Ól. og ÍA að falla í 1. deild.

Pepsi-deild karla - Lokastaða

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
KR	22	17	1	4	50-27	23	52
FH	22	14	5	3	47-22	25	47
Stjarnan	22	13	4	5	34-25	9	43
Breiðablik	22	11	6	5	37-27	10	39
Valur	22	8	9	5	45-31	14	33
ÍBV	22	8	5	9	26-28	-2	29
Fylkir	22	7	5	10	33-33	0	26
Þór	22	6	6	10	31-44	-13	24
Keflavík	22	7	3	12	33-47	-14	24
Fram	22	6	4	12	26-37	-11	22
Vík. Ó.	22	3	8	11	21-35	-14	17
ÍA	22	3	2	17	29-56	-27	11

KR-INGAR DRÓGU AÐ SÉR FLESTA ÁHORFENDUR

Alls mættu 139.576 áhorfendur á leikina 132 í Pepsi-deild karla, sem gerir 1.057 áhorfendur að meðaltali á hvern leik. Þetta eru fleiri en mættu á leiki árið 2012 en þá voru 1.034 áhorfendur að meðaltali á leikjum Pepsi-deildar. Flestir mættu að jafnaði á heima-leiki Íslandsmeistara KR eða 1.863 að meðaltali á leik. Næstflestir komu í Kaplakrika eða 1.496 að meðaltali á hvern leik. Helmingur félaganna 12 fékk fleiri en eitt þúsund áhorfendur að meðaltali á leiki sína.

Flestir mættu á útileiki hjá KR, 1.497 að meðaltali og næstflestir

á útileiki hjá FH, eða 1.316 áhorfendur.

Flestir áhorfendur mættu á leik ÍBV og FH í 14. umferð mótsins. Þann leik sáu 3.034 áhorfendur, en leikið var um Verslunarmannahelgina. Fæstir voru hins vegar á leik Víkings Ólafsvíkur og Vals í 22. umferð, 315 áhorfendur. Besta aðsóknin var á leiki í 1. umferð þegar 8.960 manns mættu á leikina sex, en fæstir mættu á leiki 19. umferðar, 3.833 áhorfendur.

Pepsi-deild karla - Aðsókn

Félag	Alls	Meðaltal
KR	20.497	1.863
FH	16.458	1.496
Valur	12.645	1.150
Breiðablik	12.489	1.135
Fylkir	11.674	1.061
Stjarnan	11.457	1.042
ÍBV	10.787	981
Keflavík	9.595	872
Þór	9.340	849
ÍA	9.276	843
Fram	8.572	779
Víkingur Ó	6.786	617
	139.576	1.057

FRAMARAR BIKARMEISTARAR Í FYRSTA SINN Í 24 ÁR

Það var orðið ansi langt síðan Framarar unnu bikarmeistaratitil síðast. Það gerðist árið 1989, þegar þeir lögðu KR-inga 3-1 í úrslitaleiknum. Síðan þá hafði Fram reyndar komist í þrígang í úrslit, en tapað í öll skiptin. Úrslitaleikur Borgunarbikars karla 2013 var frábær skemmtun og hafði upp á allt að bjóða sem prýðir góðan knattspyrnuleik í útsláttarkeppni. Framarar mættu Stjórnunni, sem var í úrslitum Borgunarbikarsins annað árið í röð, og voru það Stjórnnumenn sem byrjuðu betur. Þeir leiddu með tveimur mörkum í hálfleik og voru til alls líklegir. Fyrra markið kom úr vítaspyrnu eftir

fimm mínútna leik og seinna markið kom fimm mínútum fyrir leikhlé. Í seinni hálfleik var annað uppi á teningnum og Framarar náðu að jafna leikinn um miðjan hálfleikinn. Stjörnumenn virtust slegnir út af laginu en náðu þó áttum og komust aftur yfir þegar um tuttugu mínútur voru eftir. Spennan var mögnuð og eftir pressu að marki Stjörnumennar jöfnuðu Framarar að nýju þegar aðeins örfáar mínútur voru eftir. Grípa þurfti til framlengingar, en þar sem ekkert var skorað þar var ljóst að úrslitin yrðu útkljáð í vítaspyrnukeppni. Þar reyndust liðsmenn Fram sterkari, skoruðu úr þremur spyrnum á meðan Stjörnumenn skoruðu aðeins úr einni. Fögnumur Framara og stuðningsmanna þeirra í leikslök var gríðarlegur, enda Borgunar-bikarmeistararitillinn 2013 í höfn. Þetta var áttundi bikartitill Fram og hafa aðeins KR (13 sinnum) ÍA (9) og Valur (9) unnið bikarinn oft.

STJÖRNUNNI SPÁÐ SIGRI Í PEPSI-DEILD KVENNA

Forsvarsmenn félaganna í Pepsi-deild kvenna lögðu fram spá sína fyrir sumarið á hinum árlega kynningarfundum, og af spá þeirra að dæma myndu Stjarnan og Valur berjast um Íslandsmeistararitillinn það sumarið. Stjörnunni var spáð efsta sæti og Val öðru sæti. Þar á eftir komu Íslandsmeistararnir frá sumrinu áður, Þór/KA. Reiknað var með að fallbaráttan myndi standa á milli Aftureldingar, HK/Víkinga og Þróttar R. Þannig leit spáin út:

1.	Stjarnan	268 stig
2.	Valur	261 stig
3.	Þór/KA	241 stig
4.	Breiðablik	233 stig
5.	ÍBV	183 stig
6.	FH	142 stig
7.	Selfoss	113 stig
8.	Afturelding	81 stig
9.	HK/Víkingur	66 stig
10.	Þróttur R.	62 stig

ALGERIR YFIRBURÐIR STJÖRNUNNAR

Kvennalið Stjörnumennar hefur verið sigursælt á síðustu árum. Árið 2011 hampaði Stjarnan fyrsta Íslandsmeistararitli sínum, en missti titilinn til Þórs/KA árið á eftir. Á liðnu keppnistímabili héldu þó engin bönd Stjörnumennar, sem náði þeim einstæða árangri að vinna sigur í öllum 18 leikjum sínum í Pepsi-deild kvenna, skora 69 mörk og fá á sig aðeins sex. Eins og gefur að skilja bar Stjarnan þannig höfuð og herðar yfir önnur lið og þótt Valur og ÍBV hafi náð að safna ágætum fjölda stiga komust þau aldrei nálægt Stjörnunni. Meistarar fyrra árs, Þór/KA, höfnuðu í fjórða sæti deildarinnar og einu stigi neðar var lið Breiðabliks. Selfoss byrjaði mótið vel og sigldi lengst af lygnan sjó um miðja deild, eins og lið FH. Þróttarar unnu sín fyrstu og einu stig í elleftu umferð, þegar Afturelding var lögð að velli. Ljóst var að Þróttur myndi falla og aðeins var spurning um hvaða lið myndi fylgja Þróttarliðinu niður. Afturelding fékk ekki stig í síðustu tveimur umferðum á meðan HK/Víkingur krækti sér í fjögur og jafnaði þar með stigafjölda Mosfellinga. Það dugði þó ekki til, þar sem markatala Aftureldingar var hagstæðari, og því féll HK/Víkingur í 1. deild ásamt Þrótti R.

Pepsi-deild kvenna - Lokastaða

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Stjarnan	18	18	0	0	69-6	63	54
Valur	18	12	3	3	53-20	33	39
ÍBV	18	12	1	5	43-25	18	37
Þór/KA	18	8	6	4	38-24	14	30
Breiðablik	18	9	2	7	38-32	6	29
Selfoss	18	6	3	9	19-33	-14	21
FH	18	4	5	9	35-44	-9	17
Afturelding	18	4	2	12	17-45	-28	14
HK/Vík.	18	4	2	12	20-52	-32	14
Þróttur R.	18	1	0	17	13-64	-51	3

AÐSÓKN AÐ LEIKJUM Í PEPSI-DEILD KVENNA 2012 OG 2013

Ekki hefur áður verið fjallað um meðalaðsókn að leikjum Pepsi-deildar kvenna hér í skýrslunni, enda stutt síðan áhersla var lögð á að safna saman upplýsingum um aðsókn. Fyrir keppnistímabilið 2013 var vinnulagi við leiksskýrsluskráningu í Pepsi-deild kvenna hins vegar breytt þannig að fjöldi áhorfenda er nú skráður í leiksskýrsluformið á ksi.is. Áður hafði upplýsingum um aðsókn 2012 verið safnað saman og er því fjallað um þessi tvö ár hér að neðan.

2012

Meðalaðsókn að leikjum Pepsi-deildar kvenna 2012 var 169 manns, en rétt er að geta þess að sveiflan milli þeirra leikja sem voru mest og minnst sóttir er mikil. Þannig var meðaltal áhorfenda á heimaleikjum Þórs/KA t.d. 341 áhorfandi, en 1.212 mættu til að sjá liðið taka við Íslandsmeistarabikarnum í síðustu umferðinni, og sá leikur dregur meðaltal Þórs/KA verulega upp. Það lið sem fékk flesta á völinn að meðaltali 2012 var Breiðablik, en á Kópavogsvöll mættu 295 að meðaltali. Valur fékk 220 áhorfendur að meðaltali, en átta félög voru með meðalaðsókn á bilinu 100-170. Afturelding fékk

fæsta áhorfendur að meðaltali árið 2012, eða 70.

2013

Að meðaltali sóttu 137 áhorfendur leiki Pepsi-deildar kvenna 2013, sem er nokkru lægra en sumarið á undan. Aftur var það Breiðablik sem fékk flesta áhorfendur, og voru þeir að meðaltali 237 á Kópavogsvelli. Hvað útileiki liða varðar var Breiðablik einnig það lið sem var með flesta áhorfendur og var Breiðablik jafnframt eina liðið sem var með yfir 200 áhorfendur að meðaltali á heimaleikjum jafnt sem útileikjum. HK/Víkingur var með næstflesta áhorfendur að meðaltali á sínum heimaleikjum og þar á eftir komu FH, Stjarnan og Valur. ÍBV fékk fæsta áhorfendur á sína heimaleiki, en að meðaltali voru áhorfendur á Hásteinsvelli 90 talsins og er ÍBV eina liðið sem er undir 100 áhorfendum að meðaltali. Sá leikur sem var best sóttur sumarið 2014 var viðureign Breiðabliks og Vals á Kópavogsvelli, en þar mættu 543 áhorfendur.

UEFA AFHENTI KSÍ MARKAÐSVERÐLAUN

Á kynningarfundum Pepsi-deildanna, sem fram fór í maí, var KSÍ afhent formlega verðlaun fyrir markaðssetningu á Pepsi-deildunum. Verðlaunin voru kynnt í nóvember 2012 en það var Hollendingurinn Michael van Praag, stjórnarmaður UEFA, sem afhenti Geir Þorsteinssyni, formanni KSÍ, verðlaunin á kynningarfundinum. Geir kallaði svo Andra Þór Guðmundsson, forstjóra Ölgerðarinnar, til sín og taldi það vel viðeigandi að Ölgerðin fengi þessi verðlaun á 100 ára afmæli fyrirtækisins. Alls

voru 15 þjóðir sem kepptu um þessi verðlaun sem nefnast "Best Sponsorship Activation".

"Ástríða fyrir íslenskri knattspyrnu" var heitið á herferðinni og vann Ölgerðin efnið með VERT-markaðsstofu þar sem reynt var að varpa ljósi á hvað það er sem gerir íslenska knattspyrnu einstaka og sérstaða hvers liðs dregin fram.

TÍUNDI TITILL BREIÐBLIKS

Breiðablik fagnaði sigri í Borgunarbikar kvenna eftir úrslitaleik við Þór/KA á Laugardalsvöllinum. Þór/KA byrjaði betur, en Blikar unnu sig smám saman inn í leikinn og náðu forystu eftir um tuttugu mínútna leik. Ekki var meira skorað í fyrri hálfleik, en fljótlega í þeim síðari jafnaði Þór/KA. Sú staða stóð þó ekki lengi, því Breiðablik náði forystu að nýju tíu mínútum síðar og reyndist það vera sigurmark leiksins, þrátt fyrir ágæta tilburði liðsmanna Þórs/KA til að jafna, sem áttu m.a. skot í markslána. Akureyrarliðið var þarna að leika sinn fyrsta bikarúrslitaleik, en titill Breiðabliks var tíundi titill félagsins í sögu bikarkeppni kvenna, sem nær aftur til ársins 1981, en það var einmitt Breiðablik sem fagnaði þá sigri. Valur hefur oftast unnið, alls 13 sinnum, Breiðablik kemur næst með 10 titla, og þá koma KR og ÍA með fjóra. Loks eru það ÍBV og Stjarnan, sem hafa unnið bikarinn einu sinni.

BEINAR ÚTSENDINGAR

Umhverfi beinna útsendinga frá leikjum hefur breyst nokkuð á síðustu árum og mun algengara er orðið að leikir séu sýndir í beinni vefútsendingu. Með mjög

auknum myndgæðum og net-hraða nýta sífellt fleiri sér þennan möguleika. Vefsíðan Sport TV (www.sporttv.is) sýndi t.a.m. frá leikjum í Reykjavíkurmóti karla (3 leikir), Lengjubikar karla og kvenna (alls 3 leikir) og 1. deild karla (19 leikir), auk þess að sýna beint frá undanúrslita- og úrslitaleikjum Íslandsmótsins í Futsal. Þá sýndi Sport TV einnig beint frá leikjum í Norðurlandamóti U17 landsliða kvenna, sem fram fór hér á landi (8 leikir). Þess má einnig geta að sum félög hafa komið sér upp sínu eigin vefsíðunum og sýna þar m.a. beint frá leikjum sinna félaga (þær útsendingar eru ekki taldar upp hér og heldur ekki í töflunum hér fyrir aftan).

Beinum útsendingum frá Pepsi-deild karla á Stöð 2 Sport fjölgaði um eina frá síðustu árum, en nokkru færri leikir hafa þó verið sýndir beint árin 2011-2013 en árin 2005-2010. Alls var sýnt beint frá 18 leikjum Pepsi-deildar kvenna, eða einum leik í hverri umferð. Framan af móti voru beinar útsendingar á vefnum (visir.is) og voru fyrstu 6 beinu útsendingarnar þar. Í 7. umferð voru útsendingarnar síðan færðar á Stöð 2 Sport, sem sýndi beint frá einum leik í umferð eftir það, alls 12 leiki.

Efsta deild karla

Ár	Beinar úts.
2013	26
2012	25
2011	25
2010	32
2009	32
2008	40
2007	31
2006	30
2005	29
2004	19
2003	18

Efsta deild kvenna

Ár	Beinar úts.
2013	18
2012	17
2011	23
2010	0
2009	0
2008	2
2007	1
2006	3

1. deild karla

Ár	Beinar úts.
2013	19
2012	22
2011	0
2010	5

Stöð 2 Sport sýndi beint frá alls 6 leikjum í Borgunarbikar karla, jafn mörgum og árin þrjú þar á undan. Einn leikur var sýndur frá 32-liða, 16-liða og 8-liða úrslitum, báðir undanúrslitaleikirnir og svo auðvitað sjálfur úrslitaleikurinn. Stöð 2 Sport sýndi jafnframt úrslitaleikinn í Borgunarbikar kvenna í beinni útsendingu.

BESTU OG EFNILEGUSTU LEIKMENN ÁRSINS

Bestu og efnilegustu leikmenn Pepsi-deilda karla og kvenna eru valdir í kosningu meðal leikmanna deildanna. Úrslit fyrir 2013 voru kunngerð á verðlaunahátíð í höfuðstöðvum KSÍ og var afhending helstu verðauna í beinni sjónvarpsútsendingu í fréttatíma Stöðvar 2. Harpa Þorsteinsdóttir úr Íslandsmeistaraliði Stjörnunnar var valin besti leikmaður Pepsi-deilda kvenna og Björn Daníel Sverrisson úr FH var valinn besti leikmaðurinn í Pepsi-deild karla. Efnilegustu leikmennirnir voru valin Selfyssingurinn Guðmundur Brynjar Óladóttir og Arnór Ingvi Traustason úr Keflavík.

ÞJÁLFARAR ÁRSINS

Valnefnd Ölgerðarinnar og KSÍ kaus Rúnar Kristinsson þjálfara ársins í Pepsi-deild karla, en hann stýrði liði KR til 26. Íslandsmeistaratitils félagsins í mfl. karla. Valnefndin valdi Þorlák Árnason þjálfara ársins í Pepsi-deild kvenna, en hann var við stjórnvölinn hjá Stjörninni, sem vann Íslandsmeistaratitilinn í annað sinn á þremur árum.

MARKAHÆSTU LEIKMENN PEPSI-DEILDANNA

Besti leikmaður Pepsi-deilda kvenna var jafnframt sá markahæsti, Harpa Þorsteinsdóttir úr liði Íslandsmeistara Stjörnunnar, sem skoraði 28 mörk. Atli Viðar Björnsson var markakóngur Pepsi-deilda karla með 13 mörk.

Harpa var augljóslega í lykilhlutverki hjá Stjörninni á keppnistímabilinu, algjör lykilmaður í sóknarleik þeirra, því auk þess að vera langmarkahæst í deildinni var hún valin besti leikmaður ársins af öðrum leikmönnum deilda karla. Næstar Hörpu í markaskorun voru Elín Metta Jensen með 17 mörk og Danka Podovac, liðsfélagi Hörpu í Stjörninni, með 16 mörk.

Markakeppnin í Pepsi-deild karla var eins jöfn og hún getur orðið. Atli Viðar var sem fyrr segir markakóngur með 13 mörk, en bæði Gary Martin úr liði Íslandsmeistara KR og Viðar Örn Kjartansson úr Fylki skoruðu jafn mörg mörk. Atli Viðar hafði betur þar sem hann skoraði sín mörk í 19 leikjum, á meðan Gary og Viðar Örn léku alla 22 leiki sinna liða. Gary lék þó færri mínútur í heildina er Viðar Örn og hreppti þannig 2. sætið.

BESTU DÓMARARNIR ANNAÐ ÁRIÐ Í RÖÐ

Gunnar Jarl Jónsson og Ívar Orri Kristjánsson voru valdir bestu dómarar Pepsi-deildanna, og hlutu þeir báðir þessa útnefningu annað árið í röð. Gunnar Jarl var kjörinn besti dómari í Pepsi-deild karla í kjöri leikmanna en viðurkenningin var nú afhent í 20. sinn. Gunnar Jarl hlaut einnig þessa viðurkenningu árið 2010. Leikmenn í Pepsi-deild kvenna völdu Ívar Orri Kristjánsson besta dómara í Pepsi-deild kvenna.

STJARNAN OG ÓLAFSVÍKINGAR MEÐ STUÐNINGSMENN ÁRSINS

Pepsi veitti sérstök verðlaun til stuðningsmanna liða í Pepsi-deildum karla og kvenna fyrir góða frammistöðu á árinu. Það voru stuðningsmenn Stjörnunnar, sem hlutu viðurkenninguna í Pepsi-deild kvenna, og stuðningsmenn Ólafsvíkur-Víkings í Pepsi-deild karla.

PRÚÐMENNSKUVERÐLAUN KSÍ OG BORGUNAR

Prúðmennskuverðlaun KSÍ og Borgunar voru veitt þeim leikmönnum og félagsliðum sem þóttu prúðust á undangengnu tímabili. Sérstök háttvísinefnd KSÍ stendur að valinu.

Athyglisvert er að Íslandsmeistaraliðin í báðum Pepsi-deildum þóttu sýna prúðasta leikinn. Prúðasta félagið í Pepsi-deild kvenna var Stjarnan og í Pepsi-deild karla voru KR-ingar prúðastir. Prúðasti leikmaður kvennadeilda karla kom úr röðum Vals, Dóra María Lárusdóttir og karlamegin var það markvörður Breiðabliks, Gunn-

leifur Gunnleifsson, sem var valinn þrúðastur. Allir þessir aðilar fengu viðurkenningu frá Borgun og KSÍ.

PEPSI-MÖRKUNUM FÆKKAR EILÍTIÐ Í BÁÐUM DEILDUM

Í Pepsi-deild karla síðastliðið sumar voru skorud 412 mörk í leikjunum 132, eða 3,1 að meðaltali, og fer meðaltalið því lítið eitt niður á við, þó óhætt sé að segja að markafjöldinn hafi haldist nokku stöðugur síðustu ár. Síðustu sex árin hefur markaskorun í efstu deild karla verið á bilinu 3,0 til 3,4 mörk í leik.

Meðaltal marka í efstu deild karla

Ár	Meðaltal
2013	3,1
2012	3,2
2011	3,0
2010	3,3
2009	3,4
2008	3,1

Eftir fækkun árin 2010 og 2011 tók markaskorun kipp upp á við í Pepsi-deild kvenna 2012, en fækkaði aftur á síðasta ári. Í leikjunum 90 voru skorud 345 mörk, sem gera 3,8 að meðaltali í hverjum leik.

Meðaltal marka í efstu deild kvenna

Ár	Meðaltal
2013	3,8
2012	4,1
2011	3,6
2010	3,9
2009	4,1
2008	4,5

NÝTT FYRIRKOMULAG DEILDARKEPPNI KARLA

Leikið var eftir nýju deildarfyrirkomulagi á árinu. Ný landsdeild bættist við (3. deild) og léku 10 félög þar. Svo virðist sem þetta hafi haft jákvæð áhrif á þátttöku í 4. deild karla. Átta félög bættust við á árinu, þar af fjögur sem hafa

aldrei tekið þátt áður í mótum á vegum KSÍ. Í meistaraflokki kvenna bættist við eitt lið, Víkingur Ó., sem tók að nýju þátt eftir langa fjarveru.

1. deild karla

Lokaumferðirnar í 1. deild karla voru æsispennandi og þegar upp var staðið skildu aðeins þrjú stig að liðin í efsta og fimmta sæti. Upp úr miðju móti mátti með sanni segja að sjö lið hafi verið í baráttunni um að komast upp í Pepsi-deildina. Reykjavíkurlíðin Fjölnir og Víkingur reyndust hlutskörpust, höfnuðu í tveimur efstu sætunum og tryggðu sér þar með sæti á meðal hinna bestu á komandi keppnistímabili. Það mátti þó litlu muna, eins og sést á stigatöflunni. KF byrjaði mótið þökkalega, en var komið í fallsæti eftir 15 leiki og náði sér ekki upp úr því. Völsungar sátu á botni deildarinnar frá byrjun til loka, kræktu aðeins í tvö stig í 22 leikjum og fengu á sig 85 mörk.

Lokastaðan í 1. deild karla

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Fjölnir	22	13	4	5	38-24	14	43
Vík. R.	22	12	6	4	56-28	28	42
Haukar	22	12	6	4	49-29	20	42
Grindavík	22	13	3	6	51-32	19	42
BÍ/Bol.vík	22	13	1	8	47-39	8	40
KA	22	9	5	8	38-31	7	32
Leiknir R.	22	9	5	8	36-31	5	32
Selfoss	22	8	3	11	44-38	6	27
Tindastóll	22	6	7	9	29-40	-11	25
Próttur R.	22	7	2	13	26-36	-10	23
KF	22	5	6	11	25-41	-16	21
Völsungur	22	0	2	20	15-85	-70	2

2. deild karla

Dalvík/Reynir byrjaði 2. deildina afar vel og vann sigur í fyrstu þremur leikjum sínum. Þá missti liðið aðeins flugið. Upp stigu fimm lið sem háðu mikla baráttu um efstu tvö sætin allt til loka móts, ásamt Dalvík/Reyni, sem hafði blandað sér aftur í

baráttuna um skeið. Liðin fimm voru HK, KV, Afturelding, ÍR og Gróttá. Hafi lokasprettur 1. deildar verið spennandi má segja að 2. deildin hafi toppað þá 1. í spennu, því aðeins tvö stig voru milli efstu tveggja sætanna og þess fimmta þegar upp var staðið. Höttur var aðeins með sex stig eftir fyrri helming mótsins og þó Hattarmenn hafi náð að rétta sinn hlut nokkuð dugði það ekki til og liðið féll í 3. deild, ásamt Hamri úr Hveragerði, sem var með 10 stig að loknum ellefu umferðum, en fékk aðeins þrjú stig í seinni hlutanum með því að vinna sigur í lokaumferðinni.

Lokastaðan í 2. deild karla

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
HK	22	12	4	6	50-30	20	40
KV	22	11	7	4	45-30	15	40
Afturelding	22	11	6	5	49-32	17	39
ÍR	22	12	3	7	42-32	10	39
Gróttá	22	11	5	6	30-21	9	38
Njarðvík	22	8	7	7	43-35	8	31
Dalv/Reyn	22	8	6	8	32-37	-5	30
Reynir S.	22	8	3	11	34-41	-7	27
Sindri	22	7	5	10	31-38	-7	26
Ægir	22	6	5	11	25-40	-15	23
Höttur	22	4	7	11	25-39	-14	19
Hamar	22	3	4	15	17-48	-31	13

3. deild karla

Tvö lið af Austurlandi reyndust bera höfuð og herðar yfir önnur í nýrri landsdeild, 3. deild karla. Fjarðabyggð og Huginn hirtu efstu tvö sætin og það með yfirburðum, bæði með 15 sigra í 18 leikjum, 45 stig og 17 stigum á undan næsta liði, KFR. Augnablik úr Kópavogi og Kári frá Akranesi höfnuðu í neðstu sætunum og féllu því í 4. deild.

Lokastaðan í 3. deild karla

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Fjarðab.	18	15	0	3	67-14	53	45
Huginn	18	15	0	3	55-27	28	45
KFR	18	9	1	8	38-40	-2	28
Víðir	18	7	3	8	36-36	0	24
ÍH	18	8	0	10	34-56	-22	24
Leiknir F.	18	7	1	10	37-37	0	22
Grundarf.	18	6	3	9	37-32	5	21
Magni	18	6	2	10	33-41	-8	20
Augnablik	18	6	0	12	37-57	-20	18
Kári	18	5	2	11	22-56	-34	17

4. deild karla

Átta liða úrslitin í 4. deild karla buðu upp á fjórar afar jafnar viðureignir, þar sem aðeins eitt mark skildi liðin að í öllum fjórum tilfellum. Í undanúrslitum höfðu Berserkir úr Reykjavík betur gegn Elliða, einnig úr Reykjavík, samanlagt 6-3, og Einherji frá Vopnafirði vann samanlagt 3-1 gegn KFG úr Garðabæ. Garðbæingar unnu öruggan 6-1 sigur á Elliða í leik um 3. sætið. Úrslitaleikur 4. deildar fór fram á Sauðárkróksvelli og þar unnu Vopnfirðingar sigur á Berserkjum með tveimur mörkum gegn engu. Bæði lið höfðu þó þegar unnið sér sæti í 3. deild.

1. deild kvenna

Liðin fjögur sem komust upp úr sínum riðlum í 1. deild kvenna og þar með í undanúrslitaleiki um sæti í Pepsi-deildinni höfðu nokkra yfirburði yfir önnur lið. Fylkir var þó eina liðið af þessum fjórum sem tapaði ekki leik, en Árbæjarliðið vann fimmtán leiki, gerði eitt jafntefli og skoraði heil 76 mörk í þessum 16 leikjum. Í undanúrslitunum vann Fylkir svo sigur á Grindavík, 6-3 samanlagt. Í hinni undanúrslitarimmunni mættust ÍA og KR. Fyrri leikurinn fór fram á Skaganum og þar vann ÍA 3-0 sigur. KR-ingar voru nærri því að jafna metin í seinni

leiknum, en náðu ekki þriðja markinu sem þurfti til, unnu 2-0, og þar með var lið Akurnesinga komið í úrslitaleikinn gegn Fylki. Úrslitaleikurinn fór fram á Fylkisvelli og þar vann Fylkisliðið 2-1 sigur, en bæði þessi lið voru þó búin að tryggja sér sætið í Pepsi-deildinni að ári.

5 MANNA Í STAÐ 7 MANNA

Keppni í 6. aldursflokki var breytt þannig að nú var keppt í 5 manna liðum í stað 7 manna liða áður. Samfara því var leikvöllurinn sem leikið er á minnkaður verulega. Afar jákvæð viðbrögð hafa verið við þessari breytingu. Liðum í Polla- og Hnátumóti KSÍ fjölgaði af þessum sökum verulega. Að öðru leyti fór mótahald yngri flokka að mestu fram með hefðbundnu sniði.

FJÖLGUN LEIKJA OG LIÐA Í MÓTUM Á VEGUM KSÍ

Leikjum fjölgaði milli ára um 117 leiki – fóru úr 5.403 leikjum árið 2012 í 5.520 leiki 2013. Skýrist það aðallega af því að mótafyrirkomulagi í 6. flokki var breytt í þá veru að nú er leikið í 5 manna bolta í 6. aldursflokki. Einnig fjölgaði leikjum í meistaraflokki karla og kvenna vegna fjölgunar þátttökuliða, meðal annars vegna breytingar á deildaskipan, þar sem ný landsdeild (3. deild) bættist við og neðsta deild (riðlaskipt) varð að 4. deild. Þó nokkur fækkun leikja hefur verið í 7 manna bolta kvenna undanfarin tvö ár.

Í ár tóku 996 lið aðildarfélaganna KSÍ þátt í mótum ársins - 674 lið karla og 322 lið kvenna. Er þetta fjölgun um 92 lið milli ára. Fjölgunin skýrist af því að keppnisfyrirkomulagi í 6. flokki

var breytt úr 7 manna liðum í 5 manna lið.

SKRÁNING ÚRSLITA

Skráningarkerfi KSÍ tekur með einföldum og skjótum hætti á móti SMS-skeytum með stöðu og úrslitum leikja og leikskýrslur má skrá jafnóðum og leikir fara fram í gagnagrunn KSÍ í gegnum vefinn – www.ksi.is. Úrslitin fara þá sjálfkrafa inn á vef KSÍ og félögunum er þannig gert auðveldara um vik að koma þeim á framfæri við félagsmenn, fjölmiðla og aðra áhugasama aðila.

LEIKSKÝRSLUR Á VEFINN FYRIR LEIK

Vinnulag við vinnslu og skil á leikskýrslum fyrir leiki í mótum 11 manna bolta er þannig að í öllum flokkum skráir hvort lið um sig leikskýrsluna beint í mótakerfi KSÍ í gegnum aðgang sinn að ksi.is. Þetta form gerir útfyllingu leikskýrslu einfaldari og hið handskrifaða form, sem notast hefur verið við í gegnum árin, óþarft. Að leik loknum staðfesta dómamarar leiksins skýrsluna og atvik leiksins í gegnum sinn aðgang að ksi.is, áður en þeir yfirgefa leikstað. Þetta gerir það að verkum að leikskýrslur eru fullskráðar og aðgengilegar á vef KSÍ skömmu eftir leikslok.

KRR-MÓT OG FAXAFLÓAMÓT

KSÍ annast skipulagningu móta á vegum KRR (Knattspyrnuráðs Reykjavíkur) og móta Faxaflóafélaganna samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um. Vegna breytinga á fyrirkomulagi fjölgar leikjum í þessum mótum

verulega milli ára. Leikjum í KRR mótum fjölgar úr 772 árið 2012 í 903 leiki á liðnu ári. Faxaflóa-leikir árið 2012 voru 1.053 en árið 2013 voru þeir 1.316.

SIGURVEGARAR Í MÓTUM MEISTARAFLOKKA

Íslandsmeistarar karla

26 sinnum	KR
20 sinnum	Valur
18 sinnum	Fram, ÍA
6 sinnum	FH
5 sinnum	Víkingur R.
4 sinnum	Keflavík
3 sinnum	ÍBV
1 sinni	Breiðablik, KA

Bikarmeistarar karla

13 sinnum	KR
9 sinnum	ÍA, Valur
8 sinnum	Fram
4 sinnum	ÍBV, Keflavík
2 sinnum	FH, Fylkir
1 sinni	Breiðablik, ÍBA, Víkingur R.

Íslandsmeistarar kvenna

15 sinnum	Breiðablik
10 sinnum	Valur
6 sinnum	KR
4 sinnum	FH
3 sinnum	ÍA
2 sinnum	Stjarnan
1 sinni	Árman, Þór/KA

Bikarmeistarar kvenna

13 sinnum	Valur
10 sinnum	Breiðablik
4 sinnum	ÍA, KR
1 sinni	ÍBV, Stjarnan

•••••

SAMNINGAR OG FÉLAGASKIPTI

RÁÐSTEFNA UM FÉLAGASKIPTI OG GREIÐSLUR VEGNA ÞEIRRA

Dagana 2.-3. febrúar stóð KSÍ fyrir ráðstefnu um félagaskiptamál og greiðslur vegna félagaskiptadeildar FIFA og flutti hann erindi um uppeldisbætur og samstöðubætur, auk þess að fjalla um veðmál og hagræðingu úrslita. Ráðstefnan var öllum opin og aðgangur ókeypis. Formenn og framkvæmdastjórar félaga voru þó sérstaklega hvattir til að mæta.

GRÍÐARLEG FJÖLGUN ERLENDRA LEIKMANNA

Síðustu árin hefur erlendum leikmönnum hér á landi fjölgað jafnt og þétt, eins og glöggst má sjá í töflunni hér að neðan. Eftir mikla fækkun í kjölfar bankahrunsins tók fjöldinn kipp upp á við árið 2011. Á liðnu keppnistímabili var hins vegar nýjum hæðum náð, því aldrei hafa jafn margir erlendir leikmenn verið á mála hjá íslenskum félögum, og er fjölgunin milli ára umtalsverð. Alls komu 262 leikmenn með erlent ríkisfang við sögu í deildarkeppni Íslandsmóts meistaraflokka karla og kvenna, en þar af voru 207 karlar og 55 konur. Fjölgunin milli ára er því alls 35 leikmenn – 20 karlar og 15 konur. Hugsanlegt er að fjölgun þátttökuliða í deildarkeppni karla skýri fjölgun erlendra leikmanna að einhverju leyti þar sem heildarfjöldi þátttökuliða hækkar um fjögur milli ára. Í töflunni hér að neðan má sjá þróunina síðustu ár.

Ár	Fjöldi
2013	262
2012	227
2011	222
2010	165
2009	150
2008	215
2007	188
2006	166
2005	148
2004	102
----	----
1998	65

Tafla: Hér eru ekki taldir leikmenn af erlendum uppruna sem fengið hafa íslenskt ríkisfang.

Fjölgunin milli ára er mest í Pepsi-deild karla (16 leikmenn) og í 1. deild kvenna (úr 11 í 27 leikmenn), auk þess sem nokkur fjölgun er í 1. deild karla. Á móti kemur fækkun í 2. deild karla. Af 50 erlendum leikmönnum alls í 4. deild karla er meirihlutinn á mála hjá tveimur félögum - Afríku (20) og Stál-úlfi (17) - þar sem meginþorri leikmanna er af erlendum uppruna.

Deild	Fjöldi 2013	Fjöldi 2012	Fjöldi 2011
PD karla	64	48	44
1. deild karla	48	41	37
2. deild karla	17	28	14
3. deild karla*	28	--	--
4. deild karla*	50	70	79
PD kvenna	28	29	37
1. deild kv.	27	11	11

Tafla: Leikmenn sem hafa skipt milli íslenskra félaga á árinu teljast í þeirri deild sem þeir léku síðast í.

* Árið 2013 bættist við ein landsdeild karla (3. deild) og neðsta deild varð 4. deild. Samanburðurinn hér að ofan er því gerður m.v. að neðsta deild sé 4. deild og að 3. deild komi ný inn.

Erlendir leikmenn komu við sögu hjá 35 af 46 félögum í landsdeildum karla, samanborið við 33 af 36 félögum 2012.

Af Pepsi-deildarliðum karla komu flestir erlendir leikmenn við sögu hjá Ólafsvíkingum, 12 talsins, og einn annar var á mála hjá félaginu til skamms tíma án þess þó að koma við sögu í leik. Sjö erlendir leikmenn voru á mála hjá ÍA, ÍBV, Val og Þór og 6 hjá Fram. Öll félögin í Pepsi-deild karla voru með erlenda leikmenn, en FH, KR og Breiðablik voru með fæsta (2).

Í 1. deild karla var BÍ/Bolungarvík með 9 erlenda leikmenn og þar á eftir komu KA, Selfoss og Tindastóll með 6. Aðeins fjögur félög í 2. deild karla voru með erlenda leikmenn og þar af var eitt þeirra aðeins með einn. Höttur var með 6 erlenda leikmenn, en Sindri og Ægir með 5 hvort félag. Tíu félög léku í hinni nýju 3. deild og af þeim voru sjö með erlenda leikmenn í sínum röðum, Grundarfjörður með flesta, eða 8. Þar á eftir komu Austfjarðaliðin Fjarðabyggð (5), Leiknir F. (5) og Huginn (4). Af þeim 24 félögum sem léku í 4. deild karla voru 10 félög önnur en Afríka og Stálúlfur með erlenda leikmenn, flest með einn erlendan leikmann og ekkert þeirra með fleiri en tvo.

Í Pepsi-deild kvenna voru öll liðin nema eitt með erlenda leikmenn í sínum röðum. Flestir erlendir leikmenn komu við sögu hjá Aftureldingu og ÍBV, fimm talsins, og fjórir voru hjá Þór/KA. Þriðja árið í röð tefldi Breiðablik ekki fram neinum erlendum leikmanni. Í 1. deild kvenna voru fimm félög af 16 ekki með neina erlenda leikmenn. BÍ/Bolungarvík var þar með flesta, fimm talsins, en Fjarðabyggð, Grindavík og KR með fjóra.

SAMNINGUM VIÐ LEIKMENN FÆKKAR UMTALSVERT

Þann 15. janúar 2014 voru 464 *leikmannssamningar* (samningur sem leikmaður gerir við félag, sem heimilar honum að taka við greiðslum fyrir knattspyrnuíðkun) í gildi. Á sama tíma var fjöldi *sambandssamninga* (samningur sem gerður er við áhugamann) 333. Heildarfjöldi samninga 15. janúar 2014 er því 797, sem er umtalsverð fækkun

frá fyrra ári, þegar heildarfjöldi samninga var 906.

Leikmannssamningar í gildi 15. jan

Ár	Fjöldi
2014	464
2013	511
2012	540
2011	543
2010	493
---	---
2004	285

Sambandssamningar í gildi 15. jan

Ár	Fjöldi
2014	333
2013	395
2012	382
2011	402
2010	285
---	---
2004	96

MÁL TIL SAMNINGA- OG FÉLAGASKIPTANEFNDAR

Eins og undanfarin ár eru mörg ágreiningsefni, sem upp koma, leyst af skrifstofu KSÍ eða einstökum nefndarmönnum. Erfiðustu málin komu þó til formlegrar úrlausnar hjá nefndinni. Eftirfarandi mál fengu formlega meðhöndlun, en nánar er fjallað um þau í ársskýrslu nefndarinnar:

Áfrýjun á afreksstuðli

HK áfrýjaði flokkun KSÍ á afreksstuðli Boga Rafns Einarssonar, leikmanns Grindavíkur. Nefndin féllst á kröfu HK.

Ben Long gegn Reyni S.

Ben Long, fyrrum leikmaður Reynis S., fór fram á aðstoð nefndarinnar við að fá laun sem hann taldi sig eiga inni hjá Reyni S. Hann var leikmaður Reynis S. keppnistímabilið 2011. Erindinu var vísað frá.

Viggó Kristjánsson gegn ÍR

Viggó fór fram á aðstoð nefndarinnar við að fá greidd laun sem hann taldi sig eiga inni hjá ÍR.

Svo virðist sem aðilar hafi náð sáttum því málið kom ekki aftur inn á borð nefndarinnar.

Halldór Hilmisson gegn Þrótti R

Halldór fór fram á riftun á leikmannssamningi aðila. Einnig fór hann fram á greiðslu á útlögðum kostnaði og afreksstyrk sem hann taldi sig eiga inni hjá Þrótti R. Við lokauppgjör bar Þrótti að standa við greiðslu útlagðs kostnaðar og greiðslu afreksstyrks fram að tiltekinni dagsetningu.

Aron Baldursson gegn HK

Ágreiningur var um uppgjör á sjúkrakostnaði sem varð til á árinu 2012, að hluta til vegna meiðsla frá árinu 2011. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að Aron skyldi bera kostnað sem kom til áður en aðilar gerðu samning sín á milli. Einnig að Aron og HK myndu deila með sér kostnaði sem hlaust á samningstímanum vegna meiðsla frá 2011, og að lokum að HK skyldi bera allan kostnað af meiðslum sem Aron varð fyrir í maí 2012.

ALDREI FLEIRI FÉLAGASKIPTI EN ÁRIÐ 2013

Aldrei hafa verið afgreidd fleiri félagaskipti heldur en á árinu 2013. Alls voru félagaskiptin 2.404 sem skrifstofa KSÍ afgreiddi en flest höfðu þau verið áður árið 2012, alls 2.230. Fjöldi félagaskipta hefur aukist jafnt og þétt frá árinu 2004 þegar þau voru 1.246. Flest félagaskipti á árinu 2013 voru afgreidd í maí, eða 497 talsins. Mánuðirnir júlí og mars voru einnig fjórlegir í félagaskiptum en hvor mánuður bauð upp á 404 félagaskipti.

UMBOÐSMENN LEIKMANNA

Einn umboðsmaður leikmanna hætti störfum á árinu og einn bættist í hópinn, og voru því alls átta íslenskir umboðsmenn starfandi í lok árs.

KSÍ umboðsmenn

- Arnór Guðjohnsen
- Grétar Rafn Steinsson (nýr 2014)
- Guðlaugur Þór Tómasson
- Gylfi Sigurðsson
- Hafþór Hafliðason
- Halldór Birgir Bergþórsson
- Magnús Agnar Magnússon
- Ólafur Garðarsson

•••••

DÓMARAMÁL

NÝIR OG HÆTTIR LANDSDÓMARAR

Nýir landsdómarar árið 2013 voru Björn Valdimarsson, Gunnar Helgason, Ingi Björn Ágústsson, Jóhann Atli Hafliðason, Karel Fannar Sveinbjörnsson, Oddur Helgi Guðmundsson, Sigurður Ingi Magnússon og Steinar Berg Sævarsson. Eftirtaldir landsdómarar létu af störfum á árinu: Bjarni Hrannar Héðinsson, Hákon Þorsteinsson, Ingvar Örn Gíslason, Oddbergur Eiríksson og Sigurhjörtur Snorrason.

EFNILEGIR DÓMARAR Á CORE NÁMSKEIÐI UEFA Í SVISS

Þorvaldur Árnason, FIFA-dómari, og Gylfi Már Sigurðsson, FIFA-aðstoðardómari, tóku þátt í *CORE-development 2* námskeiði í október í Nyon, en námskeiðið er ætlað ungum og efnilegum FIFA-dómurum. Rúna Kristín Stefánsdóttir, FIFA-aðstoðardómari, sótti sams konar námskeið í Nyon í nóvember.

ÁTAK Á NORÐURLANDI

Í skýrslu dómaranefndar kemur fram að staðan í dómaramálum á Norðurlandi sé orðin grafalvarleg. Engin endurnýjun hefur orðið á síðustu árum í hópnum þannig að til vandræða horfir að mati nefndarinnar. Starfsmenn dómaramála hjá KSÍ fóru í fundarherferð með forráðamönnum félaga á Norðurlandi þar sem farið var yfir stöðuna og reifaðar hugmyndir að úrbótum. Fjölgun hefur orðið í hópi ungra dómara sem eru að dæma fyrir sín félög en hins vegar bráðvantar dómara sem eru tilbúnir

að taka næstu skref og gerast KSÍ-dómarar.

LANDSDÓMARAFUNDIR OG FRÆÐSLUFUNDIR

Þrjár landsdómararáðstefnur voru haldnar á árinu - í mars, apríl og október, auk tveggja sumarfunda með dómurum í Pepsi-deild karla í maí og júní.

DÓMARASKIPTI VIÐ NORÐUR- LÖNDIN, ENGLAND OG WALES

Norræn dómarskipti hófust árið 2005 og er tilgangur þeirra að auka þekkingu og reynslu dómara. Fulltrúar Íslands árið 2013 voru Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson, dómari, og Bryngeir Valdimarsson, aðstoðardómari, sem dæmdu leik Strømmen og Ull/Kisa í Noregi og Valdimar Pálsson, dómari, og Ásgeir Þór Ásgeirsson, aðstoðardómari, sem dæmdu leik GAIS og Varnamo í Svíþjóð. Til Íslands komu Ransin N. Djurhuus, dómari, og Kristian Sofus Petersen, aðstoðardómari, frá Færeyjum sem dæmdu leik Víkings og Leiknis og Glenn Nyberg, dómari, og Conny Hugman, aðstoðardómari, frá Svíþjóð sem dæmdu leik Selfoss og Grindavíkur. Gunnar Jarl Jónsson dæmði U21 vináttulandsleik karla milli Noregs og Finnlands í Noregi. Kristinn Jakobsson, Áskell Þór Gíslason og Gylfi Már Sigurðsson dæmdu á æfingamóti á Copa Del Sol í boði norska knattspyrnusambandsins. Norðurlandamót U17 karla var haldið í Noregi að þessu sinni og voru þeir Jan Eric Jessen og Ásgeir Þór Ásgeirsson fulltrúar Íslands á mótinu. NM U17 kvenna var haldið á Íslandi, en landsdómararnir Bríet Bragadóttir, Rúna Kristín Stefánsdóttir, Geir Eggertsson, Bryngeir Valdimars-

son og Björn Valdimarsson dæmdu í mótinu af Íslands hálfu, auk aðkomu fjölda annarra KSÍ-dómara.

Gunnar Jarl Jónsson og Frosti Viðar Gunnarsson voru fulltrúar Íslands í dómarskiptunum við England. Þeir fylgdu eftir dómara sem dæmdu leik í ensku úrvalsdeildinni og fylgdust með undirbúningsfundum ensku úrvalsdeildardómara fyrir eina leikhelgina. Gunnar Jarl dæmdu síðan leik U21 árs liða Wolves og Liverpool og Frosti Viðar var aðstoðardómari í leik U21 árs liða Bolton og Stoke. Sebastian Stockbridge kom frá Englandi og dæmdu leiki Þróttar og KA annars vegar og Fjölnis og Leiknis hins vegar í 1. deild karla, auk þess sem hann var aðstoðardómari í leik Keflavíkur og Breiðabliks í Pepsi-deild karla.

Dómarskipti við Wales hófust á árinu og dæmdu Guðmundur Ársæll Guðmundsson leik Rhyl og New Saints í efstu deildinni í Wales. Walesverjinn Kris Hames dæmdu síðan leik Breiðabliks og Fylkis í Pepsi-deild karla.

ÍSLENSKIR FIFA-DÓMARAR

Á síðustu árum hafa íslenskir dómara tekið þátt í 25-30 verkefnum á ári á erlendri grundu. Mikil aukning var á verkefnum á árinu 2013, en alls störfuðu íslenskir dómara við 51 leik á erlendri grundu. Kristinn Jakobsson mun á árinu 2014 dæma sitt 17. og síðasta ár á farsælum ferli sem FIFA-dómari. Kristinn hefur verið í næst efsta styrkleikahópi dómara hjá UEFA og hefur fyrir vikið fengið mjög krefjandi leiki í Evrópu deildinni. Engin breyting var á hópi milliríkjadómara frá fyrra ári.

FIFA-dómarar 2013:

Gunnar Jarl Jónsson
Kristinn Jakobsson
Þorvaldur Árnason
Þóroddur Hjaltalín

FIFA-aðstoðardómarar 2013:

Áskell Þór Gíslason
Birkir Sigurðarson
Frosti Viðar Gunnarsson
Gunnar Sverrir Gunnarsson
Gylfi Már Sigurðsson
Jóhann Gunnar Guðmundsson
Rúna Kristín Stefánsdóttir
Sigurður Óli Þórleifsson

FIFA-Futsal-dómari 2013:

Andri Vigfússon

EFTIRLITSMENN

53 eftirlitsmenn störfuðu á leikjum í A-deild deildarbikarsins, landsdeildum og bikarkeppnum árið 2013. Skiluðu þeir skýrslum um framkvæmd leikja og frammistöðu dómara, auk skýrslna um háttvísi í Pepsi-deild karla.

DÓMARANÁMSKEIÐ

Á árinu voru haldin um 30 unglíngadómara námskeið víðs vegar um landið hjá þeim félögum sem þess óskuðu. Kennarar á námskeiðunum voru Magnús Jónsson og Þóroddur Hjaltalín. Á unglíngadómara námskeiðunum er fyrst og fremst lögð áhersla á að kenna knattspyrnulögin. Námskeiðin eru stutt en hnitmiðuð og markmiðið með þeim er fyrst og fremst að hjálpa félögunum að búa til dómarahópa til þess að manna þá fjölmörgu leiki sem eru á þeirra ábyrgð. Þeir sem hafa áhuga á því að mennta sig meira í dómarafræðum sækja síðan héraðsdómara námskeið, en KSÍ stendur árlega fyrir nokkrum slíkum og hafa Gunnar Jarl og Þóroddur einmitt kennt á þeim. Þá buðu Háskólinn í Reykjavík, Verkmenntaskólinn á Akureyri og

Kennaraháskóli Íslands upp á unglíngadómara námskeið sem valfag. Jafnframt var Kristinn Jakobsson kennari á dómara námskeiði sem var opið fyrir alla starfandi dómara og Ingvar Guðfinnsson var kennari á samskonar námskeiði fyrir aðstoðardómara. Þá hélt Gunnar Jarl Jónsson einnig dómara námskeið fyrir starfandi dómara á Austurlandi.

FEÐGIN DÆMDU SAMAN Í 1. DEILD KVENNA

Feðginin Bergur Þór Steingrímsson og Ellen Elísabet Bergsdóttir voru aðstoðardómarar á leik Fram og BÍ/Bolungarvíkur í 1. deild kvenna í maí. Áður höfðu þau starfað saman í tveimur leikjum í Borgunarbikar kvenna. Bergur hefur marga fjöruna sopið í dómgæslu, bæði í knattspyrnu og körfubolta en dóttir hans, Ellen, var þarna að stíga sín fyrstu skref í dómgæslu í elstu flokkum.

VIÐURKENNINGAR FYRIR FRAMLAG TIL DÓMARAMÁLA

Á síðasta ársþingi voru í fyrsta sinn veitt verðlaun til þeirra félaga sem þykja sinna grasrótinni í dómaramálum best. Verðlaunin verða aftur veitt fyrir árið 2013 og sem fyrr þurfti að uppfylla 10 skilyrði til þess að teljast fyrirmyndarfélag. FH, Fylkir, ÍA, KA, Sindri og Völsungur stóðust skilyrðin og teljast því vera fyrirmyndarfélög í dómaramálum 2013.

•••••

LANDSLIÐSMÁL

Árangur landsliðanna á árinu sem leið var frábær, allt frá A liðum niður í yngstu liðin. A landslið karla og kvenna náðu nýjum hæðum á árinu með sínum árangri, U19 og U17 lið karla og kvenna komust öll í milliriðla í undankeppni EM og nýtt lið skipað drengjum fæddum 1999 og síðar vann sér inn þátttökurétt á Ólympíuleikum ungmenna, sem fram fara í Kína 2014. Ef árangur landsliðanna allra er skoðaður í hlutföllum, þá vannst sigur í 40% allra landsleikja ársins, þ.e. ef litið er til allra leikja beggja kynja, og ef eingöngu karlalandslið eru skoðuð er sigurhlutfallið 50%, 26% jafntefli og ósigur 24%. Ítarlegri töflu má sjá í ársskýrslu nefnda.

A LANDSLIÐ KARLA

Svíinn Lars Lagerbäck var á öðru ári sínu sem þjálfari A landsliðs karla, ásamt aðstoðarþjálfaranum Heimi Hallgrímssyni. Liðið lék 10 leiki á árinu - átta í undankeppni HM 2014 og tvo vináttulandsleiki. Sigur vannst í fjórum leikjum, tveimur leikjum lauk með jafntefli, og fjórir leikir töpuðust.

Fyrsta verkefni ársins var vináttulandsleikur við Rússa í febrúar, en leikið var í Marbella á Spáni. Rússar komust yfir rétt fyrir hlé og bættu svo við öðru marki um miðjan síðari hálfleik. Leikurinn var kjörinn undirbúningur fyrir næsta leik ársins gegn Slóvenum í undankeppni HM í mars. Heimamenn í Ljubljana náðu forystunni í leiknum með eina marki fyrri hálfleiks og var sú forysta nokkuð verðskulduð. Leikur íslenska liðsins gjörbreyttist í síðari hálfleik og tvö glæsímörk frá Gylfa Þór Sigurðssyni, það fyrra

beint úr magnaðri aukaspyrnu, tryggðu dýrmætan 2-1 útisigur og komu Íslandi í annað sæti riðilsins. Aftur mættust sömu lið í Reykjavík í júní. Gylfi Þór hafði fengið áminningu í leiknum í Ljubljana, eins og Jóhann Berg Guðmundsson, og voru þeir því báðir í leikbanni í heimaleiknum við Slóvena, þar sem um var að ræða aðra áminningu þeirra í keppninni. Gestirnir náðu forystunni á Laugardalsvöllinum snemma leiks, en mörk frá Birki Bjarnasyni og Alfreð Finnboga-syni (vítaspyrna) með stuttu millibili komu Íslandi í forystu. Sú forysta stóð þó skammt og Slóvenar jöfnuðu metin úr vítaspyrnu. Leikar stóðu jafnir í hálfleik og allt útlit fyrir æsispennandi seinni hálfleik. Gestirnir voru beittari upp við markið eftir hlé, tryggðu sér þrjú stig með tveimur mörkum og unnu 4-2.

Undirbúningur fyrir leiki haustsins í undankeppni HM 2014 hófst með vináttuleik við Færeyjar á Laugardalsvöllinum í ágúst. Kolbeinn Sigbórsson skoraði eina mark leiksins, en knötturinn hafði viðkomu í Kolbeini eftir skot frá Birki Bjarnasyni og því var Kolbeinn skráður fyrir markinu. Íslenska liðið lék vel og hefði getað unnið stærri sigur. Ljóst var að liðið var vel stemmt fyrir lokasprettinn í undankeppninni - tvíhöfða í september og aftur í október.

Jóhann Berg Guðmundsson gerði fyrsta mark leiksins í Bern í september eftir örfáar mínútur og Svisslendingum var brugðið. Þeir náðu þó fljótt áttum, settu í mikinn gir og svöruðu með þremur mörkum fyrir hlé. Staðan leit ekki vel út fyrir íslenska liðið og enn síður þegar heimamenn bættu við fjórða markinu úr vítaspyrnu þegar um 10 mínútur

voru liðnar af seinni hálfleik. Kolbeinn Sigbórsson tók þá til sinna ráða og skoraði af miklu harðfylgi strax úr næstu sókn. Nú tók við þáttur Jóhanns Bergs, sem hafði skorað glæsilegt mark í byrjun leiks. Hann bætti við tveimur álíka glæsilegum mörkum, fullkomnaði þrennuna, og jafnaði leikinn með afar eftirminnilegum hætti. Önnur eins endurkoma hefur varla sést og þessi frammistaða vakti gríðarlega athygli. Þessi endurkoma var einmitt gott veganesti í næsta leik, heimaleik gegn Albaníu fjórum dögum síðar, og sjálfstraustið í íslenska liðinu var mikið. Þó svo að Albanir hafi náð forystunni á Laugardalsvöllinum snemma leiks var íslenska liðið aldrei slegið út af laginu og alltaf líklegt til að vinna leikinn. Það tók Birki Bjarnason ekki nema nokkrar mínútur að jafna metin og Kolbeinn Sigbórsson skoraði í upphafi síðari hálfleiks með laglegri hælspyrnu. Það reyndist vera sigurmarkið og Ísland var í öðru sæti riðilsins fyrir síðustu tvær umferðirnar. Sviss var nokkuð öruggt með efsta sætið en fjögur lið eygðu enn möguleika á að ná öðru sæti.

Þó svo að markalaust hafi verið í hálfleik, þegar Kýpur kom í heimsókn á Laugardalsvöllinn í október, virtust leikmenn íslenska liðsins vera rólegir yfir stöðunni. Þólinmæðin bar árangur eftir klukkutíma leik þegar Kolbeinn Sigbórsson kom Íslandi í forystu. Gylfi Þór Sigurðsson tryggði svo íslenskan 2-0 sigur þegar um stundarfjórðungur var eftir. Sigur Slóvena á sama tíma þýddi að norska liðið, næsti mótherji Íslands, var úr leik og stóð því slagurinn um umspilssætið einungis á milli Íslendinga og Slóvena. Ísland var nær sigri í Osló, þótt heimamenn hafi átt

lipra spretti og verið meira með boltann. Kolbeinn Sigþórsson náði forystu fyrir Ísland á 12. mínútu eftir góða sendingu frá Gylfa Þór Sigurðssyni, en Norðmenn jöfnuðu um miðjan fyrri hálfleik. Hvorugt liði náði að bæta við marki og niðurstaðan því 1-1 jafntefli, sem dugði íslenska liðinu til að halda öðru sætinu og komast þar með í umspil um sæti í lokakeppninni í Brasilíu, þar sem Slóvenum tókst ekki að leggja Svisslendinga á sama tíma.

Lokastaðan í riðlinum

LAND	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Sviss	10	7	3	0	17-6	11	24
Ísland	10	5	2	3	17-15	2	17
Slóvenía	10	5	0	5	14-11	3	15
Noregur	10	3	3	4	10-13	-3	12
Albanía	10	3	2	5	9-11	-2	11
Kýpur	10	1	2	7	4-15	-11	5

Dregið var í umspil í höfuðstöðvum FIFA í október og svo fór að mótherjar Íslendinga voru Króatar. Liðin mættust heima og heiman um miðjan nóvember, fyrst á Laugardalsvelli. Ljóst var að mikil áskorun væri að halda þjóðarleikvanginum leikhæfum, enda ekki hiti í velli, en með ærnum tilkostnaði og mikilli vinnu tókst vel til að lokum. Íslenska liðið lék vel í fyrri leiknum, vörnin hélt þrátt fyrir mikla pressu króatíska liðsins, sérstaklega eftir að fækkaði um einn hjá Íslandi, þegar Ólafi Inga Skúlasyni var vikið af leikvelli í upphafi seinni hálfleiks. Markalaust jafntefli voru vel ásættaleg úrslit, sem þýddu að íslenska liðið ferðaðist til Zagreb í seinni leikinn með raunverulegan möguleika á að komast á HM í Brasilíu í farteskinu, nokkuð sem eflaust fæstir höfðu reiknað með. Heimamenn voru sterkari í þeim leik og náðu forystunni um

miðjan fyrri hálfleik. Þeir misstu þó mann af velli með rautt spjald á 38. mínútu og hagur Íslands vænkaðist. Mikil pressa að króatíska markinu síðustu mínútur fyrri hálfleiks gáfu vonir um að ævintýri væri í uppsiglingu. Í hálfleik var staðan í raun sú að íslenska liðið var einum manni fleiri inni á velli og þurfti „einungis“ að vinna seinni hálfleikinn með einu marki til að tryggja sér farseðilinn til Brasilíu – Ísland var þannig aðeins 45 mínútum frá lokakeppni HM. Vonbrigðin urðu því skiljanlega gríðarleg þegar Króatar skoruðu sitt annað mark í upphafi seinni hálfleiks með skoti langt utan af velli. Íslenska liðið var slegið út af laginu og náði sér aldrei á strik eftir það. HM-draumurinn, sem var svo nálægur, var úti.

U21 LANDSLIÐ KARLA

Eyjólfur Sverrisson hefur verið við stjórnvölinn hjá U21 landsliði karla síðan 2008 og var hann einnig þjálfari liðsins árin 2003-2005. Liðið lék sex leiki á árinu, fyrst vináttuleik í Wales og svo fimm leiki í undankeppni EM 2015.

Fyrsta verkefni ársins hjá U21 karla var vináttuleikur við Wales í Llanelli í febrúar, undirbúningur fyrir komandi verkefni í undankeppni EM 2015. Jafnræði var með liðunum lengst af, en þegar heimamenn brutu ísinn náðu þeir öllum völdum á velli og bættu við tveimur mörkum áður en yfir lauk. Fyrsta leik ársins lauk því með þriggja marka tapi.

Fyrsti leikurinn í undankeppni EM var svo seint í mars, útileikur gegn Hvít-Rússum í Minsk, þar sem íslenska liðið vann góðan 2-1 sigur með mörkum frá Jóni Daða

Böðvarssyni og Emil Atlasyni. Heimamenn minnkuðu muninn úr vítaspyrnu. Í júní voru Armenar heimsóttir til Yerevan og aftur vannst 2-1 sigur. Að þessu sinni gerði Emil Atlason bæði mörk Íslands og var það seinna sigurmark leiksins á lokamínúttunni. Næstur kom heimaleikurinn gegn Hvíta-Rússlandi í ágúst og var leikið á Vodafone-velli að Hlíðar-enda. Skemmst er frá því að segja að Ísland vann öruggan 4-1 sigur með þrennu frá Emil Atlasyni og einu marki frá Jóni Daða Böðvarssyni. Þessir tveir höfðu, þegar þarna var komið við sögu, gert öll mörk Íslands í keppninni. Fjórdi leikurinn í undankeppni EM var heimaleikur við Kasakstan á Kópavogsvelli. Mikið rok setti mark sitt á leikinn, en íslenska liðið lét það ekki á sig fá og vann 2-0 sigur með mörkum frá Arnóri Ingva Traustasyni og Emil Atlasyni, bæði í seinni hálfleik. Síðasti leikur ársins og þriðji heimaleikurinn í röð, var á Laugardalsvelli í október gegn Frökkum, sem voru með fullt hús stiga eins og íslenska liðið. Boðið var upp á mikla markaveislu, en svo fór að lokum að gestirnir unnu 4-3 og kom sigurmarkið úr vítaspyrnu seint í leiknum. Mörk Íslands gerðu þeir Sverrir Ingi Ingason og Hólmbert Aron Friðþjófsson, auk þess sem Frakkarnir gerðu eitt sjálfsmark. Íslenska liðið er enn í baráttu um sæti í lokakeppninni, en sigurvegarar riðlanna 10 og fjögur lið í öðru komast í umspil um sjö sæti í lokakeppninni.

Staðan í riðlinum

LAND	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Frakkland	5	5	0	0	21-5	16	15
Ísland	5	4	0	1	13-7	6	12
Kasakstan	6	2	0	4	4-11	-7	6
Armenía	6	2	0	4	5-14	-9	6
Hv-Rússl	6	1	0	5	5-11	-6	3

Innbyrðis viðureignir telja fyrst í UEFA-mótum

U19 LANDSLIÐ KARLA

Kristinn Rúnar Jónsson hefur þjálfað U19 landslið karla síðan í desember 2006 og hefur stjórnað liðinu í tæplega 60 leikjum. Liðið lék alls 10 leiki á árinu – fjóra vináttuleiki, þrjá í boðsmóti í Svíþjóð og loks þrjá leiki í undankeppni EM.

Í febrúar voru leiknir tveir vináttuleikir við Dani í Farum í Danmörku. Í þeim leikjum varð ljóst að Ísland væri með hörkulið, enda lauk fyrri leiknum með 1-1 jafntefli, en íslenskur 2-1 sigur vannst í seinni leiknum. Næst komu tveir vináttuleikir við Skota í Stirling í byrjun október. Jafntefli varð niðurstaðan í fyrri leiknum, 1-1, en Ísland vann 3-0 sigur í þeim seinni.

U19 lið skipað leikmönnum fæddum 1996 og síðar fór á árlegt boðsmót í Svíþjóð, sem haldið var í september. Þar gerði íslenska liðið fyrst 1-1 jafntefli við Slóvaka, tapaði svo 1-2 fyrir Norðmönnum og vann sigur í síðasta leiknum, 3-2 gegn gestgjöfunum, Svíum.

Lokastaðan í mótinu

LAND	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Noregur	3	2	1	0	6-3	3	7
Slóvakía	3	1	2	0	5-4	1	5
Ísland	3	1	1	1	5-5	0	4
Svíþjóð	3	0	0	3	5-9	-4	0

Í október fór síðan fram riðill í undankeppni EM, og þar lék sami árgangur og lék vináttuleikina gegn Dönnum og Skotum, þ.e. leikmenn fæddir 1995 og síðar. Riðillinn fór fram í Belgíu og voru það heimamenn sem höfnuðu í efsta sæti riðilsins. Ísland náði öðru sætinu með því að gera 2-2 jafntefli við Frakka í fyrsta leik og leggja Norður-Íra í síðasta leiknum með einu marki gegn

engu. Í millitíðinni hafði íslenska liðið tapað 0-2 fyrir Belgum. Annað sætið dugði Íslandi til að komast áfram í milliriðla.

Lokastaðan í riðlinum

LAND	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Belgía	3	2	1	0	6-2	4	7
Ísland	3	1	1	1	3-4	-1	4
Frakkland	3	0	3	0	5-5	0	3
N-Írland	3	0	1	2	1-4	-3	1

Innbyrðis viðureignir telja fyrst í UEFA-mótum

U17 LANDSLIÐ KARLA

Þorlákur Árnason tók við stjórnartaumunum hjá U17 landsliði karla af Gunnari Guðmundssyni, sem hafði stýrt liðinu frá árinu 2009.

Lið skipað leikmönnum fæddum 1997 og síðar tók þátt í sérstöku undirbúningsmóti UEFA, sem fram fór í Wales. Auk heimamanna voru Færeyingar og Norður-Írar þáttakendur í mótinu. Íslenska liðið byrjaði á því að leggja Færeyinga 2-0 og gerði svo markalaust jafntefli við Norður-Íra. Í lokaleiknum unnu heimamenn Íslendinga 2-0 og fögnuðu þar með sigri í mótinu.

Lokastaðan í mótinu

LAND	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Wales	3	2	1	0	4-1	3	7
Ísland	3	1	1	1	2-2	0	4
N-Írland	3	1	1	1	2-2	0	4
Færeyjar	3	0	1	2	2-5	-3	1

Innbyrðis viðureignir telja fyrst í UEFA-mótum

Sama lið lék síðan á Opna Norðurlandamótinu, sem að þessu sinni fór fram í Noregi í ágúst og komu drengirnir þaðan með bronsverðlaun. Í fyrsta leik gerði íslenska liðið 1-1 jafntefli við lið heimamanna nr. 2 (sem voru með tvö lið í mótinu þar sem ekki fékkst gestalið). Næsti leikur tapaðist reyndar, 1-4 gegn

Dönnum, en 2-1 sigur á Svíum í síðasta leiknum í riðlakeppninni þýddi að Ísland hafnaði í 2. sæti riðilsins og myndi þar með leika um bronsið í mótinu. Þar voru mótherjarnir að þessu sinni hitt lið Norðmanna og vann Ísland frábæran 5-2 sigur og fagnaði þar með bronsverðlaunum á NM.

Lokastaðan í riðlinum

LAND	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Danmörk	3	3	0	0	11-1	10	9
Ísland	3	1	1	1	4-6	-2	4
Noregur	3	0	2	1	2-5	-3	2
Svíþjóð	3	0	1	2	2-7	-5	1

Riðill Íslands í undankeppni EM var leikinn í rússnesku borginni Volgograd í septembermánuði og voru mótherjarnir, auk heimamanna, Aserar og Slóvakar. Fyrsti leikurinn var gegn Aserum, sem komust þrisvar sinnum yfir í leiknum, en íslensku strákarnir jöfnuðu jafn oft og 3-3 jafntefli varð niðurstaðan. Annar leikurinn var gegn Slóvökum og þar vannst góður 4-2 sigur. Síðasti leikurinn, gegn heimamönnum, var úrslitaleikur um sigur í riðlinum. Íslenskt mark snemma í síðari hálfleik tryggði 2-1 sigur í leiknum og þar með efsta sætið í riðlinum. Sæti í milliriðlum var tryggt.

Lokastaðan í riðlinum

LAND	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Ísland	3	2	1	0	9-6	3	7
Rússland	3	2	0	1	4-3	1	6
Slóvakía	3	1	0	2	7-8	-1	3
Aserb.	3	0	1	2	5-8	-3	1

Innbyrðis viðureignir telja fyrst í UEFA-mótum

Í október tók lið skipað leikmönnum fæddum 1999 og síðar þátt í forkeppni um sæti á Ólympíuleikum ungmenna, sem fram fara í Nanjing í Kína næsta sumar. Fjórar þjóðir tóku þátt og var leikið með útsláttarfyrirkomulagi, þ.e. í undanúrslitum og

svo leikjum um sæti. Íslenska liðið vann 2-0 sigur á Finnum í fyrsta leik og mætti því Moldóvum, sem unnu Armena 3-0 í sínum leik, um sæti á Ólympíuleikunum. Sigur Íslands á Moldóvum í úrslitaleiknum, 3-1, var sannfærandi og sætið í Kína var tryggt.

UPPSELT Á ÞRJA LEIKI Í RÖÐ

Aðsókn að heimaleikjum A landsliðs karla í undankeppni HM 2014 á árinu 2013 var vafalítið sú besta sem um getur. Af fjórum heimaleikjum í keppninni var uppselt á þrjá leiki, þ.e. þrjá síðustu leikina - við Albaníu og Kýpur í riðlakeppninni og loks gegn Króatíu í umspili um sæti í lokakeppninni. Á fyrsta heimaleik ársins í undankeppninni, gegn Slóveníu, mættu jafnframt yfir níu þúsund manns. Laugar-dalsvöllur tekur alls 9.767 manns í sæti.

NÆRRI 100 ATVINNUMENN

Hátt í eitt hundrað íslenskir knattspyrnumenn eru á mála hjá erlendum félögum og hafa atvinnu af því að leika knattspyrnu. Hér eru taldir leikmenn í meistaraflokki (karlar og konur) og svo leikmenn sem eru í unglínga- og varaliðum atvinnumannafélaga. Karlarnir eru 60 talsins og skiptast á heil 14 lönd víðs vegar um Evrópu. Bróðurparturinn leikur þó á Norðurlöndunum – 19 í Noregi, 10 í Svíþjóð og 7 í Danmörku. Önnur lönd þar sem íslenskir leikmenn eru á mála hjá atvinnuliðum eru Austurríki (1 leikmaður), Belgía (3), England (4), Holland (5), Ítalía (3), Portúgal (2), Rússland (2), Skotland (1), Sviss (1), Tyrkland (1) og Þýskaland (2).

Flestar konurnar leika í Noregi og Svíþjóð, eða 13 af þeim 17 sem eru atvinnumenn. Sjö leika í Svíþjóð og sex í Noregi, en síðan í Brasilíu, Englandi, Þýskalandi og á Ítalíu – ein í hverju landi.

Leikmenn í unglínga- og varaliðum (allt karlar) eru 19 talsins og skiptast þeir á fimm lönd. Flestir eru í Hollandi, eða sjö, fimm leika í Danmörku, fjórir á Englandi, einn í Svíþjóð, einn í Belgíu og einn í Noregi.

Tölfræðin miðast við 31. janúar 2014.

KOMNIR Á LISTA LEIKJA- OG MARKAHÆSTU MANNA

Þeir Eiður Smári Guðjohnsen og Kolbeinn Sigþórsson eru komnir á lista leikja- og markahæstu leikmanna A landsliðs karla frá upphafi. Eiður Smári var vitanlega löngu kominn á lista þeirra markahæstu og trónir þar á toppnum með 24 mörk í 78 leikjum, en það er einmitt leikjafjöldinn sem hér er fjallað um. Leikjahæstur frá upphafi er Rúnar Kristinsson með 104 leiki og er hann jafnframt sá eini sem leikið hefur fleiri en eitt hundrað leiki fyrir A lið karla. Eiður Smári er í fjórða sæti yfir leikjahæstu menn, á eftir þeim Hermanni Hreiðarssyni og Guðna Bergssyni. Kolbeinn Sigþórsson hefur skorað 13 mörk í 20 A-landsleikjum, sem er einfaldlega frábær tölfræði fyrir leikmann í hvaða landsliði sem er í heiminum. Mörkin þrettán koma honum í 5.-6. sætið á lista markahæstu manna ásamt Þórði Guðjónssyni, en Kolbeinn hefur þó leikið töluvert færri leiki en Þórður.

Leikjahæstir

Leikmaður	Leikir	Mörk
Rúnar Kristinsson	104	3
Hermann Hreiðarsson	89	5
Guðni Bergsson	80	1
Eiður Smári Guðjohnsen	78	24
Brynjar Bj. Gunnarsson	74	4
Birkir Kristinsson	74	0
Arnór Guðjohnsen	73	14
Ólafur Þórðarson	72	5
Arnar Grétarsson	71	2
Atli Eðvaldsson	70	8

Markahæstir

Leikmaður	Mörk	Leikir
Eiður Smári Guðjohnsen	24	78
Ríkharður Jónsson	17	33
Ríkharður Daðason	14	44
Arnór Guðjohnsen	14	73
Kolbeinn Sigþórsson	13	20
Þórður Guðjónsson	13	58
Tryggvi Guðmundsson	12	42
Heiðar Helguson	12	55
Pétur Pétursson	11	41
Matthías Hallgrímsson	11	45
Helgi Sigurðsson	10	62
Eyjólfur Sverrisson	10	66

FJÓRIR NÁÐU 25. LEIKNUM

Fjórir leikmenn A-landsliðs karla náðu þeim áfanga á árinu að leika sinn 25. leik fyrir liðið. Þetta voru þeir Birkir Bjarnason, Gunnleifur Gunnleifsson, Helgi Valur Daníelsson og Jóhann Berg Guðmundsson.

EMIL KOMINN MEÐ 7 MÖRK Í UN DANKEPPNI EM U21 2015

Emil Atlason náði þeim merka árangri á árinu að skora 7 mörk í 5 leikjum í undankeppni EM U21 landsliða karla. Í raun gerði Emil mörkin aðeins í fjórum leikjum, því hann skoraði ekki í síðasta

leik ársins, gegn Frökkum á Laugardalsvellingum. Eitt mark kom gegn Hvít-Rússum á útivelli, tvö mörk gegn Armenum á útivelli, þrenna gegn Hvít-Rússum á Vodafone-vellingum að Hlíðarenda, og loks eitt mark gegn Kasakstan á Kópavogsvellingum.

FIMM LEKMENN Í BÆÐI U19 OG U21 LIÐUM KARLA

Fimm leikmenn U19 landsliðs karla voru jafnframt í U21 landsliðinu á árinu, þar af tveir markmenn – Frederik August Albrecht Schram og Rúnar Alex Rúnarsson. Rúnar Alex byrjaði alla leiki U21 liðsins á árinu, en Frederik kom ekki við sögu þó hann hafi setið á bekknum hjá liðinu í fimm af sex leikjum ársins. Frederik lék tvo U19 leiki á árinu eins og Rúnar Alex. Aðrir leikmenn U19 sem komu einnig við sögu hjá U21 liðinu voru þeir Hjörtur Hermannsson, Oliver Sigurjónsson og Orri Sigurður Ómarsson.

ÍSLENDINGUR Í BANDARÍSKA LANDSLIÐIÐ

Í júlí tilkynnti Aron Jóhannsson, íslenskur leikmaður sem hafði leikið upp alla yngri flokka Fjölnis (með stuttri dvöl hjá Breiðabliki), að hann hefði ákveðið að gefa kost á sér í landslið Bandaríkjanna, og þar með ekki í landslið Íslands. Aron, sem fæddist í Bandaríkjunum en á íslenska foreldra, lék 10 landsleiki með U21 liði Íslands, þar af 8 í Evrópukeppni landsliða, og var hann í byrjunarliði Íslands í þeim öllum.

FIFA heimilar leikmönnum að sækja einu sinni um að skipta um landslið uppfylli þeir tiltekin

skilyrði jafnvel þó þeir hafi leikið með yngri landsliðum, svo fremi sem þeir hafi ekki tekið þátt í opinberum leik með A-landsliðinu. Eitt þeirra skilyrða sem heimilar leikmönnum skipti er að þeir hafi verið fæddir í landinu sem þeir óska eftir að leika fyrir.

KSÍ birti yfirlýsingu þar sem miklum vonbrigðum var lýst með ákvörðun Arons, og hann eindregið hvattur til þess að snúa baki við hugmyndum sínum um að skipta um landslið. Aron hafði ítrekað verið valinn í A-landslið Íslands, en hafði ekki gefið kost á sér vegna meiðsla, og hafði KSÍ jafnframt þegar óskað eftir þátttöku hans í næsta landsleik, vináttuleik gegn Færeyjum á Laugardalsvelli í ágúst.

HEMMA GUNN MINNST

Fyrir leik A landsliðs karla við Slóveníu á Laugardalsvellingum í júní var Hermanns Gunnarssonar minnst. Fyrir leikinn klöppuðu allir viðstaddir Hemma lof í lófa í eina mínútu fyrir hans framlag til íslenskrar knattspyrnuþjóðar. Tólfan afhjúpaði sérstakan borða til heiðurs Hemma og öll lög sem voru spiluð á Laugardalsvellingum þennan dag voru í flutningi Hemma Gunn.

18 ERLENDAR SJÓNVARPS-STÖÐVAR SÝNDU BEINT

Það fór ekki fram hjá mörgum þegar Íslendingar mættu Króötum í tveimur umspilsleikjum um sæti á HM í Brasilíu í nóvember. Fyrri leikurinn fór fram á Laugardalsvelli og var áhuginn fyrir leiknum gríðarlegur. Þessi gríðarlegi áhugi náði langt út fyrir landsteinana því 18 erlendar sjónvarpsstöðvar sýndu leikinn í beinni útsendingu.

Þessar stöðvar eru víða og var leikurinn m.a. sýndur beint í Kína, Tælandi, Japan, Malasíu, Ástralíu og Svíþjóð. Seinni leikurinn, sem fram fór í Zagreb nokkrum dögum síðar, náði enn lengra, því vel á annan tug sjónvarpsstöðva um allan heim sýndu þann leik í beinni útsendingu.

LARS OG HEIMIR ÞJÁLFA SAMAN A LANDSLIÐ KARLA

Svíinn Lars Lagerbäck var ráðinn þjálfari A landsliðs karla í október 2011 og var Heimir Hallgrímsson ráðinn aðstoðarþjálfari. Þeir Lars og Heimir undirrituðu í nóvember 2013 nýja samninga um áframhaldandi þjálfun liðsins. Samningurinn við Lars er til tveggja ára, en samningur Heimis til fjögurra ára. Heimir og Lars starfa báðir sem aðalþjálfarar liðsins næstu tvö árin og mun Heimir taka einn við liðinu sem aðalþjálfari næstu tvö árin þar á eftir.

- *Samningur Lars gildir til loka árs 2015. Komist Ísland í lokakeppni EM 2016 framlengist samningurinn sjálfkrafa til loka þess móts.*
- *Samningur Heimis gildir til loka árs 2017. Komist Ísland í lokakeppni HM 2018 framlengist samningurinn sjálfkrafa til loka þess móts.*

Árangur A landsliðs karla hingað til undir stjórn þeirra Lars og Heimis er íslensku knattspyrnuáhugafólki að góðu kunnur - annað sæti riðilsins í undankeppni HM 2014 og umspilsleikir við Króatíu um sæti í lokakeppninni í Brasilíu. Með undirritun nýs samnings er byggt ofan á þann árangur sem náðst hefur og stefnan sett enn hærra.

A LANDSLIÐ KVENNA

Sigurður Ragnar Eyjólfsson tók við A-landslíði kvenna í janúar 2007 var við stjórnvölinn til loka úrslitakeppni EM, sem fram fór í Svíþjóð í júlí 2013. Guðni Kjartansson var sem fyrr aðstoðarþjálfari Sigurðar. Í ágúst var Freyr Alexandersson ráðinn þjálfari liðsins og í október var svo tilkynnt um ráðningu Ásmundar Haraldssonar sem aðstoðarþjálfara.

Fyrsta verkefni ársins var að venju Algarve Cup í Portúgal, þar sem íslenska liðið var í B-riðli og ljóst að við ramman reip væri að draga í fyrstu þremur leikjunum, enda andstæðingarnir ekki af verri endanum. Fyrsti leikurinn var gegn Bandaríkjunum. Var frammistaða íslenska liðsins í fyrri hálfleik með ágætum og staðan markalaus þegar flautað var til leikhlés. Í síðari hálfleik sýndi bandaríska liðið styrk sinn, tók öll völd á vellinum og skoraði þrjú mörk. Næstu mótherjar voru Svíar, sem unnu 6-1 stórsigur. Fjögur sænsk mörk í fyrri hálfleik gerðu út um leikinn og það fimmta í upphafi seinni hálfleiks þýddi að formsatriði var að klára leikinn. Svíum tókst að bæta við sjötta markinu um miðjan síðari hálfleik, en Hólmfríður Magnúsdóttir lagaði stöðuna með íslensku marki undir lok leiksins. Þriðja tapið í þremur leikjum leit dagsins ljós gegn Kínverjum, sem skorðu eina mark leiksins um miðjan síðari hálfleik. Leikurinn var jafn og hefði getað farið á hvorn veginn sem var. Síðasti leikurinn á Algarve Cup þetta árið var gegn Ungverjum, í leik um 9.-10. sætið á mótinu. Þar vann íslenska liðið öruggan 4-1 sigur. Sara Björk Gunnarsdóttir gerði eina mark fyrri hálfleiks og Rakel Hönnudóttir og Katrín Ómarsdóttir

komu Íslandi í þriggja marka forystu áður en Ungverjar minnkuðu muninn skömmu fyrir leikslok. Sandra María Jessen jók þó forystuna á ný, gulltryggði íslenskan sigur og Ísland hafnaði þar með í 9. sæti á mótinu af 12 þátttökuliðum.

Aftur var leikið gegn Svíum í apríl, að þessu sinni vináttuleik í Växjö í Svíþjóð, en þar myndi íslenska liðið einmitt leika tvo leiki í sínum riðli í úrslitakeppni EM 2013 í júlí. Íslenska liðið hélt ógnarsterku liði Svía í skefjum í fyrri hálfleik og allt þar til á 55. mínútu leiksins þegar sænska liðinu, sem ætlaði sér stóra hluti á EM í sínu heimalandi, tókst að brjóta ísinn. Áfram stóð vörn Íslands vaktina, var þétt og vel skipulögð, en heimamenn náðu þó að bæta við einu marki í blálokin og tryggja sér 2-0 sigur. Lokaundirbúningur íslenska liðsins fyrir úrslitakeppni EM fólst í tveimur vináttuleikjum í júní – fyrst heimaleik gegn Skotum og svo útileik gegn Dönum. Óhætt er að segja að 3-2 tap á Laugardalsvelli gegn Skotum hafi komið á óvart, en skoska liðið lék sérlega vel í fyrri hálfleik og komst í tveggja marka forystu áður en Sara Björk Gunnarsdóttir minnkaði muninn, en gestirnir juku muninn að nýju fyrir hlé. Eina mark seinni hálfleiks skoraði Hólmfríður Magnúsdóttir eftir nokkurra mínútna leik. Íslenska liðið hafði öll völd á vellinum og sótti grimmt að skoska markinu allan seinni hálfleikinn, en jöfnunarmarkið kom ekki. Síðasti leikurinn fyrir EM var gegn Dönum í Viborg og þar unnu heimamenn 2-0 sigur með einu marki í hvorum hálfleik. Þegar þarna var komið við sögu hafði Ísland leikið sjö undirbúningsleiki fyrir EM, tapað sex þeirra og unnið einn leik.

Ísland tók þátt í úrslitakeppni EM í annað sinn eftir að hafa þeytt frumraun sína í Finnlandi 2009, og var nú reynslunni ríkari eftir að hafa lokið keppni þar án stiga. Fyrsta stigið kom strax í fyrsta leik á EM í Svíþjóð, gegn Norðmönnum í Kalmar. Norska liðið var betri aðilinn í fyrri hálfleik og náði forystunni eftir 26 mínútur. Leikurinn snerist Íslandi í vil í seinni hálfleik og var íslenska liðið mun betra. Mikil atлага var gerð að norska markinu og þegar skammt var til leiksloka jafnaði Margrét Lára Viðarsdóttir metin út vítaspyrnu eftir að brotið hafði verið á Söru Björk Gunnarsdóttur í vítateig norska liðsins. Næstu tveir leikir voru í Växjö, fyrst gegn Þjóðverjum og ljóst að þar yrði við ramman reip að draga. Enda kom á daginn að þýska liðið var mun sterkara en það íslenska og vann öruggan 3-0 sigur, og var það ekki síst frammistaða Guðbjargar Gunnarsdóttir sem forðaði liðinu frá stærra tapi. Síðasti leikurinn í riðlinum, gegn Hollandi, var því orðinn hreinn úrslitaleikur um sæti í 8-liða úrslitum. Sigur þýddi áframhaldandi þátttöku. Íslenska liðið var betra í fyrri hálfleik og stjórnaði spilinu. Góður samleikur eftir hálf tíma, sending út á kantinn og fyrirgjöf Hallberu Gísladóttur á Dagnýju Brynjarsdóttur sem skallaði knöttinn glæsilega í netið. Þrátt fyrir mikla sókn Hollendinga í seinni hálfleik tókst þeim ekki að ógna markinu að ráði og íslenska liðið fagnaði gríðarlega þegar ljóst var að sæti í 8-liða úrslitum væri tryggt. Hólmfríður Magnúsdóttir, sem verið hafði lykilaður í sóknarleik íslenska liðsins, fékk sína aðra áminningu í mótinu í þessum leik og var því í leikbanni gegn Svíum í 8-liða úrslitum.

Lokastaðan í riðlinum

LAND	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Noregur	3	2	1	0	3-1	2	7
Þýskaland	3	1	1	1	3-1	2	4
Ísland	3	1	1	1	2-4	-2	4
Holland	3	0	1	2	0-2	-2	1

Innbyrðis viðureignir telja fyrst í UEFA-mótum

Leikið var í 8-liða úrslitum í Halmstad fyrir troðfullum velli. Íslenska liðið sá í raun aldrei til sólar og 4-0 sigur heimamanna var öruggur. Þrjú mörk í fyrri hálfleik og eitt í þeim síðari þrátt fyrir hetjulega baráttu stelpnanna okkar. EM-ævintýrið var því úti, en ljóst að Ísland náði sínum besta árangri frá upphafi og gat íslenska þjóðin litið stolt á árangurinn. Sigurður Ragnar Eyjólfsson hætti með liðið að lokinni úrslitakeppninni og við tók Freyr Alexandersson.

Undankeppni HM 2015 hófst um haustið með tveimur leikjum. Fyrst var leikið gegn Svisslendingum á Laugardalsvellingum seint í september. Svisslendingar sýndu flottan leik og unnu 2-0 sigur með einu marki snemma leiks og öðru úr vítaspyrnu þegar um 10 mínútur voru liðnar af seinni hálfleik. Svo fór reyndar að svissneska liðið tróndi á toppi riðilsins í árslok með fullt hús stiga eftir að hafa m.a. einnig lagt Dani í Danmörku, þannig að greinilegt er að þar er á ferðinni hörkulið. Seinni leikur Íslands um haustið var í Belgrad í lok október, þar sem leikið var við Serba. Ísland réði lögum og lofum í fyrri hálfleik og náði tveggja marka forystu. Fyrst skoraði Margrét Lára Viðarsdóttir og Katrín Ómarsdóttir bætti við öðru marki rétt fyrir hlé. Serbarnir náðu að minnka muninn um miðjan seinni hálfleik og gerðu harða hríð að íslenska markinu, án þess að ná að jafna metin. Ísland var því komið á

blað í undankeppninni fyrir HM 2015 í Kanada og stefnan sett á að gera harða hríð að efstu sætunum.

Staðan í riðlinum

LAND	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Sviss	3	3	0	0	12-0	12	9
Ísrael	2	2	0	0	5-1	4	6
Danmörk	3	1	1	1	6-2	4	4
Ísland	2	1	0	1	2-3	-1	3
Serbía	4	0	1	3	3-15	-12	1
Malta	2	0	0	2	0-7	-7	0

U19 LANDSLIÐ KVENNA

Ólafur Þór Guðbjörnsson þjálfaði U19 lið kvenna, eins og hann hefur gert alveg síðan 1999, en hann hefur stýrt U19 landsliði kvenna í öllum leikjum þess, nema þeim fyrsta.

Lið skipað leikmönnum fæddum 1994 og síðar hóf árið með undirbúningi fyrir milliriðla EM með því að leika þrjá vináttuleiki í La Manga á Spáni. Þar mætti liðið Hollendingum, Skotum og Frökkum. Hollendingar voru lagðir 2-1 í fyrsta leiknum og Frakkar 2-0 í þeim síðasta, en í millitíðinni gerði liðið 4-4 jafntefli við Skota. Í milliriðlinum, sem fram fór í Portúgal var fyrst leikið við Norður-Íra. Jafntefli varð niðurstaðan í þeim leik, 1-1, og eins marks tap í næsta leik, gegn Finnum, gerði út um vonir íslenska liðsins á að komast áfram, enda fór einungis efsta lið riðilsins áfram í úrslitakeppnina. Sárabót fyrir íslenska liðið var þó 1-0 sigur á liði Portúgölum og hafnaði Ísland í 2. sæti riðilsins. Það er ótrúlegt frá því að segja, en þetta var 9. árið í röð sem U19 landslið kvenna leikur í milliriðlum EM. Magnaður árangur.

Lokastaðan í milliriðlinum

LAND	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Finland	3	3	0	0	8-1	7	9
Ísland	3	1	1	1	2-2	0	4
Portúgal	3	1	0	2	3-3	0	3
N-Írland	3	0	1	2	1-8	-7	1

Innbyrðis viðureignir telja fyrst í UEFA-mótum

Í september lék lið skipað leikmönnum fæddum 1995 og síðar í undankeppni EM og fór riðillinn fram í Búlgaríu. Tveir 5-0 sigur í fyrstu tveimur leikjunum, gegn Búlgörum og Slóvökum, gerðu síðasta leikinn að formsatriði, því þar mættust Ísland og Frakkland, bæði með fullt hús stiga, og bæði lið þar með komin áfram í milliriðla. Frakkar skorðu þrjú mörk á fyrsta hálfótímanum og fleiri mörk voru ekki skorud.

Lokastaðan í riðlinum

LAND	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Frakkland	3	3	0	0	14-0	14	9
Ísland	3	2	0	1	10-3	7	6
Slóvakía	3	1	0	2	4-9	-5	3
Búlgaría	3	0	0	3	0-16	-16	0

Innbyrðis viðureignir telja fyrst í UEFA-mótum

U17 LANDSLIÐ KVENNA

Úlfar Hinriksson tók við U17 liði kvenna um mitt ár 2012 og var áfram við stjórnvölinn á árinu sem leið.

Landslið skipað leikmönnum fæddum 1996 og síðar lék í janúar tvo vináttuleiki við Dani. Fyrri leikurinn fór fram í Kórnum í Kópavogi, þar sem Danir unnu 3-0. Seinni leikurinn var í Akra-neshöllinni og unnu Danir þann leik einnig, að þessu sinni 2-0.

Í apríl tók lið skipað leikmönnum fæddum 1997 og síðar þátt í sérstöku undirbúningsmóti UEFA, en leikið var í Wales. Í mótinu vann íslenska liðið 4-0 sigur á gestgjöfunum og gerði svo

jafntefli við Norður-Írland (4-4) og Færeyjar (2-2).

Lokastaðan í mótinu

LAND	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
N-Írland	3	1	2	0	12-5	7	5
Ísland	3	1	2	0	10-6	4	5
Wales	3	1	1	1	5-5	0	4
Færeyjar	3	0	1	2	2-13	-11	1

Innbyrðis viðureignir telja fyrst í UEFA-mótum

Sami aldurshópur lék síðan í Opna Norðurlandamótinu, sem fram fór hér á landi í byrjun júlí. Ísland lék fyrst gegn Þýskalandi og tapaði með tveimur mörkum gegn engu. Annar leikur liðsins var 2-2 jafntefli á móti Hollandi í Keflavík. Í síðasta leik riðla-keppninnar tapaði liðið 0-1 gegn Fínum á Sandgerðisvelli. Það var því hlutskipti Íslands að leika við England um 7. sætið á Valbjarnarvelli og lauk leiknum með 2-0 sigri Engendinga.

Um mánaðamótin júlí/ágúst var svo leikið í undankeppni EM í Moldavíu. Ísland hóf riðilinn á góðum 5-0 sigri á liði Lettlands og annar leikur liðsins var einnig öruggur sigur, 6-0 gegn liði heimamanna. Lokaleikur riðilsins var gegn Ungverjalandi og lauk þeim leik með 2-2 jafntefli. Með þessum árangri tryggði íslenska liðið sér sæti í milliriðlum sem að þessu sinni fóru fram strax um mánaðamótin sept/okt, þar sem úrslitakeppni EM 2014 var leikin í Englandi um mánaðamótin nóv/des 2013.

Lokastaðan í riðlinum

LAND	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Ungv.l.	3	2	1	0	15-2	13	7
Ísland	3	2	1	0	13-2	11	7
Moldóva	3	0	1	2	1-12	-11	1
Lettland	3	0	1	2	1-14	-13	1

Innbyrðis viðureignir telja fyrst í UEFA-mótum

Milliriðill Íslands fór fram í Rúmeníu þar sem íslenska liðið byrjaði vel með 2-1 sigri á liði

heimamanna. Í öðrum leik liðsins laut Ísland í lægra haldi gegn Írlandi, 1-2. Lokaleikur Íslands var gegn Spáni og lauk leiknum með 3-1 sigri Spánar. Þátttöku Íslands í EM var því lokið að þessu sinni.

Lokastaðan í milliriðlinum

LAND	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Spánn	3	3	0	0	13-2	11	9
Írland	3	2	0	1	7-3	4	6
Ísland	3	1	0	2	4-6	-2	3
Rúmenía	3	0	0	3	1-14	-13	0

Innbyrðis viðureignir telja fyrst í UEFA-mótum

SARA BJÖRK OG DAGNÝ VALDAR BESTAR

Í öllum leikjum á EM kvenna 2013, sem fram fór í Svíþjóð eins og kunnugt er, valdi UEFA mann leiksins, þ.e. þann leikmann sem sérstakri valnefnd fannst hafa verið best í viðkomandi leik og haft mikil áhrif á framgang og úrslit leiksins. Viðkomandi leikmaður fékk viðurkenningarskjöld afhentan strax að leik loknum. Í fyrsta leik Íslands á mótinu, 1-1 jafntefli gegn Noregi hlaut Sara Björk Gunnarsdóttir þessa útnefningu, og í þriðja leiknum, gegn Hollandi, var Dagný Brynjarsdóttir, sem skoraði einmitt sigurmarkið, útnefnd maður leiksins.

100. A-LANDSLEIKUR EDDU GARÐARSDÓTTUR

Edda Garðarsdóttir lék sinn 100. landsleik á árinu þegar Ísland mætti Kína á Algarve-mótinu í mars. Edda er næst leikjahæst allra landsliðskvenna, á eftir Katrínu Jónsdóttur og þriðji íslenski landsliðsmaðurinn í knattspyrnu til að rjúfa 100 leikja múrinn. Rúnar Kristinsson lék 104 landsleiki fyrir A lið karla.

Landsliðsferill Eddu hófst á Laugardalsvelli 7. september 1997, þegar hún kom inn á sem varamaður fyrir Margréti Ólafsdóttur á 79. mínútu. Leikið var við Úkraínu og vannst 3-2 sigur í þessum fyrsta A landsleik Eddu. Tveimur árum áður lék hún sinn fyrsta U17 landsleik. en alls urðu þeir leikir 5. Hún lék einn U19 landsleik og 21 sinni fyrir U21 landsliðið. Í þessum 100 A-landsleikjum skoraði Edda fjögur mörk og kom fyrsta markið í leik gegn Bandaríkjunum, sem leikinn var í New York árið 2004, og lauk með 4-3 sigri Bandaríkjanna.

FLEIRI Á LEIÐinni YFIR 100 LEIKI FYRIR A KVENNA

Katrín Jónsdóttir er sem kunnugt er lang leikjahæsti leikmaður A landsliðs kvenna frá upphafi. Hún hefur leikið alls 133 leiki og var Edda Garðarsdóttir önnur til að rjúfa 100 leikja múrinn, eins og greint er frá hér að framan. Þess er þó væntanlega ekki langt að bíða að fleiri leikmenn fylgi í kjölfarið og fari yfir 100 A landsleiki. Þóra B. Helgadóttir hefur nú leikið 99 leiki fyrir A kvenna og Dóra María Lárusdóttir er komin í 96 leiki. Þá hefur Margrét Lára Viðarsdóttir leikið 94 sinnum fyrir A landslið kvenna, en hún hefur þó gert hlé á landsliðferlinum þar sem hún á von á sínu fyrsta barni. Margrét Lára er jafnframt, eins og knattspyrnuáhugafólk veit, lang markahæsti leikmaður A landsliðs kvenna frá upphafi með 71 mark.

SIF OG GUÐBJÖRG LÉKU ÁFANGALEIKI

Sif Atladóttir og Guðbjörg Gunnarsdóttir léku áfangaleiki fyrir A landslið kvenna á árinu.

Sif náði þeim áfanga í leiknum við Svía í 8-liða úrslitum EM 2013 að leika sinn 50. landsleik, og Guðbjörg lék sinn 25. leik gegn Þjóðverjum í riðlakeppninni.

ÞÆTTI KATRÍNAR JÓNSDÓTTUR LOKIÐ

Að lokinni úrslitakeppni EM 2013 í Svíþjóð tilkynnti Katrín Jónsdóttir að hún myndi ekki leika fleiri leiki með A landsliði kvenna. Svo fór nú reyndar að hún lék einn leik til viðbótar, fyrsta leik liðsins undir stjórn Freys Alexanderssonar sem var gegn Sviss í undankeppni HM 2015. Þar var Katrín einmitt kvödd með viðeigandi hætti. Katrín hefur átt ótrúlegan feril með landsliðinu. Það er ótrúlegt til þess að hugsa að fyrsti leikur hennar af þeim 133 sem hún lék var árið 1994, áður en yngstu leikmennirnir í landsliðshópnum í dag voru fæddir.

FREYR ALEXANDERSSON RÁÐINN ÞJÁLFARI A-KVENNA

Freyr Alexandersson var í ágúst ráðinn þjálfari A landsliðs kvenna til tveggja ára. Samningur Freys gildir a.m.k. til loka árs 2014, eða fram yfir úrslitakeppni HM 2015, sem fram fer í Kanada, þar sem verða í fyrsta sinn 24 lið og á Evrópa 8 af þessum 24 sætum. Fyrsti leikur liðsins undir stjórn Freys var leikur á Laugardalsvelli þann 26. september, gegn Sviss í undankeppni HM 2015. Freyr, sem er fæddur 1982, hóf þjálfamenntun sína tiltölulega ungur og lauk fyrsta stigi hjá KSÍ árið 2005. Í október var svo tilkynnt um ráðningu Ásmundar Haraldssonar sem aðstoðarþjálfara.

LÉKU MEÐ TVEIMUR LANDSLIÐUM Á ÁRINU

Fjórir leikmenn sem voru gjaldgengir í U19 landslið kvenna og léku með því á árinu komu jafnframt við sögu hjá A landsliði kvenna á árinu. Þetta voru þær Anna María Baldursdóttir, Elín Metta Jensen, Guðmunda Brynja Óladóttir og Sandra María Jessen. Anna María og Guðmunda Brynja komu við sögu hjá A liðinu undir lok ársins, Sandra María lék á Algarve bikarnum snemma árs, og Elín Metta kom við sögu í úrslitakeppni EM í Svíþjóð.

Fimm leikmenn léku bæði með U17 og U19 landsliðum kvenna á árinu. Þetta voru þær Andrea Rán Snæfeld Hauksdóttir, Berglind Hrund Jónasdóttir, Elma Lára Auðunsdóttir, Guðrún Karítas Sigurðardóttir og Sabrína Lind Adolfsdóttir.

LEIKIR Á OPNA NM U17 KVENNA SÝNDIR Í BEINNI

Vefsíðan Sport TV (sporttv.is) sýndi beint frá leikjum í Opna Norðurlandamóti U17 kvenna sem fram fór hér á landi í júlí, alls 8 leiki. Sýnt var beint frá tveimur leikjum á sama leikstað á hverjum leikdegi í riðlakeppninni og síðan frá úrslitaleiknum sjálfum, sem fram fór á Laugardalsvelli, auk leiks Íslands og Englands um sæti. Allar útsendingarnar voru opnar utan Íslands.

STYRKLEIKALISTAR FIFA

Eftir rússíbanareið ársins 2012 á styrkleikalista FIFA, þar sem liðið hrapaði niður í sína lægstu stöðu frá upphafi, en lauk árinu í 90. sæti tók A landslið karla hvert stökkið á fætur öðru árið 2013.

Fyrstu mánuðina var liðið á svipuðum slóðum en kleif strax í apríl upp í 73. sæti og fór aldrei neðar á árinu. Um mitt ár komst liðið í 61. sæti og eftir smá dýfu í júlí náðist 54. sætið í september. Í október kleif liðið enn hærra og náði sinni bestu stöðu innan ársins, 46. sæti. Stöðugleika var náð og í árslok sat íslenska landsliðið í 49. sæti á listanum. Ef einungis Evrópuþjóðir eru teknar með í reikninginn var Ísland í 26. sæti í lok árs. Hæst hefur íslenska liðið náð í 39. sæti á heimslistanum (sept 1995).

FIFA-listi karlalandslíða 2013

Mánuður Sæti

Desember	49
Nóvember	50
Október	46
September	54
Ágúst	70
Júlí	73
Júní	61
Mái	73
Apríl	73
Mars	92
Febrúar	98
Janúar	89

Listinn er gefinn út mánaðarlega. Á honum eru alls 214 virk landslið, þ.e. landslið sem léku opinbera landsleiki á árinu.

A-landslið kvenna lauk árinu 2013 í 19. sæti á styrkleikalista FIFA, og lækkaði þar með um fjögur sæti milli ára. Árin tvö á undan var íslenska liðið í 15. sæti listans, sem er jafnframt hæsta staða sem Ísland hefur náð á listanum. Meðalstaða Íslands frá því listinn var fyrst birtur er 17. sæti og hefur liðið lægst farið niður í sæti númer 21 árin 2006 og 2007. Ef aðeins Evrópuþjóðir eru teknar með í reikninginn er Ísland í 10. sæti í árslok 2013, einu sæti neðar en árið áður.

FIFA-listi kvennalandsliða 2013

Mánuður Sæti

Desember	19
Ágúst	15
Júní	15
Mars	15

Listinn er gefinn út fjórum sinnum á ári. Á honum eru alls 120 virk landslið, þ.e. landslið sem léku opinbera landsleiki á árinu.

75 LANDSLEIKIR Á ÁRINU – ALDREI ÁÐUR JAFN MARGIR

Verkefnum landsliða virðist fjölga með hverju árinu sem líður og met í fjölda landsleikja innan árs er sleginn ár eftir ár. Svo er einnig nú. Heildarfjöldi landsleikja á árinu 2013 var 75, sem er aukning um 6 leiki frá fyrra ári, þegar nýtt met var sett, og jafnframt er þetta í fyrsta sinn sem fjöldinn fer yfir sjötíu leiki. Met voru áður sett árin 2009 (66 leikir) og 2011 (67 leikir), og sem fyrr segir árið 2012 (69 leikir).

Leikjafjöldi A landsliðanna er svipaður milli ára, jafnvel þó A kvenna hafi leikið í úrslitakeppni EM. Nokkur fækkun er hjá U17 karla milli ára, sem skýrist af þátttöku liðsins í úrslitakeppni EM 2012, á móti koma verkefni ungmennaliða karla og kvenna, sem ekki voru til staðar á fyrra ári. Landsleikir ársins 2013 skiptast þannig niður á liðin (tölur 2012 innan sviga):

A karla:	10 leikir (10)
U21 karla:	6 leikir (4)
U19 karla:	10 leikir (8)
U17 karla:	7 leikir (13)
U16 karla:	5 leikir (0)
A kvenna:	13 leikir (12)
U23 kvenna:	Enginn leikur (1)
U19 kvenna:	9 leikir (9)
U17 kvenna:	12 leikir (12)
U16 kvenna:	3 leikir (0)

GYLFI ÞÓR OG SARA BJÖRK KNATTSPYRNUFÓLK ÁRSINS

Leikmannaval KSÍ valdi Gylfa Þór Sigurðsson og Söru Björk Gunnarsdóttur knattspyrnufólk ársins 2013 og var þetta í tíunda skiptið sem knattspyrnufólk ársins er sérstaklega útnefnt af KSÍ. Það eru fjölmargir aðilar, m.a. fyrrverandi landsliðsmenn, þjálfarar og forystumenn í knattspyrnuhreyfingunni, er velja knattspyrnufólk ársins. Veitt eru verðlaun fyrir þrjú efstu sætin hjá körlum og konum.

Gylfi Þór Sigurðsson var svo sannarlega einn af lykilmönnum íslenska landsliðsins á árinu sem náði frábærum árangri í undankeppni HM 2014. Gylfi skoraði mikilvæg mörk, t.a.m. bæði mörkin í sigri á Slóveníu á útivelli og svo gegn Kýpur á heimavelli og lagði einnig upp mikilvæg mörk fyrir félagi sína. Hann lék 8 af 10 landsleikjum Íslands á árinu og skoraði þrjú mörk. Gylfi leikur með Tottenham í ensku úrvalsdeildinni, sem missti naumlega af sæti í Meistaradeild UEFA á síðasta keppnistímabili. Félagið var stórtækt á leikmannamarkaðnum fyrir þetta tímabil, en Gylfi hefur þó leikið í flestum leikjum liðsins í ensku úrvalsdeildinni og skorað nokkur mörk. Þá hefur Gylfi leikið mikið í öðrum keppnum, t.d. í Evrópu-deild UEFA þar sem Tottenham hefur tryggt sér sæti í 32-liða úrslitum. Kolbeinn Sigþórsson var í öðru sæti í valinu og Alfreð Finnbogason í því þriðja.

Sara Björk Gunnarsdóttir var sem fyrr í lykilhlutverki í íslenska kvennalandsliðinu sem komst í 8-liða úrslit í úrslitakeppni EM sem fram fór í Svíþjóð. Þetta er besti árangur kvennalandsliðsins, sem hafði áður komist í úrslitakeppni EM í Finnlandi árið 2009. Sara

lék í 12 af 13 landsleikjum Íslands á árinu og skoraði í þeim 2 mörk. Landsleikirnir eru orðnir alls 66 og mörkin í þeim 14, en Sara er aðeins 23 ára. Sara lék sem fyrr stórt hlutverk í félagsliði sínu, Malmö í Svíþjóð, og fagnaði þar meistaratitlinum í annað sinn á þremur árum. Sara skoraði 8 mörk í 20 leikjum með Malmö sem vann sænska titilinn sannfærandi, tapaði aðeins einum leik af 22 í deildinni. Sara var ein af þremur sem tilnefnd var besti miðjumaður deildarinnar á síðasta tímabili. Tveir landsliðsmarkmenn voru í öðru og þriðja sæti í valinu. Guðbjörg Gunnarsdóttir varð önnur og Þóra Björg Helgadóttir þriðja, en þess má geta að Þóra var valin markvörður ársins í sænsku deildinni.

GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS 2013

Gylfi Þór Sigurðsson, landsliðsmaður og leikmaður Tottenham, var í lok árs útnefndur íþróttamaður ársins 2013 af samtökum íþróttafréttamanna. Hann átti frábært ár með landsliðinu sem og félagsliði sínu á Englandi. Þetta var í 58. sinn sem íþróttamaður ársins er valinn og hafa nú alls átta knattspyrnumenn hlotið útnefninguna, þar af tveir tvisvar sinnum.

Ár	Íþróttamaður ársins
2013	Gylfi Þór Sigurðsson
2011	Heiðar Helguson
2007	Margrét Lára Viðarsdóttir
2005	Eiður Smári Guðjohnsen
2004	Eiður Smári Guðjohnsen
1987	Arnór Guðjohnsen
1984	Ásgeir Sigurvinsson
1975	Jóhannes Eðvaldsson
1974	Ásgeir Sigurvinsson
1973	Guðni Kjartansson

Knattspyrnufólk var áberandi á listanum fyrir 2013, enda náðu landsliðin frábærum árangri. Þau Kolbeinn Sigþórsson, Sara Björk

Gunnarsdóttir og Alfreð Finn-
bogason voru öll á topp 10 ásamt
Gylfa. Auk þessara fjögurra voru
þau Guðbjörg Gunnarsdóttir,
Aron Einar Gunnarsson og Þóra
Björg Helgadóttir á meðal þeirra
23 íþróttamanna sem fengu
atkvæði í kjörinu.

A landslið karla valið lið ársins
Íslenska karlalandsliðið var valið
lið ársins af samtökum íþrótt-
fréttamanna, en liðið komst alla
leið í umspil um sæti á HM og
hlaut afgerandi kosningu sem lið
ársins. Íslenska kvennalandsliðið,
sem náði í 8-liða úrslit á EM
kvenna í Svíþjóð, var líka tilnefnt,
en aðeins þrjú íþróttalið hljóta
tilnefningu í þessum flokki. Loks
varð Sigurður Ragnar Eyjólfsson í
öðru sæti í vali á þjálfara ársins,
en þar eru einungis þrír þjálfarar
tilnefndir.

•••••

EVROPULEIKIR FÉLAGSLIÐA

Þegar litið er til Evrópuleikja
félagssliða var sumarið 2013
býsna eftirminnilegt. Aldrei áður
hafa íslensk félagsslið leikið jafn
marga leiki í UEFA-mótum og
aldrei áður hafa þau náð jafn
langt. Öll íslensku liðin komust
áfram í gegnum a.m.k. eina
umferð, Breiðablik var grátlega
nálægt því að leika í umspili um
sæti í riðlakeppni Evrópudeildar-
innar og FH fór einu skrefi lengra
með þátttöku sinni í því umspili.

MEISTARAEILD UEFA

Íslandsmeistarar FH hófu leik í 2.
umferð forkeppni Meistara-
deildar UEFA. Þar mætti
Hafnarfjarðarliðið litháískum
meisturum síðustu fimm ára,
Ekranas, og vann sigur í báðum
leikjunum. Fyrst mættust liðin
ytra og þar skoruðu FH-ingar
eina mark leiksins í fyrri hálfleik.
Í seinni leiknum vann FH 2-1
sigur eftir að hafa lent undir. Í 3.
umferð forkeppninnar voru
mótherjarnir Austria frá Vínar-
borg, sem hafði betur yfir
viðureignirnar tvær og vann á
minnsta mun. Austurríska liðið
vann 1-0 sigur á sínum heimavelli
og seinni leiknum, í Kaplakrika,
lauk með markalausum jafntefli. Ef
FH hefði komist áfram hefði liðið
komist í umspil um sæti í
riðlakeppninni. Tapið þýddi hins
vegar að FH fór í Evrópudeildina,
í umspil um sæti í riðlakeppni
þeirrar deildar (sjá hér aftar).

EVROPUDEILD UEFA

Þrjú íslensk lið léku í Evrópudeild
UEFA – Breiðablik, ÍBV og KR. Öll
liðin hófu keppni í 1. umferð
forkeppninnar.

Í fyrstu umferðinni virtust Eyja-
menn hafa farið illa að ráði sínu í
fyrri leiknum gegn færeyska
liðinu HB, en liðin gerðu 1-1
jafntefli á Hásteinsvelli í Vest-
mannaeyjum. Eyjapeyjar sluppu
þó fyrir horn í seinni leiknum og
unnu með minnsta mun, með
marki úr vítaspyrnu á síðustu
mínútu leiksins. Hefði leiknum
lyktað með markalausum jafntefli
hefðu Færeyingarnir komist
áfram. KR-ingar mættu Glentoran
frá Norður-Írlandi og þrátt fyrir
mikla sókn að marki gestanna á
KR-vellinum tókst ekki að skora
mark hjá baráttuglöðum Norður-
Írunum. Í seinni leiknum í Belfast
sýndu KR-ingar þó styrk sinn og
unnu sannfærandi 3-0 sigur.
Breiðablik hafði mikla yfirburði
gegn Santa Coloma frá Andorra
og vann öruggan 4-0 sigur á
Kópavogsvellinum. Blikar voru
því nokkuð öruggir áfram fyrir
seinni leikinn, en honum lauk
með markalausum jafntefli. Bæði
lið misnotuðu vítaspyrnu í
leiknum.

Í annarri umferð forkeppninnar
mættu öll íslensku liðin sterkum
liðum með mikla sögu í Evrópu-
keppnum. Mótherjar KR-inga
voru liðsmenn belgíska liðsins
Standard Liege, sem Ásgeir
Sigurvínsson hóf atvinnumann-
ferilinn með á sínum tíma.
Belgarnir reyndust númeri of
stórir og unnu þeir báða leikina
með sama mun, 3-1. Breiðablik
mætti austurríska liðinu Sturm
Graz, sem hampaði m.a.
Intertoto-bikar UEFA árið 2008.
Blikar náðu þeim frækna árangri
að slá Austurríkismennina út úr
keppninni og komast þannig í
þriðju umferð. Fyrri leiknum, sem
fram fór á Kópavogsvelli, lauk
með markalausum jafntefli, og í
seinni leiknum unnu Blikar
frækinn eins marks sigur með
marki í fyrri hálfleik. Rauða

Stjarnan frá Belgrad, sem fagnaði sigri í Evrópukeppni meistaraliða árið 1991 og vann álfukeppni félagsliða sama ár, lagði ÍBV 2-0 í fyrri leik liðanna í 2. umferð forkeppninnar. Eyjamenn stóðu þó vel í serbneska liðinu og í seinni leiknum, á Hásteinsvelli, gerðu liðin markalaust jafntefli og misnotuðu heimamenn m.a. vítaspyrnu.

Breiðablik var því eina íslenska liðið í 3. umferð forkeppninnar, einni umferð umspili um sæti í riðlakeppni Evrópudeildar UEFA. Mótherji Breiðabliks var lið Aktobe frá Kasakstan, sem vann eins marks sigur í fyrri leiknum, og kom markið úr vítaspyrnu á lokamínútu leiksins. Heimaleikur Breiðabliks fór fram á Laugar-dalsvelli. Blikarnir skoruðu í fyrri hálfleik og fleiri mörk voru ekki skoruð í venjulegum leiktíma og framlengingunni sem fylgdi á eftir. Því þurfti að grípa til vítaspyrnukeppni til að ná fram úrslitum og þar höfðu liðsmenn Aktobe betur. Leikmenn Breiðabliks misnotuðu fjórar vítaspyrnur og voru grátlega nálægt því að komast áfram.

Íslandsmeistarar FH höfðu beðið lægri hlut fyrir Austurríkis-meisturum Austria Vín í 3. umferð forkeppni Meistaradeildar UEFA og færðust því yfir í Evrópudeildina, þar sem þeir léku í umspili um sæti í riðlakeppninni. Þar mættu FH-ingar belgíska liðinu Genk, sem vann sigur í báðum leikjum og sló þar með FH út. Fyrri leikurinn fór fram í Kaplakrika og þar unnu gestirnir 2-0. Í seinni leiknum skoruðu heimamenn fyrst áður en FH-ingar svöruðu með tveimur mörkum og breyttu stöðunni, þannig að eitt mark til viðbótar myndi senda FH áfram í keppninni. Að lokum reyndust þó Belgarnir sterkari, skoruðu

þrjú mörk og tryggðu sér sæti í riðlakeppni Evrópudeildar UEFA.

MEISTARADEILD KVENNA

Íslandsmeistarar Þórs/KA tóku þátt í UEFA Meistaradeild kvenna á árinu og hófu keppni í 32-liða úrslitum. Andstæðingarnir voru rússneska liðið Zorkij, sem hafði einmitt slegið Stjörnuna út úr sömu keppni í sömu umferð árið á undan. Rússarnir reyndust sterkari og hafa nú slegið Íslandsmeistarana út tvö ár í röð. Fyrri leiknum, sem fram fór á Þórsvelli á Akureyri, lauk með 2-1 sigri gestanna, sem unnu einnig sigur á sínum heimavelli, 4-1.

LEIKIÐ Í UEFA FUTSAL CUP Á ÓLAFSVÍK

Víkingur Ó. tók þátt í Evrópukeppni félagsliða í Futsal, *UEFA Futsal Cup*, og var þeirra riðill haldinn í Ólafsvík. Þrjú félög léku í riðlinum og voru, auk heimamanna, félög frá Grikklandi og Eistlandi. Framkvæmd Ólafsvíkinga var með miklum ágætum, fullt hús á leikjunum og mikil stemmning, en svo fór að Víkingar höfnuðu í öðru sæti riðilsins og komust ekki áfram, þar sem aðeins efsta liðið hélt áfram keppni.

•••••

MANNVIRKJAMÁL

NORRÆNT MANNVIRKJAÞING HALDIÐ Á ÍSLANDI

Norrænt mannvirkjaþing var haldið á Íslandi dagana 11.-13. september. Þingið sóttu um 20 fulltrúar, frá öllum Norðurlöndunum nema Færeyjum, auk fulltrúa FIFA. Fjallað var um ýmis mál, m.a. náttúrulegt gras og gervigras á knattspyrnuvöllum, rannsóknir á upphitun grasvalla, auk þess sem skoðuð voru knattspyrnumannvirki í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Grindavík og Keflavík. Einnig var fjallað um áhrif leyfiskerfisins á uppbyggingu knattspyrnumannvirkja. Sú uppbygging sem átt hefur sér stað hér á landi á knattspyrnumannvirkjum síðasta áratuginn vakti ósvikna athygli, ekki bara knattspyrnuhúsin heldur ekki síður leikvangarnir. Árið 2000 gátu einungis 5-6 knattspyrnuleikvangar talist hafa sæti fyrir áhorfendur. Árið 2013 er sú tala komin yfir 30 leikvanga og mun líklega hækka árin 2014 og 2015.

KNATTSPYRNUGRASVELLIR Í FULLRI STÆRÐ ORÐNIR 29

Knattspyrnugrasvöllum (gervigrasvöllum) utandyra í fullri keppnisstærð hefur fjölgað á síðustu árum og eru þeir nú orðnir 22 talsins. Knattspyrnuhallir með keppnisvöllum í fullri stærð eru 7, þannig að alls eru nú á landinu 29 knattspyrnugrasvellir (gervigras) í fullri keppnisstærð.

Knattspyrnuhús með keppnisvöllum í fullri stærð:

Akranes	Akraneshöllin
Akureyri	Boginn
Reykjanesbær	Reykjaneshöllin
Kópavogur	Fífan Kórinn
Fjarðabyggð	Fjarðabyggðarhöllin
Reykjavík	Egilshöll

Vellir með knattspyrnugrasi (gervigrasi) utanhúss með keppnisvöllum í fullri stærð:

Akureyri	KA-völlur
Árborg	Selfossvöllur
Fjarðabyggð	Norðfjarðarvöllur
Fljótsdalshérað	Fellavöllur
Garðabær	Stjörnuvöllur
Hafnarfjörður	Ásvellir
Húsavík	Húsavíkurvöllur
Ísafjörður	Torfneshöllur
Kópavogur	Fagrilundur Við Kórinn
Mosfellsbær	Varmárvöllur
Reykjavík	Framvöllur Fylkissvöllur ÍR-völlur KR-völlur Leiknisvöllur Úlfarsárdalur Valsvöllur Við Egilshöll Víkingsvöllur Þróttarvöllur
Seltjarnarnes	Gróttuvöllur

Við upptalninguna má auðvitað bæta æfingavöllum og -húsum:

Garðabær	Stjörnuvöllur (2 vellir)
Grindavík	Hópið (hús)
Hafnarfjörður	Kaplakriki Risinn (hús)
Hornafjörður	Báran (hús)
Hveragerði	Hamarshöllin (hús)
Mosfellsbær	Varmá
Seltjarnarnes	Gróttuvöllur
Vestmannaeyjar	Eimskipshöllin (hús)
Þorlákshöfn	Þorlákshafnarvöllur

Hér hafa ekki verið taldir upp sparkvellirnir, sem byggðir voru um allt land í miklu átaki fyrir nokkrum árum og telja vel á annað hundrað.

STÚKUFAMKVÆMDIR Á ÍSAFIRÐI, ÓLAFSVÍK OG Í ÁRBÆ

Framkvæmdir á knattspyrnumannvirkjum hafa heldur verið á uppleið undanfarin tvö ár. Ný stúka var vígð á Ísafirði, með 540 sætum. Þá fóru framkvæmdir við stúkubyggingu á Fylkissvelli aftur í gang af fullum krafti í lok sumars og lýkur þeirri framkvæmd vonandi fyrir keppnistímabilið 2014. Stúka í Ólafsvík var stækkuð, tekur nú um 500 manns og voru fyrstu leikir Víkings í Pepsi-deildinni mjög vel sóttir.

RÁÐGJÖF OG AÐSTOÐ MANNVIRKJANEFNDAR

Mannvirkjanefndin er aðildarfélagum og sveitarfélagum til ráðgjafar vegna framkvæmda tengdum knattspyrnumannvirkjum. Meðal slíkra verkefna á árinu má nefna nýja stúku við Fylkissvöll, umgjörð Norðfjarðarvallar, húsbyggingarmál í Grindavík og vallahús á Húsavík. Kalt vor á Norðurlandi olli því að miklar kalskemmdir urðu á mörgum völlum þar, og voru þær verstar á Sauðárkróki, þar sem nánast allur völluminn var kalinn. Mannvirkjanefnd fór vettvangsferð á svæðið og skilaði í framhaldi af því tillögum um aðgerðir. Þá var nefndin framkvæmdastjóra KSÍ til ráðgjafar við umfjöllun umsókna í mannvirkjasjóð KSÍ og tillögur sem lagðar voru fyrir stjórn KSÍ á grundvelli þeirra. Nefndin veitti jafnframt áframhaldandi stuðning við tilraunaverkefni um upphitun valla sem Landbúnaðarháskólinn kom á laggirnar á árinu 2008 og stýrir, en verkefnið er styrkt af OR og KSÍ.

ÚTHLUTAÐ Í 12 VERKEFNI ÚR MANNVIRKJASJÓÐI

Stjórn KSÍ ákvað á fundi sínum í apríl úthlutun úr mannvirkjasjóði KSÍ og er þetta í sjötta skiptið sem úthlutað er úr sjóðnum. Alls var úthlutað til 12 verkefna og í samræmi við reglugerðina njóta forgangs þær umsóknir sem miða að því að uppfylla leyfiskerfi KSÍ. Sjóðnum er ætlað að styðja við nýframkvæmdir knattspyrnumannvirkja til þess að skapa iðkendum, stjórnendum, áhorfendum og öðrum sem besta aðstöðu.

Umsókn	Verkefni	Styrkur
Fjölirnir	Ýmsar framkvæmdir, blm.aðstaða, inngangur o.fl.	2 mkr
Tindastóll	Blm.aðstaða við Sauðárkróksvöll	850 þús
KA	Gervigrasvöllur o.fl. á æfingasvæði	10 mkr
Víkingur Ó	Stúkubygging, varam.skýli o.fl.	10 mkr
Keflavík	Viðbótarsæti í stúku o.fl.	500 þús
Víðir	Ýmsar framkvæmdir við völlum, girðingar o.fl.	1 mkr
Einherji	Nýr grasvöllur á malarvöllum	3 mkr
ÍA	Æfinga- og vallahús	3,5 mkr
Ægir	Stúkubygging á Þorlákshafnarvelli	2,5 mkr
Völsungur	Búnings- og félagsaðstaða	7 mkr
Landbúnaðarháskólinn	Rannsókn á upphitun grasvalla	500 þús
FH	Æfingahúsnæði - upphitað hús 25x50	10 mkr

KRISTINN VALINN VALLARSTJÓRI ÁRSINS HJÁ SÍGÍ

Í mars 2013 stóðu Samtök íþrótt- og golfvallastarfsmanna

(SÍGÍ) fyrir ráðstefnu um uppbyggingu og viðhald golf- og knattspyrnuvalla. Samhliða ráðstefnunni héldu samtökin aðalfund sinn og þar var bryddað upp á þeirri nýjung að velja vallarstjóra ársins, bæði fyrir golfvelli sem og knattspyrnuvelli.

SÍGÍ leitaði til aðila innan knattspyrnunnar og bað þá um að velja þá velli sem þeim þóttu bestir sumarið 2012. Þeir sem fengu boð um að velja vallarstjóra ársins voru dómarmar og þjálfarar í efstu deild karla. Svörunin var með ágætum og fór það svo að Kristinn V. Jóhannsson á Laugarðalsvelli var kjörinn vallarstjóri ársins 2012 og var hann vel að þeim titli kominn.

.....

ÞJÁLFAFRÆÐSLA, ÚTBREIÐSLA OG HÆFILEIKAMÓTUN

777 ÞÁTTTAKENDUR Á FRÆÐSLUVIÐBURÐUM

KSÍ hélt 26 fræðsluviðburði á árinu fyrir 777 þátttakendur. KSÍ hefur aldrei haldið fleiri fræðsluviðburði á einu ári. Að auki bauð KSÍ upp á tvö námskeið í fjarnámi í samvinnu við *Sportspath.com* og *League Managers Association* í Englandi. KSÍ bauð jafnframt upp á markmannsþjálfunarnámskeið í samvinnu við Pat Bonner sem er virtur markmannsþjálfari og situr í fræðslunefnd UEFA. KSÍ bauð upp á þrjú endurmenntunarnámskeið á árinu sem voru mjög vinsæl, Magni Mohr, sem starfað hefur með Chelsea, Juventus og danska landsliðinu sem fitnessráðgjafi, kom tvisvar hingað til lands og hélt námskeið um líkamlega þjálfun knattspyrnumanna auk þess sem Brad Douglass, fræðslustjóri *Coerver Coaching*, kom hingað til lands og hélt námskeið um tækniþjálfun.

ÞJÁLFAFARAMENNTUN

KSÍ býður upp á tvær þjálfara-gráður, KSÍ-B og KSÍ-A. Þessar gráður hafa hlotið gæðastimpil UEFA og eru viðurkenndar í öllum löndum Evrópu. 563 þjálfarar hafa lokið við KSÍ B gráðuna, 165 þjálfarar hafa lokið við KSÍ A gráðu til viðbótar og 9 þjálfarar hafa lokið við UEFA Pro gráðu. Þjálfarar þurfa svo að viðhalda þjálfaragráðunni sinni með 15 tíma endurmenntun á 3 ára fresti og KSÍ býður reglulega upp á endurmenntunarnámskeið. Á árinu voru kröfur um menntun markmannsþjálfara stórauknar í

reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara. Fyrstu markmannsþjálfararnir hafa nú þegar lokið við markmannsþjálfara-gráðu KSÍ. KSÍ ákvað jafnframt að gera þjálfaraskóla KSÍ hluta af UEFA B og UEFA A námskránni til að auka við verklega hlutann á þjálfaranámskeiðunum. Hugmyndin á bak við þjálfaraskólann er að reyndur kennari deili reynslu sinni og þekkingu með þjálfara sem er styttra á veg kominn.

EILÍTIL FÆKKUN IÐKENDA MILLI ÁRA

ÍSÍ tekur árlega saman tölfræði yfir iðkendur hjá sérsamböndunum. Tölur sem birtar eru í árslok 2013 eru fyrir árið 2012. Sem fyrr eru langflestir iðkendur hjá KSÍ, þó eilítil fækkun sé milli árána 2011 og 2012, eða 0,38%. Rétt er þó að geta þess að nokkur fækkun iðkenda var milli árána 2010 og 2011, eða 5%, þannig að um er að ræða fækkun tvö ár í röð.

Skráðum iðkendum í knattspyrnu fækkar um 0,38% milli ára og voru iðkendur árið 2012 alls 19.672 talsins. Þetta er fækkun um 75 iðkendur frá árinu 2011. Eingöngu er um fækkun að ræða í aldurshópnum 16 ára og eldri þar sem fækkar um 325 karla og 94 konur. Iðkendum 16 ára og yngri fjölgar hins vegar lítillaga bæði hjá drengjum (159) og stúlkum (185).

Geta þarf þess að í tölum ÍSÍ er ekki tekið tillit til þeirra fjölmörgu iðkenda sem leika í utan-deildum, eða þeim sem leika t.d. hádegis- eða kvöldbolta með vinum og kunningjum, þ.e. unga jafnt sem aldna sem leika knattspyrnu eingöngu sér til skemmtunar og heilsuþótar. Í

tölum ÍSÍ er einungis um að ræða skráða iðkendur hjá íþróttafélögunum sem stunda knattspyrnu á vegum þeirra. Næst flestir iðkendur samkvæmt tölum ÍSÍ voru í golfi (17.129) og hestaíþróttum (10.783), en þetta er einu greinarnar þar sem iðkendafjöldinn fer yfir 10 þúsund, þó fimleikar sækir verulega á, með 9.656 iðkendur alls og hækkun um meira en 1.500 á síðustu tveimur árum. Fimleikar eru sú íþróttgrein sem telur flesta iðkendur meðal kvenna, eða 6.803, en heildarfjöldi kvenna sem iðkar knattspyrnu er 6.199.

Aukning iðkenda í fimleikum milli ára (6,16%) er athyglisverð og ekki síður aukning í handknattleik (9,84%) og körfuknattleik (2,94%).

Alls eru rúmlega 86.000 einstaklingar skráðir íþróttaiðkendur, sem jafngildir því að rúm 27% þjóðarinnar stundi íþróttir með félagi innan ÍSÍ – nánast óbreyttar tölur frá árinu 2011.

UEFA STUDY GROUP SCHEME

KSÍ tók áfram þátt í stóru fræðsluverkefni á vegum UEFA á árinu sem nefnist *UEFA Study Group Scheme*, en fulltrúar KSÍ voru að þessu sinni eingöngu í hlutverki gesta. Verkefnið snýst um að kynnast ólíkum þáttum knattspyrnunnar í öðrum samböndum innan Evrópu og deila þekkingu milli aðildarlanda UEFA. Þátttakendur í fræðsluverkefnunum hafa verið starfsfólk KSÍ, nefndarfélag, sérfræðingar og fulltrúar frá aðildarfélögum.

Fulltrúar Íslands sóttu nokkrar erlendar ráðstefnur í þessu verkefni á árinu. Í maí var t.a.m. farið til Bern í Sviss ásamt

Norður-Írum og Skotum. Þar fóru Svisslendingar ítarlega yfir sín grasrótarmál og kynntu nokkur afar áhugaverð verkefni, sem sneru m.a. að því að bera virðingu fyrir dómáranum, vekja athygli á fæðingardagsáhrifum í knattspyrnu, auk þess sem fjallað var um verndun barna í knattspyrnu. Í október var farið til Edinborgar í Skotlandi ásamt Færeyingum og Maltverjum. Skotarnir kynntu sitt grasrótarstarf í Edinborg og farið var í tvo fremstu grasrótarklúbba borgarinnar sem kynntu starfsemina. Skotarnir kynntu einnig tilrauna-verkefni þar sem 12 ára krakkar geta sleppt út einu fagi í skóla og valið knattspyrnu í staðinn. Auk fyrrgreindra viðburða sóttu íslenskir fulltrúar Austurríki, Holland og Þýskaland með það fyrir augum að kynna sér þjálfun.

STYRKIR TIL FRÆDSLUMÁLA

KSÍ veitti 6 styrki til fræðslumála á árinu. Styrkur KSÍ er í formi farseðils á áfangastað Icelandair og til baka og að venju voru umsóknirnar margar. Markmiðið með þessum styrkjum er að auðvelda áhugasömum aðilum í knattspyrnuhreyfingunni að sækja sér fræðslu erlendis. Styrkþegar skila svo inn skýrslu um ferð sína, sem er birt á fræðsluvef KSÍ. Tveir þjálfarar kynntu sér þjálfun hjá erlendum félögum, einn fór til Reading á Englandi og annar til AC Milan á Ítalíu í samfloti með norska þjálfarafélaginu. Þá hlaut einn þjálfari styrk til að sækja UEFA Pro námskeið hjá enska knattspyrnusambandinu. Loks var einn styrkur veittur til að viðkomandi gæti sótt ráðstefnu um forvarnir gegn kynferðisafbrotum innan íþróttar.

KNATTSPYRNUSKÓLI KSÍ

Knattspyrnuskólar drengja og stúlkna fóru að venju fram að Laugarvatni í júní. Hjá drengjunum fór skólinn fram dagana 17.-21. júní og hann sóttu samtals 46 drengir. Freyr Sverrisson var skólastjóri eins og síðustu ár. Skóli stúlkanna fór fram dagana 11.-14. júní og sóttu hann 39 stúlkur. Mist Rúnarsdóttir var skólastjóri.

MARKMANNSSKÓLI KSÍ

Markmannsskóli KSÍ, sem ætlaður er drengjum og stúlkum í 4. flokki, var haldinn á Akranesi í annað sinn. Markmannsskóli drengja fór fram 4.-6. október og hann sóttu 30 drengir. Markmannsskóli stúlkna fór fram dagana 20.-22. september og sóttu hann 23 stúlkur. Skólastjóri hjá bæði drengjum og stúlkum var Lúðvík Gunnarsson.

ÚRTÖKUMÓT

Hið árlega úrtökumót drengja fór fram að Laugarvatni í ágúst. Þar komu saman 64 leikmenn frá 32 félögum víðs vegar af landinu og fór mótið að venju vel fram. Úrtökumótið var haldið vegna vals á drengjum sem eru gjaldgengir í U17 liðið 2014.

Úrtökumót stúlkna fór einnig fram að Laugarvatni í ágúst. Á þessu úrtökumóti stúlkna komu saman 58 leikmenn frá 24 félögum og fór mótið vel fram. Úrtökumótið var haldið vegna vals á stúlkum sem eru gjaldgengar í U17 liðið 2014.

FRAM HLAUT VIÐURKENNINGU FYRIR GRASRÓTARSTARF

Fram hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir besta grasrótarverkefni ársins 2013. Veturinn 2012-2013 hóf Knattspyrnudeild Fram tilraun með að bjóða upp á fótboltaæfingar á leikskólatímum fyrir börn á leikskólaaldri, þannig að börnin myndu æfa á þeim tímum dagsins sem þau voru í leikskólanum, en ekki seinnipart dags. Unnið var að verkefninu í samstarfi við leikskóla í Grafarholti og aðra hagsmunaaðila og voru móttökur alls staðar góðar. Verkefnið gekk afar vel og iðkendum á þessum aldri fjölgaði úr 30 í rúmlega 100. Áframhald er á verkefninu veturinn 2013-2014 og hafa önnur íþróttafélög og leikskólar annars staðar sýnt verkefninu áhuga.

ÍSLANDSLEIKAR SPECIAL OLYMPICS Í GRASRÓTARVIKU

Grasrótarvika UEFA 2013 var 19.-25. maí og í tengslum við hana voru haldnir Íslandsleikar Special Olympics í samstarfi við Íþróttasamband fatlaðra og KRR. Leikarnir voru haldnir í Egilshöll og í fyrsta skipti var einnig leikið í *Unified* 7 manna knattspyrnu-liðum þroskahamlaðra og meðspilara. Tvö félög þroskahamlaðra og Fjölbrotarskólinn í Breiðholti tóku þátt í *Unified* mótinu og þrjú félög í hefðbundna mótinu. *Unified* mótið tókst það vel að ákveðið var að leika eingöngu *Unified* knattspyrnu á næstu Íslandsleikum, sem haldnir voru í nóvember með 90 þátttakendum og tókust frábærlega í alla staði. Meðspilarar þar komu úr lögreglunni í Keflavík og frá Ríkislögreglustjóra, ásamt nemendum úr Fjölbrotaskóla Suðurnesja.

LÆKNARÁÐSTEFNA HALDIN Í HÖFUÐSTÖÐVUM KSÍ

Í byrjun árs 2013 var haldin lækningaráðstefna í höfuðstöðvum KSÍ þar sem fjallað var um ýmis málefni tengd knattspyrnu, meiðsli og annað. Ráðstefnustjóri var Reynir Björnsson og tóku 9 lækningar þátt, auk leiðbeinenda. Meðal annars var fjallað um skyndidauða knattspyrnumanna (orsakir og skimun), astma, sykursýki, heilahristing og fleira, auk þess sem þreytt var krossapróf frá UEFA og verklegt próf.

VERKEFNI NEMENDA Í FJÖLMIÐLAFRÆÐI ÚR FÁ

Í nóvember komu tveir nemendur úr fjölmiðlafræði 103 við Fjölbrotarskólann við Ármúla í heimsókn til KSÍ og fylgdust með öllum verkefnum sem sneru að fjölmiðlum, aðstöðu þeirra og þjónustu við þá á leik Íslands og Frakklands hjá U21 karla. Nemendurnir tóku virkan þátt í verkefnunum og eftir leik brugðu þau sér í hlutverk blaðamanna og tóku viðtöl við þjálfara og leikmenn. Nemendahópar úr þessum áfanga í FÁ hafa í tvígang komið í heimsókn til KSÍ og fengið fyrirlestur um fjölmiðlamál í knattspyrnu, og þá sérstaklega í tengslum við landsleiki, auk þess að skoða vel og vandlega öll svæði á leikvanginum sem ætluð eru fulltrúum fjölmiðla. Þessir tveir nemendur tóku námið svo skrefinu lengra með virkri þátttöku í hagnýtu og raunverulegu verkefni.

Það er nokkuð reglulegt að hópar heimsæki KSÍ og Laugardalsvöll og fari í skoðunarferð um mannvirkið, auk þess að fá fræðslu um starfsemi KSÍ og knattspyrnu á Íslandi. Til KSÍ

hafa komið litlir jafnt sem stórir hópar nemenda úr leikskólum og grunnskólum sem finnst afar spennandi að skoða búningsklefa, varamannabekki og ýmsa aðra aðstöðu á leikvanginum og hafa hóparnir jafnan verið leystir út með gjöfum. Einnig hafa nemendur í framhaldsskólum og háskólum fengið fræðslu um tiltekin viðfangsefni eins og fjölmiðlaaðstöðu og þjónustu við fjölmiðla á landsleikjum á Laugardalsvelli (sjá hér að ofan), og svo um markaðsstarf í knattspyrnu og þá með sérstaka áherslu á kostun fyrirtækja (sponsorship) í tengslum við knattspyrnufélög og knattspyrnumót.

•••••

SAMFÉLAGSLEG VERKEFNI

RAUÐAR REIMAR Í ÚRSLITALEIKJUM

Dagana 27. og 28. apríl fóru fram fjórir úrslitaleikir í Lengjubikarnum. Allir leikmenn í þeim liðum sem léku til úrslita þessa daga voru með rauðar reimar á sínum knattspyrnuskóm til stuðnings Special Olympics á Íslandi. Íþróttasamband fatlaðra er umsjónaraðili starfs Special Olympics á Íslandi, en alþjóðasamtök Special Olympics standa að verkefni *Laces Campaign*, sem byggir á sölu á rauðum reimum með merki Special Olympics og er liður í alþjóðlegu verkefni. Fjöldmörg íþróttalið og íþróttafólk úr hinum ýmsu greinum um allan heim hefur stutt verkefnið og tekur Special Olympics á Íslandi nú þátt í fyrsta sinn. Knattspyrnuhreyfingunni var ljúft og skylt að taka þátt og leikmönnum liðanna sönn ánægja að reima skóna sína með rauðum reimum af þessu tilefni.

HÁTTVÍSIDAGAR FIFA 2013

FIFA stóð fyrir sérstökum háttvísidögum í 17. sinn á árinu, en þeir voru fyrst haldnir árið 1997. Háttvísidagarnir eru haldnir hátíðlegir á ýmsan hátt í öllum aðildarlöndum FIFA, allt frá grasrótarknattspyrnu og til milliríkja-leikja. Að þessu sinni urðu dagarnir 6. til 10. september fyrir valinu, en á því tímabili fóru m.a. fram landsleikir um allan knattspyrnuheiminn. Minnt var á háttvísidaga FIFA hér á Íslandi í tengslum við A landsleik karla við Albaníu þann 10. september.

PEACE ONE DAY Í 15. SINN

Þann 21. september 2013 var alþjóðlegur dagur friðar haldinn í 15. sinn – *Peace One Day*. Markmið verkefnisins er að hvetja stríðandi fylkingar um heim allan til að leggja niður vopn í einn dag, þennan mánaðardag ár hvert. Knattspyrnuhreyfingin um allan heim tók sem fyrr þátt í þessu verkefni og tileinkaði alla knattspyrnuleiki sem fram fóru þennan dag baráttunni fyrir friði í heiminum, í öllum aðildarlöndum Sameinuðu þjóðanna. KSÍ og knattspyrnuhreyfingin á Íslandi lögðu sitt af mörkum, eins og árin á undan. Á þessum degi fóru fram lokaumferðirnar í 1. og 2. deild meistaraflokks karla og voru allir leikirnir tileinkaðir baráttunni fyrir heimsfriði.

MOTTUMARS OG BLEIKA SLAUFAN

KSÍ tók að venju þátt í vitundarátökum Krabbameinsfélagsins, *Mottumars* og *Bleiku slaufunni*.

Mottumars gengur út á að vekja fólk til vitundar á krabbameini í körlum. Knattspyrnuhreyfingin var hvött til að taka virkan þátt. *Mottumars* var að venju afar vinsæll, þátttökan frábær og aðstandendur verkefnisins eiga hrós skilið.

Þá tók KSÍ einnig þátt í *Bleiku slaufunni*, sem gengur út á að vekja athygli á baráttunni við brjóstakrabbamein. Af því tilefni var bleiki liturinn allsráðandi á vef KSÍ í október, eins og áður þegar þetta átaksverkefni hefur staðið yfir.

KSÍ STUÐNINGSADILI UMHYGGJU 2013

Á árinu 2013 var KSÍ, ásamt 18 öðrum fyrirtækjum og félagsamtökum, sérstakur stuðningsaðili *Umhyggju* – félags til stuðnings langveikum börnum. Umhyggja vinnur að bættum hag langveikra barna og fjölskyldna þeirra. Í félaginu starfa foreldrar langveikra barna, fagfólk innan heilbrigðiskerfisins og annað áhugafólk.

Markmið félagsins eru að tryggja foreldrum og öðrum aðstandendum aðstöðu og réttindi til að dvelja hjá veikum barni sínu án þess að verða fyrir verulegri tekjuskerðingu. Einnig að upplýsa börn og aðstandendur, heilbrigðisstarfsfólk, stjórnvöld og almenning um réttindi og skyldur í málefnum langveikra barna.

FETAÐU VEGINN AÐ HEILBRIGÐU HJARTA

Alþjóðlegi hjartadagurinn var haldinn síðustu helgina í september, en þessi dagur var fyrst haldinn hátíðlegur árið 2000, og er slagorð hans „*Fetaðu veginn að heilbrigðu hjarta*“. Markmiðið með þessum degi er ávallt að upplýsa fólk um þá staðreynd að hjartasjúkdómar og heilablóðföll eru helsta dánarorsök alls mannkyns og draga til dauða allt að 17,3 milljónir manna ár hvert í heiminum. KSÍ tók þátt í þessu árveknisátaki með félagunum sem leika í Pepsi-deild karla og var vakin athygli á alþjóðlega hjartadeginum í lokaumferð Pepsi-deildarinnar, sem fram fór laugardaginn 28. september.

EKKERT HATUR – ORÐUM FYLGIR ÁBYRGÐ

Föstudaginn 11. október var farið af stað með verkefni gegn hatursorðræðu á Íslandi. Verkefninu, sem meðal annars er beint gegn hatursáróðri og kynþáttafordómum var ýtt úr vör á landsleik Íslands gegn Kýpur í undankeppni HM 2014, sem fram fór þann dag á Laugardalsvelli. Hópur stofnana og samtaka á Íslandi stendur á bak við átakið og er það hluti af verkefni Evrópuráðsins sem ber heitið *No Hate Speech Movement*. Verkefnið stendur fyrir jafnrétti, virðingu, mannréttindum og fjölbreytileika. Því er beint gegn hatursáróðri, kynþáttafordómum og mismunun á netinu. Markmiðin eru m.a. að stuðla að vitundarvakningu um hatursáróður og hatursorðræðu á netinu meðal ungs fólks, kynna þau fyrir mikilvægi miðlalæsis, styðja þau í að verja mannréttindi á netinu og utan þess og auka vitund gegn hatursáróðri á netinu.

ATHYGLINNI BEINT AÐ NEYÐARAÐSTOÐ UNICEF

Landslið karla í knattspyrnu beindi í aðdraganda umspilsleikjanna við Króatíu í nóvember athyglinni að börnum sem eiga um sárt að binda. Leikmenn hvöttu landsmenn til að leggja neyðarstarfi UNICEF á Filippseyjum lið í kjölfar eins stærsta fellibyls sögunnar. UNICEF hefur löngum unnið með knattspyrnuliðum og leikmönnum um allan heim við að vekja athygli á bágum aðstæðum barna og bæta þær.

LEIKUR ÁN FORDÓMA

Háttvísiátakið *Leikur án fordóma*, sem er samstarfsverkefni Borgunar og KSÍ, hélt áfram á árinu. Verkefnið miðar að því að útrýma fordómum og mismunun af öllu tagi úr knattspyrnunni á Íslandi, koma í veg fyrir einelti og leggja áherslu á heiðarlegan leik.



LEYFISKERFI KSÍ

TOPPEINKUNN Í ÁRLEGRI GÆÐAÚTTEKT UEFA

Skipulag og vinnureglur leyfiskerfis KSÍ fengu topppeinkunn í árlegri gæðaúttekt UEFA, sem fram fór í ágúst. Það er alþjóðlega matsfyrirtækið SGS sem framkvæmir úttektina í öllum aðildarlöndum UEFA. Í umsögn fulltrúa SGS um leyfiskerfi KSÍ kom fram að það sé uppsett og rekið á „framúrskarandi“ hátt. Úttekt þessi er sem fyrr segir árleg, er afar víðtæk og tekur á öllum þáttum leyfiskerfisins og skipulags þess. Knattspyrnusamband sem stenst ekki þessa gæðaúttekt á það á hættu að missa leyfið til að stjórna leyfiskerfinu og gefa út þátttökuleyfi, og þá myndi UEFA taka yfir leyfisstjórn í viðkomandi landi.

Alls þarf KSÍ að uppfylla 16 ákvæði í mörgum liðum í gæðastaðli leyfiskerfisins, sem UEFA gefur út. Engar athugasemdir voru gerðar og var gæðavottunin staðfest. Fulltrúi SGS lýsti að öllu leyti yfir mikilli ánægju með uppsetningu leyfiskerfis KSÍ, skipulag þess og vinnuferla. SGS staðfesti því gæðavottun á leyfiskerfi KSÍ. Vottunin er veitt til þriggja ára í senn, en er endurskoðuð á ári hverju. Á þessu ári rann einmitt út gæðavottun frá 2010 og hefur hún nú verið endurnýjuð, gildir frá ágúst 2013 til og með ágúst 2016.

FUNDUR 15 AÐILDARLANDA UEFA HALDINN Á ÍSLANDI

Dagana 18. og 19. júní fór fram vinnufundur UEFA um leyfismál og fjárhagslega háttvísi. Fundað var í höfuðstöðvum KSÍ og var

Þetta í fyrsta skipti sem þessi árlegi fundur fer fram hér á landi. UEFA skiptir aðildarlöndunum í nokkra flokka miðað við „stærð“ sambandanna. Þannig eru KSÍ og hin 14 samböndin sem funduðu hér á landi „smærri“ samböndin innan UEFA. Á þessum fundum er jafnan fjallað almennt um leyfiskerfið, regluverkið, vinnulag, þær breytingar sem þegar hafa verið gerðar og þær breytingar sem framundan eru. Þessi sambönd eiga margt sameiginlegt þegar kemur að rekstri leyfiskerfis og eru því jafnan rædd sameiginleg hagsmunamál og viðfangsefni, og geta samböndin komið með tillögum að umfjöllunarefni. Að auki er þetta ávallt kjörinn vettvangur fyrir samböndin að deila reynslu sinni.

UEFA var með fimm fulltrúa á fundinum - þriðjung starfsfólk úr leyfisdeildinni þar á bæ. Aðrir fulltrúar á fundinum komu frá Andorra, Eistlandi, Finnlandi, Færeyjum, Írlandi, Íslandi, Lettlandi, Liechtenstein, Litháen, Lúxemborg, Möltu, Norður-Írlandi, San Marínó, Wales og loks Gíbraltar, sem hefur nýverið fengið inngöngu í UEFA og var þarna í fyrsta sinn með fulltrúa á formlegum UEFA-viðburði sem fullgild aðildarþjóð. Auk kynninga frá fulltrúum UEFA kynnti KSÍ starfsemi sína í tengslum við leyfiskerfið og þann árangur sem hefur unnist frá innleiðingu kerfisins haustið 2002, auk þess að kynna sérstaklega það starf sem unnið er í þjálfaramenntun og uppeldi ungs knattspyrnufólks hér á landi. Í tengslum við það fór hópurinn í heimsókn til Breiðabliks, þar sem fulltrúar félagsins kynntu sitt uppeldisstarf og sýndu þá aðstöðu sem félagið hefur til umráða og aðgang að.

HÁTT Í 300 LEIKMENN Í LÆKNISSKOÐUN Á HVERJU ÁRI

Hátt í 300 leikmenn hjá félögunum 12 í Pepsi-deild karla undirgangast læknisskoðun á ári hverju vegna þeirra krafna sem settar eru fram í leyfisreglugerð KSÍ. Um er að ræða 19. grein leyfisreglugerðarinnar, sem kveður jafnframt á um að félög sem leika í UEFA-mótum þurfi að tryggja að þeirra leikmenn undirgangist læknisskoðun samkvæmt þeim kröfum sem settar eru fram í viðkomandi mótareglugerð UEFA. Sú skoðun gengur lengra en hin almenna læknisskoðun og felst meginmunurinn í þeim kröfum sem gerðar eru til hjartaskoðunar.

Í fylgigögnum með leyfisumsókn þarf að vera staðfesting á því að læknisskoðunin hafi farið fram á fyrra ári. Félag sem sækir um þátttökuleyfi fyrir keppnistímabilið 2014 leggur þannig fram staðfestingu á að læknisskoðun leikmanna hafi farið fram á árinu 2013. Leyfiskerfi KSÍ nær til tveggja efstu deilda karla, en krafan um læknisskoðun nær þó eingöngu til félaga í Pepsi-deild karla. Um er að ræða svokallaða A-kröfu, sem þýðir að hana verður skilyrðislaust að uppfylla ætli viðkomandi félag sér að fá þátttökuleyfi.

LEYFISFERLIÐ FYRIR KEPPNISTÍMABILÍÐ 2013

Leyfisferlinu fyrir keppnistímabilið 2013, því ellefta í röðinni, lauk í apríl með staðfestingu ákvarðana leyfisráðs varðandi leyfisumsóknir félaga í Pepsi-deild karla og 1. deild karla. Leyfisráð samþykkti þátttökuleyfi 2013 til handa öllum umsækjendum í Pepsi-deild og 1. deild, þ.e. 24 félögum. Félögin

urðu öll að uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í leyfisreglugerð KSÍ. Í reglugerðinni er lýst leyfisveitingaferlinu og þeim lágmarkskröfum sem félög verða að mæta á 5 sviðum sem snúa m.a. að knattspyrnulegu uppeldi leikmanna, æfingaaðstöðu, menntun þjálfara, aðstöðu áhorfenda og fjölmiðla, og síðast en ekki síst í fjármálum. Kröfurnar sem gerðar eru til félaga í 1. deild eru að grunni til þær sömu, en í sumum ákvæðum lægri en í Pepsi-deild. Félög sem undirgangast leyfiskerfið í fyrsta sinn fá eins árs aðlögunartíma.

Með leyfisumsókn félaga í báðum deildum þurftu að fylgja staðfestingar á því að engin vanskil væru hjá viðkomandi félagi við leikmenn og aðra starfsmenn, eða vegna félagaskipta. Átta félög, þriðjungur allra leyfisumsækjenda, sóttu um frest til aðlögunar vegna mannvirkjaframkvæmda við velli, t.d. aðstöðu fyrir áhorfendur, og var sá frestur veittur með sérstakri samþykkt stjórnar gegn því að strax yrðu stigin ákveðin skref í því að bæta aðstöðuna og að lögð væri fram áætlun um framkvæmdir og staðfesting á því að framkvæmdum yrði lokið innan setts tímaramma.

Við leyfisveitingu var umsóknum þriggja félaga vísað til aga- og úrskurðarnefndar þar sem þau uppfylltu ekki svokallaðar B-greinar, sem leiða ekki til synjunar á þátttökuleyfi séu þær ekki uppfylltar, heldur til viðurlaga sem ákveðin eru af aga- og úrskurðarnefnd. Eitt félag sætti viðurlögum þar sem grein um menntun þjálfara yngri flokka var ekki uppfyllt og tvö sættu viðurlögum þar sem fulltrúar þeirra höfðu ekki sótt viðeigandi fræðslu um knattspyrnulögin, breytingar á þeim milli ára og um

áhersluatriði dómaranefndar. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ fjallaði um mál félaganna á fundi í lok mars og veitti þeim öllum viðvörðun þar sem um fyrsta brot var að ræða. Þá var þeim tilmælum beint til nokkurra félaga að fylgjast með endurmenntun þjálfara sinna vegna útrunninna skírteina og enn öðrum bent á að fylgjast með því að menntun aðstoðarþjálfara yngstu flokka uppfylli settar kröfur.

VIÐMIÐUNARREGLUR UM FJÁRHAGSSTÖÐU TAKA GILDI

Í leyfisferlinu fyrir keppnistímabilið 2014 tóku gildi viðmiðunarreglur um fjárhagsstöðu þeirra félaga sem undirgangast kerfið. Annars vegar er um að ræða reglur um eiginfjárstöðu og hins vegar um skuldabyrði. Segja má að þessar viðmiðunarreglur gjörbreyti í raun þeim fjárhagslegu kröfum sem gerðar eru til þeirra félaga sem undirgangast leyfiskerfið. Reglurnar voru fyrst kynntar fyrir aðildarfélögum KSÍ haustið 2012 og hafa síðan verið kynntar á tveimur fundum með leyfisfulltrúum félaganna (desember 2012 og desember 2013) og tveimur fundum með endurskoðendum félaga (janúar 2013 og janúar 2014).

Jákvæð eiginfjárstaða

Krafa er gerð um jákvæða eiginfjárstöðu. Grunnreglan er sú að félag sem er með / lendir í neikvæðri eiginfjárstöðu fær tvö ár til að bæta úr því. Aukaaðlögun í byrjun: Leyfisumsækjandi með verulega neikvæða eiginfjárstöðu (meira en 10% af knattspyrnulegum rekstrartekjum) getur fengið tveggja ára auka aðlögun að forsendunni, en þarf að sýna fram á bættu stöðu eftir tvö ár (lækkun um

40%) til að fá það. Gildir til loka leyfisárs 2017.

Hámarksskuldabyrði

Heildarskuldir og skuldbindingar mega ekki vera hærri en 50% af meðaltali af knattspyrnulegum rekstrartekjum yfir 3 undangengin ár. Grunnreglan er sú að félag sem fer yfir hámarksskuldabyrði fær tvö ár til að bæta úr því. Aukaaðlögun í byrjun: Leyfisumsækjandi með skuldabyrði sem er meira en 60% í upphafi, getur fengið tveggja ára aukaaðlögun að forsendunni, en þarf a.m.k að halda í horfinu fyrstu tvö árin til að fá það. Gildir til loka leyfisárs 2017.

•••••

ANNÆÐ

ALÞJÓÐADAGUR SJÁLFBÓÐALIÐANS

Fimmtudaginn 5. desember 2013 var alþjóðadagur sjálfbóðaliðans haldinn hátíðlegur. Starfsemi íþróttahreyfingarinnar byggist að stórum hluta á vinnu sjálfbóðaliða. Fjöldi fólks hefur lagt íþróttahreyfingunni lið með því að sitja í nefndum, ráðum eða vinnuhópum, tekið þátt í foreldrastarfi eða aðstoðað við framkvæmd móta eða kappleikja.

- 157.686 Íslendingar eru félagar í a.m.k. einu íþróttafélagi innan ÍSÍ eða um 49,3% landsmanna.
- Um 25.000 einstaklingar eru sjálfbóðaliðar í stjórnun, ráðum og nefndum innan íþróttahreyfingarinnar
- Enn fleiri sjálfbóðaliðar koma að skipulagningu á kappleikjum, mótum og foreldrastarfi.

Nýverið var tekinn í notkun sjálfbóðaliðavefurinn „Allir sem einn“. Megin markmiðið með vefnum er að skapa vettvang fyrir sjálfbóðaliða til þess að halda utan um sitt framlag hvort sem það er unnið í þágu íþróttahéraða, sérsambanda, félagsliða eða ÍSÍ. Einnig er markmiðið að fá yfirsýn yfir það fjölbreytta starf sem sjálfbóðaliðar vinna innan íþróttahreyfingarinnar. Knattspyrnuhreyfingin er hvött til að fara inn á vef ÍSÍ og skrá inn sitt vinnuframlag. Með því móti eru störf sjálfbóðaliða innan íþróttahreyfingarinnar gerð sýnilegri.

ALBERT GUÐMUNDSSON INN Í HEIÐURSHÖLL ÍSÍ

Á 71. íþróttapiangi ÍSÍ, sem fram fór í apríl, var nöfnum þriggja einstaklinga bætt inn í Heiðurs-

höll ÍSÍ. Þeirra á meðal var Albert Guðmundsson og er hann fyrstur knattspyrnumanna sem hlýtur þessa viðurkenningu. Styttu til minningar um Albert var afhjúpuð fyrir framan höfuðstöðvar KSÍ í febrúar árið 2010 og í ávarpi við það tilefni sagði formaður KSÍ, Geir Þorsteinsson, meðal annars:

"Albert Guðmundsson varð fyrsti íslenski atvinnumaðurinn í knattspyrnu þegar hann skrifaði undir samning við franska 1. deildarfélagið Nancy 29. júlí 1947. Þegar horft er yfir knattspyrnusöguna er Albert að margra mati fremsti knattspyrnumaður Íslands frá upphafi og sá sem lengst hefur náð. Albert ólst upp hjá Val, en lék síðar með ÍBH þegar hann snéri heim úr atvinnumennsku. Ferill Alberts erlendis er einkar glæsilegur – hann lék með Glasgow Rangers í Skotlandi, Arsenal í Englandi, Nancy í Frakklandi, AC Milan á Ítalíu, Racing Club í Frakklandi og að síðustu Nice í Frakklandi. Albert var formaður KSÍ 1968-1973 og býr knattspyrnuhreyfingin enn að störfum hans á þeim vettvangi."

AFMÆLISFÉLÖG

Nokkur aðildarfélög KSÍ fögnuðu stórum afmælum á árinu 2013 og vitanlega var haldið upp á þessa áfanga á viðeigandi hátt.

Reykjavíkurfélögin Leiknir og Fjölnir fögnuðu afmælum sínum á árinu, Leiknismenn áttu 40 ára afmæli og Fjölnismenn urðu 25 ára. Tvö önnur félög í Reykjavík fögnuðu risaafmælum, Fram og Víkingur, en bæði félög urðu 105 ára, og eru á meðal elstu íþróttafélaga landsins. KA og Víkingur Ólafsvík voru bæði stofnuð árið 1928 og héldu því upp á 85 ára afmæli á árinu sem leið. UMF Njarðvíkur fagnar 70 ára afmæli sínu á árinu 2014, en knatt-

spyrnudeild Njarðvíkinga var stofnuð árið 1968 og varð því 45 ára á árinu sem leið. Íþróttafélagið Huginn á Seyðisfirði fagnaði aldarafmæli sínu, 100 árum af öfluglu starfi, og UMF Grundarfjarðar fagnaði 80 ára afmæli. Síðast en ekki síst er Knattspyrnufélagið Afríka, sem hélt upp á 20 ára afmælið sitt – 10 ár í utandeildinni og 10 ár í deildarkeppni Íslandsmótisins.

RAFÆNAR LEIKSKRÁR

Nokkuð langt var um liðið síðan gefin hafði verið út leikskrá fyrir landsleik, þegar ákveðið var að ráðast í vinnu við leikskrá fyrir tvo landsleiki á liðnu hausti - fyrir síðasta heimaleik A landsliðs karla í undankeppni HM 2014 og svo fyrir umspilsleikinn við Króatíu. Þær leikskrár sem gefnar voru út voru þó óhefðbundnar að því leytnu til að þær voru rafrænar, þ.e. eingöngu gefnar út á vefnum en ekki í prentuðu formi. Fjallað var um viðkomandi leik, liðið og möguleika þess, auk þess sem fjallað var um einstaka leikmenn og verkefni annarra landsliða. Þess utan var í vefskránum að finna mikilvægar upplýsingar um Laugardalsvöllinn, aðkomu að vellinum, bílastæði og fleira. Útgáfan var vel lukkuð og á annað þúsund manns skoðuðu hvora vefskrá um sig.

BLÁSIÐ TIL SÓKNAR Á SAMFÉLAGSMIÐLUM

Á haustmánuðum blés KSÍ til sóknar á samskipta- og samfélagsmiðlum. Facebook er sá samfélagsmiðill sem hefur náð hvað mestri fótfestu hér á landi. Facebook-síðu KSÍ er ætlað að ná til þeirra einstaklinga sem eru að öllu jöfnu ekki á meðal notenda

ksi.is. Átak í fjölgun fylgjenda gekk mjög vel og fjölgaði þeim sem fylgjast með síðunni úr 7.500 í 10.500 á skömmum tíma. Áhugavert efni var sett inn í meiri mæli og gagnvirkni við fylgjendur aukin. Allt skilaði þetta sér í afar jákvæðum viðbrögðum. Eins og þeir sem þekkja til samfélagsmiðla vita geta notendur slíkra miðla átt samskipti sín á milli og við stjórnendur viðkomandi miðils á opinn og frjálsgan hátt. Hvatt hefur verið til þess og hefur árangurinn verið afar jákvæður.

Þá var settur meiri kraftur í Youtube-rás KSÍ og ýmsu efni fleytt þar inn - auglýsingum, viðtölum og ýmsu öðru áhuga-verðu efni, sem jafnframt er nýtt til að styrkja Facebook-síðuna með því að birta t.a.m. viðtöl þar sem sótt eru á Youtube-rásina.

Loks opnaði KSÍ Twitter-aðgang, þar sem tístað er um ýmislegt efni sem tengist starfsemi KSÍ og átt í opnum og frjálsgum samskiptum við aðra notendur Twitter, sér í lagi fylgjendur KSÍ-aðgangsins, sem eru nú orðnir yfir eitt þúsund talsins.

Á ksi.is er að finna gríðarlega mikið af upplýsingum um alla meginþætti í starfsemi KSÍ, öll mót á vegum KSÍ, KRR-mót, Faxaflóamót, félagaskipti, samninga leikmanna, alla landsleiki og landsliðsmenn frá upphafi, öll eyðublöð, lög og reglugerðir, upplýsingar um leyfiskerfið, fræðslumál og margt fleira. Allar upplýsingar sem skráðar eru í mótakerfi KSÍ uppfærast sjálfkrafa á vefnum og er áhugasömum þannig gert kleift að fylgjast grannt með öllu sem gerist. Aðildarfélög sjá um að skrá úrslit og leikskýrslur úr heimaleikjum sínum í gegnum aðgang sinn að vefnum og á þetta við um alla leiki í öllum aldurs-

flokkum. Þannig þjónusta félögin alla sína félagsmenn með öflugri og hraðvirkri skráningu á upplýsingum, sem auðvelt aðgengi er að. Hægt er að skoða alla landsleiki Íslands frá upphafi á vefnum, auk úrslita annarra leikja í undankeppnum stórmóta og stöðutafna.

Myndavefur er aðgengilegur af forsiðu ksi.is og veitir knattspyrnuáhugafólki auðveldan aðgang að myndasafni KSÍ, sem telur tugþúsundir mynda frá ýmsum skeiðum íslenskrar knattspyrnusögu. Með þessu er KSÍ að svara vaxandi eftirspurn eftir myndefni úr landsleikjum og frá öðrum viðburðum úr starfi sambandsins.

TRÚNAÐARSTÖRF HJÁ UEFA OG FIFA

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, starfaði á árinu sem annar varaformanna í nefnd UEFA um mót landsliða sem m.a. sér um skipulagningu á úrslitakeppni EM karlalandsliða, ásamt því að vera í sérstökum starfshópi um markaðsmál fyrir undankeppnir stórmóta A landsliða karla. Þá er Geir einnig í nefnd FIFA sem skipuleggur úrslitakeppni HM U20 landsliða karla, en þess má geta að síðasta úrslitakeppni fór einmitt fram í Tyrklandi á árinu 2013. Lúðvík Georgsson, stjórnarmaður KSÍ og formaður leyfisráðs, er í leyfisnefnd UEFA, Guðrún Inga Sívertsen, gjaldkeri KSÍ, er í nefnd UEFA um kvenna-knattspyrnu og loks er Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, í nefnd UEFA um fjölmiðlamál. Viðar Halldórsson og Jónas Kristinsson eru fulltrúar Íslands í samtökum evrópskra knattspyrnufélaga (European Club Association - ECA), en þau samtök hafa það hlutverk að gæta

hagsmuna knattspyrnufélaga innan UEFA.

KSÍ á einnig sína fulltrúa á meðal alþjóðlegra eftirlitsmanna og dómaraeftirlitsmanna. Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, Klara Bjartmarz, skrifstofustjóri KSÍ, Guðmundur Pétursson, Eggert Magnússon, Vignir Már Þormóðsson, stjórnarmaður KSÍ, og Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, störfuðu sem eftirlitsmenn á ýmsum leikjum á vegum UEFA og FIFA á árinu. Gylfi Þór Orrason, varaformaður KSÍ, Eyjólfur Ólafsson, Pjetur Sigurðsson, Sigurður Hannesson og Ingi Jónsson störfuðu sem dómaraeftirlitsmenn. Þá starfaði Gunnar Gylfason, starfsmaður KSÍ, sem vettvangsstjóri UEFA (Venue Director) á leikjum í Meistaradeild og Evrópudeild UEFA, og Ómar Smárason, starfsmaður KSÍ, starfaði sem UEFA-fjölmiðlafulltrúi (UEFA Media Officer), einnig á leikjum í Meistara- og Evrópudeild. Störfuðu þessir aðilar á fjölda leikja víðsvegar um Evrópu. KSÍ hefur kappkostað að vera virkt í innra starfi hjá UEFA og FIFA og er þessi þátttaka í alþjóðlegum verkefnum viðurkenning á því starfi.

STYRKUR ÚR AFREKSSJÓÐI ÍSÍ

KSÍ fékk á árinu úthlutað úr afrekssjóði ÍSÍ kr. 7.000.000 vegna verkefna A-landsliðs kvenna og þátttöku þess í úrslitakeppni EM 2013. Þá var KSÍ úthlutað kr. 600.000 úr styrktarsjóði ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna vegna U19 kvenna. Jafnframt var KSÍ úthlutað kr. 100.000 úr sjóðnum vegna fræðslu og fagteymis U19 kvenna.

KÆRUR - ÚRSKURÐIR

Alls tók aga- og úrskurðarnefnd fyrir 5 kærur á árinu. Tvær kærurnar voru vegna leikja í meistaraflokki karla, þar af önnur í Íslandsmóti, ein vegna leiks í keppni 40 ára karla og eldri, ein vegna leiks í 2. flokki kvenna og ein vegna leiks í 3. flokki karla. Tvö mál fóru fyrir áfrýjunardómstól KSÍ eftir venjubundna úrskurði aga- og úrskurðarnefndar.

Úrskurðað var vegna leiks Fjöltnis og KR í Reykjavíkurmóti mfl. kvenna, þar sem Fjöltnir taldi lið KR hafa verið ólöglega skipað í leiknum og lagði fram kæru. Fjöltni var dæmdur 3-0 sigur í leiknum og KR jafnframt gert að greiða sekt.

Fylkir lagði fram kæru á hendur Gróttu á grundvelli þess að ekki voru aðstoðardómarar á leiknum. Aga- og úrskurðarnefnd úrskurðaði að úrslit leiksins skyldu standa óhöggud.

Breiðablik lagði fram kæru vegna leiks gegn KR á Íslandsmóti flokks 40 ára og eldri, þar sem Blikar töldu KR-inga hafa teft fram ólöglegum leikmönnum. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur Breiðabliks, dæmdi þeim 3-0 sigur í leiknum og gerði jafnframt KR að greiða sekt.

Tindastóll kærði Gróttu þar sem fyrrnefnda liðið taldi Seltirninga hafa teft fram ólöglegum leikmanni í viðureign liðanna á Íslandsmóti 3. flokks karla. Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur kæranda, dæmdi Tindastóli 3-0 sigur í leiknum og gerði Gróttu jafnframt að greiða sekt.

Loks lögðu Vatnaliljur fram kæru vegna leiks við Ými á Íslandsmóti meistaraflokks karla. Vatnaliljurnar töldu mótherja sína hafa teft fram ólöglegum leikmanni.

Aga- og úrskurðarnefnd féllst á kröfur þeirra, dæmdi félaginu 3-0 sigur og gerði jafnframt Ými að greiða sekt.

Í tveimur tilfellum var reglu- bundnum úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar áfrýjað til áfrýjunardómstóls KSÍ.

Haukar áfrýjuðu úrskurði um 5 leikja bann leikmanns í 2. flokki karla til áfrýjunardómstóls KSÍ, sem staðfesti niðurstöðu aga- og úrskurðarnefndar.

Fylkir áfrýjaði úrskurði aga- og úrskurðarnefndar um sekt vegna framkomu starfsmanna félagsins í leik í Pepsi-deild karla til áfrýjunardómstóls KSÍ, en dómstóllinn staðfesti niðurstöðu aga- og úrskurðarnefndar.

ALLTAF Í BOLTANUM MEÐ KSÍ

KSÍ hefur síðan 2006 verið í samstarfi við öflug fyrirtæki undir yfirskriftinni *Alltaf í boltanum með KSÍ*. Samningar þessir fela í sér í aðalatriðum að fyrirtækin voru sýnileg í allri starfsemi KSÍ. Fyrirtæki þessi eru Borgun, Coca-Cola (Vífílfell), Icelandair, Íslenskar getraunir og Landsbankinn. Þá átti KSÍ samstarf á árinu við Sjóvá, Guðmund Jónasson, Ísspor, Öskju, Icelandair Hotels, Bakarameistarann, Odda, Miða.is, Errea (Safalinn) og fleiri þjónustufyrirtæki.

Helstu samstarfsaðilar KSÍ hafa, í gegnum þessa samninga og með aðstoð KSÍ, verið öflugir í því að virkja kostunina og vinna verkefni sem miða að því að bæta upplifun stuðningsmanna landsliða á kringum landsleiki og á leikjunum sjálfum. Sem dæmi má nefna *Baksviðspassa Lengjunnar*, þar sem heppnir Lengjuspilarar fá tækifæri til að fylgjast með lokaundirbúningi landsleiks á

Laugardalsvelli og komast þannig nær framkvæmd viðburðarins og lykilmönnum hans (leikmönnum og þjálfurum) en almennt gengur og gerist.

SAMSTARF KSÍ OG ÍTF FORMLEGA STAÐFEST

Yfirlýsing um samstarf milli Knattspyrnusambands Íslands og Íslensks toppfótbolta (ÍTF) var undirrituð í höfuðstöðvum KSÍ í lok nóvember. Það voru þeir Geir Þorsteinsson formaður KSÍ og Almar Guðmundsson formaður ÍTF sem undirrituðu yfirlýsinguna. Með þessu er samstarf KSÍ og ÍTF staðfest með formlegum hætti og gildir yfirlýsingin fyrir árin 2014 og 2015. Markmiðið með yfirlýsingunni er að vinna að framgangi íslenskrar knattspyrnu og sér í lagi að efla efstu deild karla. Í samstarfsyfirlýsingunni felst meðal annars samráð um niðurröðun leikja, samningsgerð við samstarfsaðila vegna efstu deildar karla og bikarkeppni karla, sem og sölu útsendingarréttar frá þessum mótum. Í yfirlýsingunni er kveðið á um fjárhagslegar skuldbindingar aðila á milli.

ÍTF eru hagsmunasamtök félaga í efstu deild karla í knattspyrnu. Félög sem eiga rétt á að leika í efstu deild karla hverju sinni geta verið aðilar að samtökunum. Félög sem falla úr efstu deild og leika í 1. deild eiga rétt á aukaaðild að ÍTF í eitt ár.



FJÁRMÁL

Þessi kafli fjallar í samanteknu máli um heildarfjármagn sem fer til íslenskra félaga í gegnum KSÍ og UEFA. Þegar þær greinar sem koma hér á eftir eru teknar saman kemur í ljós að rúmlega 500 milljónir króna renna beint til aðildarfélaga KSÍ. Í þessari tölu er þó t.a.m. ekki tekið tillit til yfirtöku KSÍ á kostnaði félaga við ferðir og upphald dómara.

93 MILLJÓNIR KRÓNA TIL BARN- OG UNGLINGASTARFS

Hluti þeirra tekna sem UEFA hafði af Meistaradeildinni keppnistímabilið 2012/2013 rann til félaga í öllum aðildarlöndum UEFA til eflingar knattspyrnu barna- og unglunga, samkvæmt ákvörðun UEFA sem tilkynnt var um í nóvember. Uppgjör vegna Meistaradeildarinnar sem lauk vorið 2013 fór fram um haustið og fengu íslensk félög um 47 milljónir króna í sinn hlut til barna- og unglingastarfs. UEFA setti eftirfarandi skilyrði fyrir greiðslu sinni:

- 1) Greiðslan færi í gegnum viðkomandi knattspyrnusamband.
- 2) Aðeins félög sem léku í efstu deild og uppfylltu lágmarkskröfur leyfiskerfis viðkomandi knattspyrnusambands varðandi barna- og unglingastarf gætu fengið greiðslu.
- 3) Fjárhæðin skiptist á milli félaganna samkvæmt ákvörðun stjórnar viðkomandi knattspyrnusambands.
- 4) Félög sem tóku þátt í Meistaradeild UEFA 2012/2013 skyldu ekki fá hlutdeild í þessari greiðslu.

Í samræmi við ofangreind skilyrði staðfesti stjórn KSÍ að framlag UEFA rynni til þeirra félaga sem léku í Pepsi-deild

karla árið 2013, en í þeirri deild hefur KSÍ innleitt leyfiskerfi (m.a. kröfur um samþykkt áætlun um uppeldisstarf).

Stjórn KSÍ samþykkti jafnframt að leggja til um 46 milljónir króna til viðbótar sem skiptist á milli aðildarfélaga í öðrum deildum og utan deilda, en skipting á framlagi til barna- og unglíngastarfs var þá með þeim hætti að félög úr Pepsi-deild fengu kr. 3.875.000 (sem er fyrrgreint framlag UEFA), félög úr 1. deild fengu kr. 1.600.000, félög í 2. deild karla fengu kr. 1.100.000 hvert, önnur félög í deildarkeppni kr. 800.000 og félög utan deildarkeppni kr. 250.000. Úthlutun var háð því að félög hafi haldið úti starfsemi í yngri flokkum og urðu félög utan deildarkeppni og félög sem ekki héldu úti starfsemi hjá báðum kynjum að sækja sérstaklega um framlag. Samþykkt stjórnar KSÍ byggði á samráði við aðildarfélögin og almennri sátt um skiptingu fjármunanna.

Greiðslan til félaganna var skilyrt þannig að hún skyldi renna óskipt til eflingar knattspyrnu barna og unglínga frá yngstu iðkendum til og með 2. aldursflokks karla og kvenna. Samtals var því framlag til barna- og unglíngastarfs fyrir árið 2013 um 93 milljónir króna.

UM 270 MILLJÓNIR VEGNA ÞÁTTTÖKU Í UEFA-KEPPNUM

Þau íslensku félög sem tóku þátt í UEFA-keppnum 2013 fengu í sinn hlut samtals um 265 milljónir króna. FH fékk um 119 milljónir (725.000 evrur) fyrir Íslandsmeistaratitilinn 2012, þátttöku í forkeppni Meistaradeildar UEFA, (UEFA Champions League), og þátttöku í umspili um sæti í riðlakeppni Evrópudeildar UEFA. KR og ÍBV fengu um 41 milljón

hvort félag fyrir þátttöku í forkeppni Evrópudeildar UEFA (UEFA Europa League) og Breiðablik um 64 milljónir, einnig fyrir þátttöku í forkeppni Evrópudeildar UEFA. Kvennalið Þórs/KA fékk svo um 4,5 milljónir króna (27.500 evrur) vegna þátttöku í 32 liða úrslitum UEFA Meistaradeildar kvenna (UEFA Women's Champions League).

FRAMLAG UEFA 725 MILLJÓNIR

Hér að framan hefur verið greint frá framlögum UEFA til íslenskra félagsliða, en þau námu alls um 317 milljónum króna. Þá er ótalið framlag UEFA til KSÍ að upphæð 408 milljónir króna. Þetta gerir því alls um 725 milljónir króna, sem sýnir hversu öflugur stuðningur UEFA er við aðildarsambönd sín.

UNDANKEPPNI EM 2016 OG HM 2018 Á RÚV

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á fyrirkomulagi sjónvarps- og markaðsréttinda A-landsliða karla frá og með undankeppni EM 2016. Í stað þess að hvert og eitt knattspyrnusamband selji þessi réttindi hafði UEFA yfirumsjón með sölu réttindanna fyrir hönd aðildarsambandanna og er það svipað fyrirkomulag og unnið er eftir í Meistaradeild UEFA og Evrópudeild UEFA (*Centralized Marketing*). Þessi breyting var gerð með samþykki aðildarlanda UEFA og miðar ekki síst að því að tryggja tekjur minni knattspyrnusambandanna af sjónvarpsréttindum. Samkomulag um þessa breytingu gildir fyrir undankeppni EM 2016, eins og greint er frá hér að ofan, og fyrir undankeppni HM 2018. Réttindin voru seld til Sambands evrópskra

sjónvarpsstöðva (EBU) og því munu leikir Íslands í þessum keppnum verða sýndir á RÚV.

125 MKR FYRIR SJÓNVARPS- OG MARKAÐSRÉTTINDI

Félög í Pepsi-deild og Borgunarbikar fengu sérstakar greiðslur fyrir sjónvarps- og markaðsréttindi samkvæmt samningi Sportfive og KSÍ, samtals að upphæð um 125 milljónir króna. Meginhlutinn, eða 103 milljónir króna var vegna Pepsi-deilda, en 22 milljónir vegna Borgunarbikars. Innifalið í þessum tölum er verðlaunafé samkvæmt töflunni hér fyrir aftan.

Pepsi-deild karla		
Sæti	Félag	Upphæð
1	KR	1.000.000
2	FH	700.000
3	Stjarnan	500.000
4	Breiðablik	300.000
5	Valur	300.000
6	ÍBV	300.000
7	Fylkir	300.000
8	Þór	300.000
9	Keflavík	200.000
10	Fram	200.000
11	Víkingur Ó.	200.000
12	ÍA	200.000
		4.500.000

Borgunarbikar karla		
Sæti	Félag	Upphæð
1	Fram	1.000.000
2	Stjarnan	500.000
3-4	Breiðablik	300.000
3-4	KR	300.000
5-8	Fylkir	200.000
5-8	Grótta	200.000
5-8	ÍBV	200.000
5-8	Víkingur R.	200.000
9-16	Bí/Bolungarvík	137.500
9-16	FH	137.500
9-16	ÍA	137.500
9-16	Leiknir R.	137.500
9-16	Magni	137.500
9-16	Sindri	137.500
9-16	Tindastóll	137.500
9-16	Víkingur Ó.	137.500
		4.000.000

Pepsi-deild kvenna		
Sæti	Félag	Upphæð
1	Stjarnan	1.000.000
2	Valur	700.000
3	ÍBV	500.000
4	Þór/KA	300.000
5	Breiðablik	300.000
6	Selfoss	300.000
7	FH	300.000
8	Afturelding	300.000
9	HK/Víkingur	200.000
10	Þróttur R.	200.000
		4.100.000

Borgunarbikar kvenna		
Sæti	Félag	Upphæð
1	Breiðablik	1.000.000
2	Þór/KA	500.000
3-4	Fylkir	300.000
3-4	Stjarnan	300.000
		2.100.000

STYRKIR TIL LEYFIS- UMSÆKJENDA 22,2 MKR

Stjórn KSÍ ákvað á fundi sínum í október 2012 að greiða öllum 24 félögunum sem undirgengust leyfiskerfi KSÍ fyrir keppnistímabilið 2013 styrk fyrir vinnu við undirbúning leyfisumsókna sinna. Ákveðið var að greiða hverju félagi í Pepsi-deild karla kr. 1.000.000 og í 1. deild kr. 750.000, sem greiddist í tveimur hlutum.

Haustið 2013 samþykkti stjórnin síðan, samkvæmt samkomulagi við ÍTF, að hækka þennan styrk í leyfisferlinu fyrir keppnistímabilið 2014 til félaga í Pepsi-deild í kr. 1.100.000. Felög í 1. deild karla fá áfram greiddar kr. 750.000. Fjárhæðinni er fyrst og fremst ætlað að standa undir þeim kostnaði sem félögin verða fyrir vegna endurskoðunar og gerðar ársreikninga félaganna. Heildarupphæð þessara styrkja

er því kr. 22.200.000 vegna leyfisumsókna fyrir keppnistímabilið 2014.

ÚTGJÖLD VEGNA DÓMGÆSLU 101 MILLJÓN KR

Útgjöld KSÍ vegna dómgæslu fór yfir hundrað milljónir í fyrsta sinn á árinu 2013 og var alls 101 milljón króna. Þessi liður hefur því hækkað um 13 milljónir króna á tveimur árum og þess má jafnframt geta að árið 2008 var þessi tala tæpar 50 milljónir króna og þar af greiddu félögin tæpar 13 milljónir vegna ferða og upphalds dómara. Kostnaður vegna dómgæslu hefur því vaxið mikið á síðustu árum. Stærstu liðirnir í ár, eins og áður, voru ferðakostnaður, laun og tengd gjöld, um 91 milljón króna.

Eins og fyrri ár ákvað stjórn KSÍ að sambandið myndi taka yfir ferða- og upphaldskostnað dómara fyrir árið 2013 í öllum deildum beggja kynja og í leikjum Borgunarbikarsins. Þar með var ljóst að niður féllu öll gjöld í jöfnunarsjóði sem gerð er krafa um í þátttökutilkynningum mfl., sem og allar slíkar greiðslur til dómara af hálfu aðildarfélaga á vettvangi í þeim keppnum þar sem það fyrirkomulag hefur verið viðhaft. Við þetta lækkaði kostnaður félaganna um hátt í 58 milljónir króna.

GÓÐUR ÁRANGUR LANDSLIÐA LEIÐIR TIL AUKINNA ÚTGJALDA

Rekstrartekjur KSÍ á árinu 2013 námu 972 milljónum króna

samanborið við 842 milljónir króna á árinu 2012. Hækkun rekstrartekna skýrist fyrst og fremst af auknu framlagi frá UEFA og auknum sjónvarps-tekjum. Rekstrarkostnaður KSÍ var um 928 milljónir króna og var umtalsvert hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Ástæður þess eru fyrst og fremst aukinn kostnaður við landsliðsverkefni sem voru mun fleiri á árinu en gert var ráð fyrir, auk þess sem móta- og fræðslu-kostnaður varð meiri vegna aukinnar starfsemi.

Rekstrarhagnaður ársins nam tæpum 44 milljónum króna, en áætlanir gerðu ráð fyrir 60 milljónum króna hagnaði. Að teknu tilliti til fjármagnsliða var hagnaður af starfsemi KSÍ 57 milljónir króna.

Styrkir og framlög til aðildarfélaga á árinu námu 85 milljónum króna vegna barna- og unglingsstarfs, leyfiskerfis og fleira. Samþykkt áætlun gerði ráð fyrir styrkjum og framlögum að fjárhæð 78 milljónum. Að teknu tilliti til styrkja og framlaga til aðildarfélaga var því tap á rekstinum að upphæð 28 milljónir króna.

Fjárhags- og eignastaða KSÍ er traust við áramót og lausafjárstaða góð. Handbært fé lækkar á milli ára og var í árslok 2013 um 299 milljónir króna. Eignir námu 762 milljónum króna. Eigið fé KSÍ var ríflega 200 milljónir króna í árslok.